PÉTUR ÓLAFUR AÐALGEIRSSON
*Stundar bogfimi, karate og klettaklifur*
• heilsa
ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS



KARL BERNDSEN
*Förðunarmeistari í útrás í Evrópu*
Gefur út kennslumyndband í förðun
FÓLK 26



Tilboðsbæklingur fylgir Fréttablaðinu í dag
A4 Skrifstofa og skóli
Smáratorgi
Glerárgötu 34
www.a4.is




# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

18. ágúst 2009 — 194. tölublað — 9. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Sími: 512 5000


## ÞRIÐJUDAGUR

### Uppskerutíð



Þessa dagana er uppskerutími í Skólagörðum Reykjavíkur, en rúmlega 600 krakkar hafa ræktað grænmeti þar í sumar.

TÍMAMÓT 16

### Mikilvægt fólk

„Lögreglan hefur uppskorið almenna virðingu vegna viðbragða við skrílslátum og ofbeldi síðustu missera," skrifar Jónína Michaelsdóttir.

Í DAG 14

### Frí til að lesa bækur



Númi Thomasson hættir að kokka á Segurmo.

FÓLK 26

### Fylkir í annað sætið



Fylkir hafði sætaskipti við KR er liðið vann sætan sigur í Vesturbænum.

ÍÞRÓTTIR 22

### VEÐRIÐ Í DAG




**BJART NORÐAUSTAN TIL** Í dag verða austan 5-10 m/s en allt að 20 m/s úti við suðurströndina. Bjart með köflum norðan og austan til en þykknar upp syðra og fer að rigna síðdegis eða í kvöld. Milt.

VEÐUR 4

# Uppsagnir og niðurskurður fram undan

**Alþingi mun ekki koma að fjárlagagerð nema sem hefðbundnu frumvarpi í október. Ríkisstjórn hefur ekki rætt málið síðan í júní. Búast má við uppsögnum.**

**EFNAHAGSMÁL** Innan ráðuneytanna er unnið að tillögum um hvernig skorið verður niður í fjárlagafrumvarpi næsta árs. Stefnt er að því að ná inn tekjum eða skera niður fyrir um 56 milljarða árið 2010.

Hugmyndir voru uppi um að þingið hefði sterka aðkomu að fjárlagagerðinni, en nú er stefnt að því að slíta þingi að lokinni afgreiðslu á ríkisábyrgð vegna Icesave. Þing kemur ekki saman aftur fyrr en í október og þá verður fjárlagafrumvarpið lagt fram. Þá verður einnig lagt fram frumvarp til fjáraukalaga, en stoppa á í 22 milljarða gat með því.

Fjárlaganefnd vann í sumar ramma fyrir fjárlagavinnuna og segir Guðbjartur Hannesson, formaður hennar, að þar hafi forsendur verið unnar fyrir árið 2010. Samkvæmt forskriftinni á að skera niður um fimm prósent í velferðarþjónustu, sjö prósent í menntastofnunum og tíu prósent í stjórnsýslu- og eftirlitsstofnunum.

Málið er þó ekki svo einfalt og til dæmis verður skorið niður um allt að tíu prósent í ýmsum stofnunum heilbrigðisráðuneytisins. Alls nemur niðurskurður þar rúmlega sex prósentum og er nokkur urgur innan heilbrigðisgeirans.

Undirstofnanir ráðuneyta hafa unnið að tillögum um hvar megi skera niður. Ljóst er að segja verður upp starfsfólki; hve mörgum kemur í ljós í október. Málið hefur ekki verið rætt í ríkisstjórn síðan í júní.

Guðbjartur segir að fjárlaganefnd muni fylgjast með fjárlagagerðinni nú. „Við munum kíkja yfir öxlina á þeim." **- kóp**




**HRAÐASTJÓRI Í STARTHOLUNUM** Reykjavíkurmaraþon verður haldið á Menningarnótt. Meðal nýjunga nú er að í tíu kílómetra hlaupinu verða hlaupastjórar, eða hérar, og er Jóhanna Eiríksdóttir einn þeirra. Blöðrurnar sýna þann tíma sem hver héri mun hlaupa vegalengdina á. Hægt er að skrá sig á netinu til miðnættis á morgun en lengur í Laugardalshöll. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Bið verður á því að allir nemendur komist að á frístundaheimilum í Reykjavík:

# Illa gengur að manna störfin

**MENNTAMÁL** Einhver bið verður á því að allir foreldrar barna sem sóttu um pláss á frístundaheimilum Reykjavíkurborgar fái pláss fyrir börn sín. Yfirmaður frístundaheimilanna segir koma á óvart hversu erfitt sé að manna stöður.

„Þetta er að saxast inn, en okkur vantar enn um 100 starfsmenn," segir Soffía Pálsdóttir, skrifstofustjóri tómstundamála hjá Íþrótta- og tómstundaráði borgarinnar.

Borginni bárust um 2.700 umsóknir um pláss á frístundaheimilum í haust. Soffía segir óljóst hversu margir þurfi að bíða eftir að komast að, en fyrsti skóladagur er á mánudag. Hún er ekki bjartsýn á að það takist að manna allar stöður fyrir mánudag, en það eigi ekki að taka langan tíma.

Fjöldi umsókna um pláss á frístundaheimilum er svipaður og í fyrra, sem kemur á óvart, segir Soffía. Það sýni að foreldrar forgangsraði með hag barna sinna í fyrirrúmi þrátt fyrir erfitt efnahagsástand. Flestir sem sæki um pláss óski eftir vistun alla daga vikunnar, en búast hefði mátt við því að fleiri sæktu um færri daga í viku í sparnaðarskyni. **- bj**

Dansnámskeið fyrir fullorðna:

# Kenna Michael Jackson-dansa á komandi vetri

**FÓLK Ýmissa grasa gætir í danskennslu í vetur og aukin eftirspurn hefur verið eftir ballettkennslu fyrir „fullorðna" fólkið sem gengið hefur með ballerínudraum í maganum lengi.**

**Listdansskólinn í Hafnarfirði og Ballettskóli Guðbjargar Björgvinsdóttur bjóða báðir upp á námskeið fyrir ballettdansara sem vilja rifja upp gamla takta eða eru að stíga sín fyrstu skref og er aldur þátttakenda allt frá 25 ára upp í nærri sextugt. Dansskóli Birnu Björnsdóttur býður einnig upp á „freestyle"-námskeið fyrir sama aldur og á því námskeiði geta gamlir Michael Jackson-aðdáendur meðal annars lært spor kóngsins.** - jma / sjá Allt í miðju blaðsins

Fjármálaráðherra um Icesave:

# Reiknar ekki með nýjum samningum

**ALÞINGI** Engin ástæða er til að gefa sér að Íslendingar þurfi að fara í nýjar samningaviðræður vegna Icesave, sagði Steingrímur J. Sigfússon á Alþingi í gær. Hann vonar að svo fari ekki.



STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON

Steingrímur hafði fengið fyrirspurn frá Gunnari Braga Sveinssyni framsóknarmanni um hvort erlendir sérfræðingar yrðu fengnir í slíkar viðræður eða hvort nefnd undir stjórn Svavars Gestssonar yrði fengin aftur. Steingrímur sagðist ekki vilja fara út í slíkar hugleiðingar og sagði að það væru ekki góð skilaboð að senda til útlanda, önnur en að unnið væri að lausn málsins. Hann áréttaði að nefnd Svavars hefði haft erlenda sérfræðinga sér til ráðgjafar. **- kóp**

Hummus
Frábær ídýfa með stökku grænmeti, einnig ljúffengt á brauð og kex.




í e1num grænum

ostur.is
Grill og ostur
– ljúffengur kostur!



Vertu hjá Byr og sparaðu helling
Fjárhagsleg heilsa
fyrir námsmenn

Sparaðu þúsundir króna með Byr námsmönnum

| | | |
|---|---|---|
| 150 fríar færslur | Sparar | 1.950 kr. |
| Frítt debetkort | Sparar | 370 kr. |
| Frítt kreditkort | Sparar | 1.999 kr. |
| Frítt World for 2 kort fyrsta árið | Sparar | 4.500 kr. |
| Samtals sparnaður: | Sparar | 8.819 kr. |

BYR SPARISJÓÐUR
Fjárhagsleg heilsa er betra líf!

## SPURNING DAGSINS



*Einar, voru þeir kannski bara með málæði?*

„Þeir höfðu lítið til málanna að leggja."

Það gæti haft áhrif á stöðu Framsóknar ef allir aðrir flokkar standa saman að Icesave-málinu, segir Einar Mar Þórðarson stjórnmálafræðingur. Hann telur að með þessu hafi flokkurinn málað sig út í horn.

Lögreglumaður segir minni háttar innbrot og líkamsárásir fá að sitja á hakanum:

# Ekki fleiri skútumál í bráð

**LÖGREGLUMÁL** „Það verða ekki fréttir af smyglskútum í fjölmiðlum næstu ár," skrifar formaður Lögreglufélags Austurlands á vef félagsins. Til að lögregla komi upp um slík mál í framtíðinni þurfi að vera starfhæf lögregla í landinu, og stjórnvöld virðist stefna að því að svo verði ekki.

Mikið hefur verið skorið niður í fjárframlögum til lögreglu á undanförnum árum, og hagræðingarkröfur nú koma þegar auka þyrfti verulega framlög til lögreglu, ekki draga úr þeim, skrifar Óskar Þór Guðmundsson, formaður Lögreglufélags Austurlands.



**ÓHÖPP** Lögregla á höfuðborgarsvæðinu hefur að mestu hætt rannsóknum á slysalausum umferðaróhöppum, og önnur embætti munu líklega fylgja því fordæmi, segir lögreglumaður. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Sú sparnaðarkrafa sem nú er uppi mun leiða til enn frekari fækkunar lögreglumanna, skrifar Óskar. Það muni aftur leiða til þess að lögreglumenn verði að hætta að sinna einhverjum verkefnum. Trúlega verði hætt að sinna útköllum þegar nágrannar raski næturró, umferðaróhöpp þar sem ekki verða slys á fólki verði ekki rannsökuð, og forvarnaverkefni verði skorin niður.

Þá er líklegt að þjófnaðarmál, innbrot og minni háttar fíkniefnabrot lendi „mjög neðarlega í bunka óunninna verka", og að líkamsárásir þar sem meiðsl eru óveruleg verði að bíða betri tíma, skrifar Óskar. Þá þýði krafa um minni yfirvinnu að þjónusta lögreglu minnki um helgar þegar landinn skemmti sér. - bj

OR selur hlut sinn í HS Orku:

# Verðmæti hlutarins lækkað

**ORKUMÁL** Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkti í gær tilboð kanadíska orkufyrirtækisins Magma Energy í hlut OR í HS Orku. Magma bauð 6,3 krónur á hlut, en OR keypti hlutinn á 7,0 krónur árið 2007. Þetta kemur fram í yfirlýsingu fulltrúa Samfylkingarinnar í stjórn OR, sem sat hjá við afgreiðslu málsins.

OR átti tæplega 16,6 prósenta hlut í HS Orku. Auk þess ber fyrirtækinu samkvæmt dómi héraðsdóms að standa við samninga um kaup á 14,6 prósenta hlut af Hafnarfjarðarbæjar í HS Orku. Alls er því um sölu á 31,2 prósenta hlut í HS Orku að ræða. - bj

# Jón Kristinsson rakari látinn

**ANDLÁT** Jón Kristinsson, fyrrverandi rakarameistari og síðar forstöðumaður, lést sunnudaginn 16. ágúst á Dvalarheimilinu Hlíð, Akureyri, 93 ára að aldri.



Mál sem Jón höfðaði á hendur íslenskum stjórnvöldum varð til þess að dómsvald og umboðsvald varð aðskilið í héraði með lögum. Hann sætti sig ekki við að sami aðili væri í hlutverki lögreglustjóra og héraðsdómara og staðfesti Mannréttindadómstóll Evrópu þann skilning.

Jón var kvæntur Arnþrúði Ingimarsdóttur frá Þórshöfn á Langanesi sem lést árið 1993. Áttu þau hjón þrjú börn, leikarana Arnar og Helgu Elínborgu og Arnþrúði táknmálstúlk.

Enn stolið frá Kjöthúsinu:

# Kjöti stolið úr geymslugámi

**LÖGREGLUMÁL Á milli 700 og 800 kílóum af kjöti var stolið úr gámi Kjöthússins við Smiðjuveg í Kópavogi aðfaranótt mánudags. Þetta er í annað sinn á skömmum tíma sem þetta gerist, en í maí var hálfu tonni af kjöti stolið úr gám fyrirtækisins.**

**Þjófarnir sprengdu upp lás og spenntu gáminn upp til að komast að feng sínum, sem að mestu leyti samanstóð af hamborgurum og hakki. Þeir létu annað kjöt í gámnum í friði, en þar var einnig að finna eðalsteikur. Ekki hefur enn tekist að hafa uppi á þjófunum, en lögreglan vinnur að rannsókn málsins.** - kóp

# Skuldin tífaldaðist

**Skuld vegna brunatryggingar hjá TM, sem var 1.549 krónur, er orðin 14.613 krónur eftir innheimtu lögfræðistofu. Framkvæmdastjóri hjá TM segir þetta óheppilegt. Lögmaður segir ekki gott þegar smátölur sem þessar fara í vanskil.**

**STJÓRNSÝSLA** Skuld vegna vangoldinnar brunatryggingar hjá Tryggingamiðstöðinni (TM) upp á 1.549 krónur er komin upp í 14.613 krónur hjá einstaklingi sem seldi íbúðina sína í janúar síðastliðnum. Þrátt fyrir að hann seldi íbúðina í janúar nær greiðslutímabilið frá 1. september 2008 til 3. mars 2009 og hefur skuldin því nálega tífaldast á um ellefu mánuðum.

Viðkomandi fékk í hendurnar bréf frá lögmannsstofunni Lögmáli í gær. Í bréfinu er sagt að ef krafan verði ekki greidd verði hún innheimt með aðför og fasteignin seld á uppboði, án dóms, sáttar eða fjárnáms.



RAGNHEIÐUR DÖGG AGNARSDÓTTIR

Ragnheiður Dögg Agnarsdóttir, framkvæmdastjóri einstaklingsþjónustu TM, segir málið óheppilegt. Hins vegar hafi innheimtan verið með eðlilegum hætti. Allar kröfur fari í innheimtu eftir þriðju ítrekun. Þá sé krafan komin úr höndum TM og fari eftir taxta lögmannsstofunnar.

„Við nánari skoðun á þessu máli [í gær] kom þó í ljós að það hefði mátt ítreka betur þessa lokaniðurstöðu og við myndum skoða það í þessu tilviki að leysa úr málinu með einhverjum öðrum hætti," segir Ragnheiður.

Krafan er eftirstöðvar af lokauppgjöri við TM en eftirstöðvarnar sjálfar fóru ekki í ítrekun. „Vel mætti skoða í tilvikum sem þessum að bæta við ítrekunum," segir Ragnheiður, sem segir mál af þessu tagi afar fátíð.

Elvar Örn Unnsteinsson, einn eigenda Lögmáls, segir að ekki sé gott þegar smátölur fari í vanskil. Venjulega sé Lögmál ekki að innheimta svona lítil gjöld en gjaldið er hins vegar lögboðið og nýtur lögverndaðs réttar eins og fasteignagjöld.

Sama fasta gjaldið er á kröfum hvort sem höfuðstóllinn er 1.500 krónur eða fimmtán milljónir, að sögn Elvars, því sama vinnan er á bak við innheimtuna. Hjá lögmönnum hafi þróunin verið að minnka vægi prósenta af höfuðstólnum í innheimtu og auka vægi fastra gjalda.

Dráttarvextir eru aðeins 352 krónur af kröfunni. Teknar eru 8.302 krónur í innheimtuþóknun, 1.500 krónur vegna vinnu við kröfuna, 1.000 krónur fyrir veðbókarvottorð og 2.402 krónur fyrir virðisaukaskatt. Ef krafan er greidd innan tíu daga mun vera gefinn fimmtíu prósenta afsláttur af þókninuninni og virðisaukaskattinum og lækkar krafan þá um 5.352 krónur.

vidir@frettabladid.is



Reykjavík, 13.08.2009.

INNHEIMTUBRÉF

Skrifstofu okkar hefur verið falið að innheimta hjá yður neðangreinda kröfu:

Kröfueigandi: Tryggingamiðstöðin hf, kt. 660269-2079, Síðumúla 24, 108 Reykjavík.

Lýsing heimildarskjals: Brunatryggingar

| Þýðingskj | Tilv. | Útgáfud. | Gjaldd. | Upphæð. |
|---|---|---|---|---|
| 000000 | | 01.09.2008 | 01.09.2008 | 1.549,00 |

Lýsing kröfu :
Vangoldin iðgjöld lögboðinnar brunatryggingar fasteignarinnar nr. við í Reykjavík, fastanr. , fyrir tímabilið 1. september 2008 til 3. mars 2009.

Krafan sundurliðast nú þannig:

| | |
|---|---|
| Höfuðstóll | 1.549,00 |
| Dráttarvextir til 13.08.2009 | 352,00 |
| Innheimtuþóknun | 8.302,00 |
| Vinna vistofunnar kröfu | 1.500,00 |
| Veðbókarvottorð | 1.000,00 |
| Virðisaukaskattur | 2.402,00 |
| Innborgun fyrir innheimtu | -492,00 |
| Samtals kr. | 14.613,00 |

Hér með er skorað á yður að greiða ofangreinda kröfu á skrifstofu okkar innan 10 daga frá dagsetningu bréfs þessa. Að öðrum kosti verður krafan innheimt með aðför eða atbeina dómstóla, sem hefur aukinn kostnað í för með sér fyrir yður.

Krafan er tryggð með lögveði í ofangreindri fasteign, skv. 7. gr. l. nr. 48/1994 um brunatryggingar og er heimilt að selja hina vátryggðu fasteign á uppboði, án undangengins dóms, sáttar eða fjárnáms, skv. 2. mgr. 7. gr. l. nr. 48/1994 með síðari breytingum, sbr. 4. tl. 1. mgr. 6. gr. l. nr. 90/1991 um nauðungarsölu.

Verði krafan greidd innan 10 daga frá dagsetningu bréfs þessa talið, verður gefinn 50% afsláttur af

**INNHEIMTAN** Eins og sést hefur skuldin nálega tífaldast. Ef krafan verður ekki greidd mun hún „innheimt með aðför eða atbeina dómstóla". Heimilt er að selja fasteignina á uppboði. Nöfn og kennitölur hafa verið tekin út úr bréfinu.



**HREINSAÐ** Þetta er í annað skipti á nokkrum dögum sem málingu er slett á sendiráð Danmerkur. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Mótmælt við sendiráð Dana:

# Málningu slett á sendiráðið

**LÖGREGLUMÁL Lögregla handtók mann fyrir að sletta rauðri málningu á dyr sendiráðs Danmerkur við Hverfisgötu í gær.**

**Fámennur hópur hafði komið saman við sendiráðið til að mótmæla þeirri ákvörðun danskra stjórnvalda að senda hóp Íraka úr landi. Einn þeirra sem senda á úr landi í Danmörku á barn hér á landi. Ekkert tjón varð á sendiráðinu, og var málningin hreinsuð af, segir Ernst Hemmingsen, starfsmaður sendiráðsins. Málningu var einnig skvett á húsið fyrir helgi.** - bj

Þrjú grunuð um innbrot:

# Meintir þjófar í gæsluvarðhald

**LÖGREGLUMÁL** Tveir karlmenn og ein kona hafa verið úrskurðuð í gæsluvarðhald vegna gruns um innbrot og tilraun til að selja þýfi. Þetta kom fram á Vísi í gær.

Fólkið er grunað um að tilheyra stærri hópi sem komið hefur að mikilli innbrotaöldu á höfuðborgarsvæðinu. Lögreglu grunar að einhverju þýfi hafi verið komið úr landi, en fólkið er allt frá Póllandi. Fólkið var úrskurðað í gæsluvarðhald fram á föstudag. - kóp






Kaupþing hafnar tilboði Björgólfsfeðga um niðurfellingu á helmingi sex milljarða:

# Skuldin komin í innheimtu

**VIÐSKIPTI** Kaupþing hefur sett tæplega sex milljarða króna skuld Björgólfsfeðga í innheimtu. Skuldin er meðal annars til komin vegna kaupa Samson á 45,8 prósenta hlut í Landsbankanum árið 2003.

Eins og fram kom í Fréttablaðinu 7. júlí síðastliðinn gerðu Björgólfsfeðgar Kaupþingi tilboð sem fól í sér að þeir myndu greiða fjörutíu til fimmtíu prósent af 5,9 milljarða króna skuld sinni við bankann, gegn því að fá afganginn afskrifaðan.

„Þessu tilboði var ekki tekið," segir Finnur Sveinbjörnsson, bankastjóri Kaupþings. „Málið er í úrvinnslu og er komið í hefðbundið innheimtuferli."

Feðgarnir Björgólfur Guðmundsson og Björgólfur Thor Björgólfsson voru í persónulegri ábyrgð fyrir skuld Samson, fjárfestingarfélags þeirra feðga, við Kaupþing. Björgólfur eldri hefur þegar verið lýstur gjaldþrota, og má því búast við að kröfu Kaupþings verði beint til Björgólfs Thors.

Gríðarleg reiði blossaði upp í samfélaginu eftir frétt Fréttablaðsins af tilboði Björgólfsfeðga. Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra sagði lánið sennilega það „síðasta undir sólinni" sem



**SKULDIR** Björgólfur Guðmundsson og Björgólfur Thor Björgólfsson eru persónulega ábyrgir fyrir skuld vegna kaupa Samson á Landsbankanum árið 2003.

ætti að afskrifa, en tók fram að það segði hann sem borgari þessa lands, ekki ráðherra.

Gylfi Magnússon viðskiptaráðherra sagði að hann eins og aðrir landsmenn ætti mjög erfitt með að kyngja því ef tilboð feðganna gengi eftir. - bj

# Tölvan sem klárar skólann með þér

**INSPIRON™ 15**
Intel® Centrino® 2 Processor Technology
með Intel® Core™2 Duo processor
P8600 2.40GHz, 1066MHz FSB, 3MB L2 Cache
**Verð 189.900 kr.**



DELL Inspiron fartölvur á skólatilboði
VERÐ frá
**119.900 kr.**

YOURS IS HERE

JONSSON & LE'MACKS • JL.is • SÍA

Allar upplýsingar birtar með fyrirvara um prentvillur og ófyrirsjáanlegar breytingar. Öll tilboð gilda á meðan birgðir endast. Verð getur breyst án fyrirvara.

Celeron, Celeron Inside, Centrino, Centrino Inside, Core Inside, Intel, Intel Logo, Intel Atom, Intel Atom Inside, Intel Core, Intel Inside, Intel Inside Logo, Intel Viiv, Intel vPro, Itanium, Itanium Inside, Pentium, Pentium Inside, Viiv Inside, vPro Inside, Xeon, and Xeon Inside are trademarks of Intel Corporation in the U.S. and other countries. For more information about the Intel processor feature rating, please refer to www.intel.com/go/rating.



## Explorer lítil mús

Lítil mús með Microsoft BlueTrack tækni sem hægt er að nota á nánast hvaða undirlagi sem er.

VERÐ
**7.390 kr.**



## USB minnislyklar

Nettur og litríkur minnislykill (svartur, blár, bleikur) sem fæst í 4 GB, 8 GB 16 GB útfærslu.

VERÐ frá
**2.490 kr.**



## Bluetooth stereo heyrnartól

Bluetooth stereo heyrnartól frá Dell. Smella nett utan um eyru og fyrir aftan höfuð. Engar snúrur, ekkert vesen.

VERÐ
**8.990 kr.**



## Office Home and Student 2007

Innihald: Word 2007, Excel 2007, PowerPoint 2007, OneNote 2007. Skólaleyfi fyrir 3 vélar.

VERÐ
**18.990 kr.**



## Nylon fartölvu-bakpoki

Hentar fartölvum með allt að 16" skjái. Skjala- og auka-hlutahólf með rennilás. Stillanleg axlar- og mittisól.

VERÐ
**8.990 kr.**



## Trend Internet Security 2009 vírusvörn

Alhliða vörn fyrir tölvur.
Eldveggur.
Spam vörn.

VERÐ
**5.990 kr.**

## Það er til lausn á öllu

www.ejs.is ▶ Grensásvegi 10, Reykjavík ▶ Sími 563 3000 ▶ Tryggvabraut 10, Akureyri ▶ Sími 463 3000

EJS 1939 70 2009

## GENGIÐ 17.08.2009

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 127,77 | 128,37 |
| Sterlingspund | 208,1 | 209,12 |
| Evra | 179,48 | 180,48 |
| Dönsk króna | 24,109 | 24,251 |
| Norsk króna | 20,59 | 20,712 |
| Sænsk króna | 17,427 | 17,529 |
| Japanskt jen | 1,3494 | 1,3572 |
| SDR | 197,88 | 199,06 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
233,6588

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Deilur skólastjóra og stjórnar Landakotsskóla leiddu til uppsagnar skólastjórans:

# Skólastjórinn leitar réttar síns

**MENNTAMÁL** Stjórn Landakotsskóla hefur sagt Fríðu Regínu Höskuldsdóttur upp störfum sem skólastjóra Langholtsskóla. Ákveðið var að segja henni upp á föstudag, og hefur uppsögnin þegar tekið gildi. Ekki er óskað eftir því að hún vinni út uppsagnarfrest.

Samkvæmt upplýsingum frá stjórn Langholtsskóla var Fríðu sagt upp í sparnaðarskyni. Ný stjórn tók nýlega til starfa, en fyrri stjórn hafði þegar tekið ákvörðun um að hagræða í skólastarfinu, meðal annars með uppsögnum.

„Það er ekki annað að gera en að taka þessu með jafnaðargeði, þó að vissulega þyki mér þetta sárt, og skólanum ekki til góðs,“ segir Fríða. „Að sjálfsögðu mun ég leita réttar míns.“



**HÆTT** Uppsögn skólastjórans er skólanum ekki til góðs, segir Fríða Regína Höskuldsdóttir, fyrrverandi skólastjóri. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Fríða segir vandséð hvernig eigi að spara með því að segja skólastjóra upp, alltaf verði að vera yfirmaður yfir skólanum. Deilur hafi verið milli skólastjóra og stjórnar skólans um starfssvið stjórnar.

„Stjórnin vildi að ég ynni gegn grunnskólalögum, sem ættu ekki við þar sem skólinn væri einkaskóli,“ segir Fríða. Beðið sé niðurstöðu menntamálaráðuneytis vegna þeirrar deilu.

Sigríður Hjálmarsdóttir aðstoðarskólastjóri mun taka við starfi skólastjóra tímabundið. Kaþólska kirkjan á Íslandi á húsnæði Langholtsskóla, en rekstur skólans er að fullu aðskilinn frá kirkjunni. - bj

Kartöflur dýrastar í Hagkaupum:

# Verðmunur allt að 73 prósent

**LANDBÚNAÐUR** Lægsta verð á íslenskum kartöflum er í Fjarðarkaupum og kostar kílóið 259 krónur. Í Hagkaupum kostar kílóið 449 krónur, sem er 73,4 prósentum dýrara en í Fjarðarkaupum. Þetta kemur fram í könnun Neytendasamtakanna.

Hagkaup hafa hækkað verðið á kartöflum um 50,2 prósent frá því í fyrra. Fjarðarkaup lækka hins vegar kílóverðið sitt um rúmlega tíu prósent milli ára. Næstódýrasta verslunin er Nettó, þar sem kílóverðið er 299 krónur. Upplýsingar um verð eru fengnar í gegnum síma eða á heimasíðu fyrirtækjanna. - vsp

Kjaradeila lögreglumanna:

# Fari til ríkissáttasemjara

**KJARAMÁL Næsta skref í kjaradeilu lögreglu-, slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna við ríkið verður að ríkissáttasemjari kalli saman fund með forsvarsmönnum launþega og ríkis, að sögn Gunnars Björnssonar, formanns samninganefndar ríkisins.**

**Spurður hvort ekki sé unnið að lausn deilunnar hjá ríkinu segir hann:**

**„Ríkið felldi ekki samninginn. Þeir felldu hann og þeir þurfa því að skýra frá því á hvaða forsendum þeir gerðu það og hverju þeir vilja breyta.“**

**Mikill meirihluti þeirra sem kusu um þessa samninga felldi þá, eða milli 71 og 90 prósent, eftir starfsstétt.** - kóþ

Indefence-hópurinn:

# Sátt meðan fyrirvarar halda

**STJÓRNMÁL** „Að því gefnu að þessir fyrirvarar haldi og ekki séu lagatæknilegir gallar á þeim erum við nokkuð sátt,“ segir Ólafur Elíasson, einn talsmanna Indefence-hópsins, um fyrirvarana um Icesave-samninginn. Á næstu dögum mun hópurinn leggja mat á fyrirvarana og hafa sér til aðstoðar bæði innlenda og erlenda fræðimenn.



ÓLAFUR ELÍASSON

„Stærsta verkefnið fram undan núna er að kynna málstað Íslendinga erlendis,“ segir Ólafur en hópurinn hefur þegar sett sig í samband við marga af stærstu fjölmiðlum heims, að sögn Ólafs. Margir sjálfboðaliðar á vegum samtakanna séu tilbúnir að þýða og skrifa greinar. - vsp

# Lagt til að lágmarkslífeyrir verði 186 þúsund á mánuði

**Nefnd ráðherra leggur til að enginn fái minna en 186.000 á mánuði, og úrræðum fyrir atvinnulausa verði fjölgað. Styðst er við reynslu Finna. „Eigum að taka þessi varnaðarorð alvarlega,“ segir ráðherra.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Huga skal að „lífskjaratryggingu“, þannig að enginn fái lægri upphæð en lágmarksupphæð lífeyris til framfærslu, 186.000 krónur. Auka þarf fjárhagsaðstoð sveitarfélaga svo þetta geti orðið.

Einnig ættu atvinnulausir að greiða það sama fyrir heilbrigðisþjónustu og aldraðir og öryrkjar greiða. Þeir ættu að fá ókeypis í sund, og frían aðgang að listasöfnum og íþróttaviðburðum.

Svo segir í skýrslu sem nefnd um sálfélagsleg viðbrögð við kreppunni skilaði nýlega af sér til heilbrigðisráðherra.

Ráðherrann, Ögmundur Jónasson, er ánægður með skýrsluna, sem miðar við reynslu Finna af síðustu kreppu þeirra.

„Lærdómur þeirra var að þeir hefðu gengið of langt í að draga úr útgjöldum til velferðarmála og það hefði í sjálfu sér framlengt krísuna,“ segir Ögmundur. Skýrslan sé því brýning fyrir okkur um að gæta hagsmuna þeirra sem lakast standi.




Spurður hvort farið verði eftir ábendingunum, segir hann: „Auðvitað eigum við að taka þessi varnaðarorð alvarlega og setja okkur að markmiði að hlíta þeim.“

Í skýrslunni segir að nauðsynlegt sé að nýta strax allar leiðir til að vinna gegn neikvæðum afleiðingum kreppunnar á heilsu og félagslega stöðu fólks, til að forðast heilsubrest og hamla þannig gegn auknum útgjöldum á sviði heilbrigðis- og félagsmála.

„Íslendingar fá ekki annað tækifæri til að kanna hvort skynsamlegra hefði verið að bregðast öðruvísi við hér á landi eftir fimm ár. Það verður of seint,“ segir í niðurstöðum nefndarinnar.

Í skýrslunni er lýst yfir ánægju með stofnun Velferðarvaktar, til að fylgjast með afleiðingum hrunsins á einstaklinga og fjölskyldur.

Mikilvægt sé að tryggja sterka heilsugæslu, þótt minna fé sé til reiðu. Þá skal efla mæðra- og ungbarnavernd og setja á fót „virknimiðstöðvar“ þar sem fólk getur komið til að „halda festu í daglegu lífi“.

Hún telur að finnsk stjórnvöld hafi í sinni kreppu vanmetið síðari „sálfélagsleg eftirköst“ hennar.

Finnskir sérfræðingar bentu nefndinni á að það sé ekki aðeins mannúðlegt að grípa til slíkra aðgerða, það sé einnig ódýrara en að gera það ekki.

Nefndin var skipuð af fyrrverandi heilbrigðisráðherra, Guðlaugi Þór Þórðarsyni. klemens@frettabladid.is

**FJÖLDI ÖRORKULÍFEYRISÞEGA Á HVERJA 100.000 ÍBÚA**

**Norðurlönd og Evrópa 1985-2003/4**

| Ártal | Danmörk | Finnland | ÍSLAND | Noregur | Svíþjóð | Evrópa |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1990 | 3.128 | 6.239 | 1.823 | 5.525 | 4.222 | 4.054 |
| 1995 | 3.295 | 6.280 | 2.684 | 5.420 | 4.756 | 4.635 |
| 2000 | 3.210 | 5.569 | 3.318 | 6.254 | 4.936 | 4.809 |
| 2003 | 3.527 | 5.363 | 3.875 | 6.598 | 5.662 | |

*(Tölur frá WHO og Landlæknisembættinu í Stefán Ólafsson, 2005).*






## VEÐURSPÁ



**Sigurður Þ. Ragnarsson**
Veðurfræðingur

**BREYTINGAR**
Nú er lægð að nálgast landið og nú í morgunsárið verður allhvasst eða hvasst með suðurströnd landsins en mun hægari vindur annars staðar. Það fer að rigna sunnan til síðdegis, en í raun má segja að aðalrigningarbeltið taki ekki land fyrr en í kvöld og að víðast verði rigning í nótt.




**Á MORGUN**
10-18 m/s norðvestan til og á annesjum nyrðra, annars 5-10.

**Á MORGUN**
10-18 m/s vestan til, annars 3-8 m/s.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 29° |
| Amsterdam | 24° |
| Basel | 29° |
| Berlín | 25° |
| Billund | 20° |
| Eindhoven | 26° |
| Frankfurt | 27° |
| Friedrichshafen | 29° |
| Gautaborg | 22° |
| Kaupmannahöfn | 22° |
| Las Palmas | 27° |
| London | 24° |
| New York | 34° |
| Orlando | 32° |
| Osló | 18° |
| París | 30° |
| Róm | 36° |
| Stokkhólmur | 19° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

# ÚTSALA

## 25-40% afsláttur af öllum húsgögnum



Italsofa *The Italian touch*





Vandaðir sófar, sófasett, hornsófar, tunguhornsófar með þykku nautaleðri eða slitsterku áklæði





Mikið úrval af vönduðum borðstofusettum og stólum

## Slökunarstólar í úrvali









**Komdu og gerðu frábær kaup**

**Val húsgögn**

Ármúla 8 - 108 Reykjavík

**Sími 581-2275 ■ 568-5375**

**www.valhusgogn.is**

Röltu um verslunina okkar í rólegheitum á netinu með nýja 360° sýningarkerfinu okkar Þetta verður þú að prófa!

Opið virka daga kl. 10-18

**Laugardaga kl. 11-16**

## KJÖRKASSINN



*Ert þú sátt(ur) við fyrirvarana við Icesave-samkomulagið?*

Já 44,4%

Nei 55,6%

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Ætlar þú að taka þátt í hátíðarhöldum á Menningarnótt?*

Segðu þína skoðun á visir.is

Vel á sextánda þúsund munu stunda nám við Háskóla Íslands í haust:

# Aldrei fleiri í Háskóla Íslands

**MENNTAMÁL** Heildarfjöldi nema í Háskóla Íslands í haust verður á sextánda þúsund. Aldrei hafa fleiri nemar verið skráðir í Háskóla Íslands frá upphafi. Um fjórtán þúsund stúdentar hafa þegar staðfest skólavist vegna náms við Háskóla Íslands á næsta misseri en á annað þúsund umsóknir eru enn í vinnslu. Umsóknum um nám í Háskólann fjölgaði um tuttugu prósent milli áranna 2008 og 2009.

Nýnemar í grunnnámi í haust verða um 3.700 og nýnemar í framhaldsnámi verða um 1.300. Heildarfjöldi grunnnema í HÍ verður um 10.400 í haust og rösklega 3.400 í framhaldsnámi. Á sama tíma í fyrra hófu um 12.200 nemendur nám við HÍ. Um 400 verða í doktorsnámi í haust, sem er einnig mesti fjöldi sem hefur verið í slíku námi í HÍ frá upphafi.

Háskóli Íslands óx um fjórðung við sameiningu Háskólans og Kennaraháskóla Íslands 1. júlí í fyrra og svo um 10 prósent við inntöku nýnema um síðustu áramót. Athygli vekur að erlendum nemendum við HÍ fjölgar jafnt og þétt en yfir 700 erlendir stúdentar eru nú þegar skráðir í nám á næsta misseri. - vsp



**HÁSKÓLI ÍSLANDS** Umsóknum um nám við HÍ fjölgaði um tuttugu prósent milli áranna 2008 og 2009. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Kortavelta dregst saman:

# Eyðum miklu minna erlendis

**VIÐSKIPTI** **Greiðslukortavelta í bönkum dróst saman um 14,3 prósent í júlí miðað við júlí í fyrra. Velta debetkorta hefur dregist saman um tæp 10 prósent á síðustu 12 mánuðum en velta kreditkorta um tæpan fjórðung.**

**Í nóvember mældist samdráttur í veltunni ríflega 26 prósent. Notkun íslenskra korta erlendis dróst saman um 29 prósent í júlí miðað við sama tímabil fyrir ári. Sé gert ráð fyrir að veltan sé öll í evrum og henni snúið yfir í þá mynt á meðalgengi júlímánaðar 2008 sést að veltan í útlöndum hefur dregist saman um fjórtíu prósent.** - vsp

Þingflokkur Borgarahreyfingar:

# Þráinn hættur í þingflokknum

**ALÞINGI** **Þráinn Bertelsson þingmaður sagði sig formlega úr þingflokki Borgarahreyfingarinnar á Alþingi í gær.**



**ÞRÁINN BERTELSSON**

**Forseti Alþingis las bréf Þráins í heyranda hljóði og stóð þar að hann væri hættur að tala við fólk sem teldi ofbeldi til marks um alvarlega heilabilun.**

**Þráinn vísar þar í tölvuskeyti Margrétar Tryggvadóttur, þingmanns Borgarahreyfingar, sem sagðist óttast að Þráinn væri kominn með Alzheimer-sjúkdóminn.**

**Margrét las upp afsökunarbeiðni sína vegna þessa á þinginu í gær.** - kóþ



**HERÆFINGUM MÓTMÆLT** Mótmælandi í Suður-Kóreu tekur af sér grímu af Barack Obama Bandaríkjaforseta. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ný þíða Kóreuríkjanna:

# Fjölskyldur fá að hittast á ný

**SUÐUR-KÓREA, AP** Óvænt tilkynning frá Norður-Kóreu um að aukin samskipti við Suður-Kóreu verði heimiluð á ný vekur vonir um þíðu í samskiptum ríkjanna.

Suður-Kóreubúum verður heimilt að ferðast yfir landamærin til að skoða fagurt landslag og menningarminjar, auk þess sem fjölskyldur sem hafa verið aðskildar áratugum saman fá að hittast.

Spenna milli ríkjanna er þó ekki úr sögunni, eins og sjá má af því að her Norður-Kóreu sagðist vera í viðbragðsstöðu vegna sameiginlegra heræfinga Suður-Kóreu og Bandaríkjamanna. - gb

## SJÁVARÚTVEGUR

### Aflaverðmæti eykst

Aflaverðmæti íslenskra skipa nam tæpum 42 milljörðum króna fyrstu fimm mánuði ársins 2009, sem er aukning um 4,2 prósent á milli ára. Á sama tíma í fyrra nam verðmætið fjórtíu milljörðum króna.

# Vill ljúka þinghaldi í lok þessarar viku

**Forseti Alþingis vonast til að ljúka þinghaldi í lok vikunnar. Ekkert þing verður haldið í september. Starfsfólk þingsins hefur ekki komist í lögbundið sumarfrí. Um fjórtán stjórnarfrumvörp komast ekki í gegnum þingið að sinni.**

**ALÞINGI** Forseti Alþingis segist enn binda vonir við að yfirstandandi sumarþing ljúki störfum fyrir næstu helgi.

Forsetinn, Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, fundaði með formönnum þingflokkanna í gær. Fyrir fundinn hafði hún vonast til að Icesave-málið yrði lagt fram í dag, en „niðurstaðan varð sú að ég kom til móts við stjórnarandstöðuna. Hún fær lengri frest til að skila nefndaráliti um Icesave og umræðan byrjar ekki fyrr en á miðvikudagsmorgun."

„Mjög mikilvægt er fyrir þingið að okkur takist að ljúka þessu þinghaldi í lok vikunnar," segir Ásta. „Nýtt þing er að hefjast 1. október og það á eftir að vinna alla vinnuna fyrir það. Í raun hefði átt að vera septemberþing, en ég hef ákveðið að fella það niður. Hér er starfsfólk sem þarf að huga að og á sín réttindi. Það hefur ekki komist í sitt lögbundna sumarfrí."

Ómögulegt sé að segja hvort störfum ljúki í vikunni, úr því sem komið er. „En menn úr stjórnarandstöðu hafa lýst yfir vilja til þess."

Þingið mun í það minnsta klára Icesave-málið, bandorm um breytingar á lögum um stjórnarráðið og líklega gera ráðstafanir í ríkisfjármálum. Önnur smámál gætu komist í gegn að auki úr nefndum.

Verði Icesave-málið og bandormur um stjórnarráð samþykkt standa fjórtán stjórnarfrumvörp eftir sem bíða afgreiðslu Alþingis, samkvæmt heimasíðu þingsins. Ásta segir að þau verði ekki afgreidd.

Sumarþingið hefur staðið síðan 15. maí. Guðbjartur Hannesson, þáverandi forseti Alþingis, sagði í apríl að það ætti að standa í „nokkrar vikur".

klemens@frettabladid.is



**FORSETI ALÞINGIS** Ásta Ragnheiður útilokar ekki að störfum þings verði lokið fyrir helgi. Icesave-málið verður í forgangi, og rætt á miðvikudag. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## FRUMVÖRP SEM VÍKJA FYRIR ICESAVE

- Heimild slitastjórna fyrirtækja til að greiða út forgangskröfur.
- Persónukjör.
- Stjórnlagaþing.
- Fjármál stjórnmálaflokka (upplýsingar um fjárframlög 2002 til 2006).
- Kyrrsetning eigna.
- Bann við nektarsýningum.
- Hámarkshækkun verðtryggingar.
- Þjóðaratkvæðagreiðslur.
- Erfðabreyttar lífverur.
- Vörugjöld á matvæli.



**HANS-ADAM PRINS** Sagði bankaleynd hafa bjargað lífi gyðinga. NORDICPHOTOS/AFP

Prinsinn af Liechtenstein:

# Ummæli reittu gyðinga til reiði

**SVISS, AP** Samtök gyðinga í Þýskalandi brugðust ókvæða við ummælum prinsins af Liechtenstein, Hans-Adams II., um að bankaleynd í landinu hefði bjargað lífi margra gyðinga á valdatíma nasista.

Prinsinn beindi einkum spjótum sínum að Þjóðverjum, sem hafa lagt hart að bæði Sviss og Liechtenstein um að aflétta hinni algjöru bankaleynd.

Gyðingar í Þýskalandi segja hann afbaka söguna með ummælum sínum. Hann ætti ekki að notfæra sér grimm örlög gyðinga í helförinni til þess að verjast gagnrýni þeirra, „sem beina spjótum sínum að bönkunum og starfsemi þeirra í dag, og fela þannig ekki bara hreina peninga heldur einnig óhreina". - gb

Sinfóníuhljómsveit Íslands:

# Exista-stjóri til Sinfóníunnar

**MENNING** **Sigurður Nordal hefur verið ráðinn nýr framkvæmdastjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Hann mun taka við starfinu 1. september næstkomandi.**



**SIGURÐUR NORDAL**

**Sigurður er 43 ára hagfræðingur. Hann hefur undanfarin sextán ár gegnt stjórnunarstörfum hjá bönkum og fjármálafyrirtækjum. Síðast var hann framkvæmdastjóri hjá Exista.**

**Þröstur Ólafsson, fráfarandi framkvæmdastjóri Sinfóníuhljómsveitarinnar, mun starfa með nýjum framkvæmdastjóra fyrst um sinn. Hann lætur af störfum fyrir aldurs sakir í lok október eftir ellefu ára starf.** - bj

Ágreiningur um túlkun á stjórnarskrá á Alþingi:

# Laun staðgengla forseta lækkuð

**ALÞINGI** Samkvæmt frumvarpi efnahags- og skattanefndar verða laun handhafa forsetavalds hér eftir fimmtungur af launum forseta, en ekki full laun hans. Handhafar þessir gegna störfum forseta þegar hann er forfallaður.

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra lýsti því yfir í júní að hún vildi afnema þessar greiðslur með öllu.

Magnús Orri Schram, þingmaður Samfylkingar, segir að ráðgjafar efnahagsnefndar hafi ekki talið ráðlegt að ganga svo langt, því í stjórnarskrá er talað um „greiðslur" til handhafanna. Frekari lækkun gæti skilist þannig að verið væri að afnema greiðslurnar.

Ragnheiður Ríkarðsdóttir, þingmaður Sjálfstæðisflokks, telur reyndar lögin brjóta stjórnarskrá, því ekki megi lækka laun forseta.

Magnús segir þetta ekki rétt. 9. grein stjórnarskrár segi óheimilt að lækka laun forsetans, en nefni ekki að bannað sé að lækka laun handhafanna.

Skilja mátti á stjórnarandstöðu í gær að henni þætti þetta frumvarp, sem á að spara um átta milljónir á ári, bera merki vinsældaöflunar, frekar en raunverulegra aðgerða. Laun handhafa forsetavalds væru bara dropi í hafið. - kóþ



**JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR** Forsætisráðherra er meðal þeirra sem fá hluta forsetalauna greidda, þegar hann er erlendis eða getur ekki sinnt starfi sínu. Jóhanna vildi afnema þessar greiðslur, en lögfræðingar voru á annarri skoðun. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

## BANDARÍKIN

### Tölvuþrjótur ákærður

Alríkisyfirvöld í Bandaríkjunum ákærðu í gær mann sem sakaður er um að hafa reynt að stela 130 milljón kreditkortanúmerum af bandarískum verslunarkeðjum. Maðurinn hafði áður unnið með stjórnvöldum til að leysa tölvuglæpi.

Betri notaðir bílar

TOYOTA

# Sumarbílar

GÆÐABÍLL/KÓPAVOGI



**Toyota Land Cruiser 100**
4700 bensín ssk. sóllúga
Á götuna: 04.05 Ekinn: 67.000 km
Verð: 6.250.000 kr. Skr.nr. TV 734

ÚRVALSBÍLL/KÓPAVOGI



**Toyota Land Cruiser 120 VX**
3000 dísil ssk.
Á götuna: 07.08 Ekinn: 20.600 km
Verð: 7.990.000 kr. Skr.nr. TA X36

ÚRVALSBÍLL/KÓPAVOGI



**Lexus RX350 EXE**
3500 bensín ssk. sóllúga
Á götuna: 04.06 Ekinn: 54.000 km
Verð: 5.890.000 kr. Skr.nr. AK 994

GÆÐABÍLL/KÓPAVOGI



**Toyota Avensis W/G**
1800 bensín ssk.
Á götuna: 11.05 Ekinn: 232.000 km
Verð: 1.690.000 kr. Skr.nr. MM 748
Betra verð: 1.390.000 kr.

ÚRVALSBÍLL/KÓPAVOGI



**Toyota Auris**
1400 dísil bsk. MM
Á götuna: 03.08 Ekinn: 18.000 km
Verð: 2.990.000 kr. Skr.nr. YH U65

ÚRVALSBÍLL/KÓPAVOGI



**Lexus IS250 Sport**
2500 bensín ssk. leður, sóllúga, 18"
Á götuna: 10.06 Ekinn: 29.000 km
Verð: 5.190.000 kr. Skr.nr. DU 297

GÆÐABÍLL/KÓPAVOGI



**Toyota Yaris**
1300 bensín bsk.
Á götuna: 07.06 Ekinn: 41.500 km
Verð: 1.590.000 kr. Skr.nr. PE 657

GÆÐABÍLL/KÓPAVOGI



**Toyota Prius**
1500 bensín/rafmagn ssk.
Á götuna: 07.05 Ekinn: 66.000 km
Verð: 2.250.000 kr. Skr.nr. OU 719

GÆÐABÍLL/KLETTHÁLSI



**Kia Sorento**
2500 dísil ssk.
Á götuna: 01.05 Ekinn: 91.000 km
Verð: 2.750.000 kr. Skr.nr. TT 472

GÆÐABÍLL/KLETTHÁLSI



**BMW X5**
3000 bensín ssk.
Á götuna: 05.06 Ekinn: 36.000 km
Verð: 5.750.000 kr. Skr.nr. US 683

GÆÐABÍLL/KLETTHÁLSI



**Porsche Cayenne S**
4500 bensín ssk.
Á götuna: 01.03 Ekinn: 64.000 km
Verð: 4.490.000 kr. Skr.nr. BM 965
Betra verð: 3.790.000 kr.

GÆÐABÍLL/KLETTHÁLSI



**Toyota Land Cruiser 120 GX**
3000 dísil ssk. 35" breyttur
Á götuna: 05.05 Ekinn: 98.000 km
Verð: 5.390.000 kr. Skr.nr. ON 301
Betra verð: 4.650.000 kr.

ÚRVALSBÍLL/KLETTHÁLSI



**Toyota Land Cruiser GX**
3000 dísil 6 gíra
Á götuna: 05.06 Ekinn: 72.000 km
Verð: 5210.000 kr. Skr.nr. PS 172
Betra verð: 3.990.000 kr.

GÆÐABÍLL/KLETTHÁLSI



**Suzuki Swift**
1500 bensín 5 gíra, Spoiler kit hringinn
Á götuna: 03.07 Ekinn: 47.000 km
Verð: 1.950.000 kr. Skr.nr. BX 841
Betra verð: 1.590.000 kr.

ÚRVALSBÍLL/KLETTHÁLSI



**Toyota Avensis W/G**
2400 bensín ssk.
Á götuna: 08.07 Ekinn: 81.000 km
Verð: 2.890.000 kr. Skr.nr. RT L46
Betra verð: 2.590.000 kr.

GÆÐABÍLL/KLETTHÁLSI



**Honda Accord Exeutive S/D**
2400 bensín ssk.
Á götuna: 09.04 Ekinn: 108.000 km
Verð: 1.790.000 kr. Skr.nr. UF 831

**Hvað er Úrvalsbíll?**
**Er í verksmiðjuábyrgð.**
**12 mánaða viðbótarábyrgð.**

**Hvað er Gæðabíll?**
**Er ekki í verksmiðjuábyrgð.**
**3 mánaða viðbótarábyrgð.**

**BNB**-sölugreining
Bílarnir ganga í gegnum strangt gæðamat sem tekur mið af aldri, akstri og viðhaldssögu bílsins. Þeir sem standast kröfurnar lenda annaðhvort í flokknum Úrvalsbílar eða Gæðabílar. Ef bíllinn stenst ekki kröfur okkar bjóðum við þér hann ekki.

**Betri Notaðir Bílar**
**Nýbýlavegi 4 og Kletthálsi 2**
**Sími: 570-5070**
**www.toyota.is - www.bnb.is**

Today
Tomorrow
Toyota

**VEISTU SVARIÐ?**



1. *Hver bætti heimsmetið í 100 metra hlaupi á sunnudaginn?*
2. *Í hvaða landi myrti faðir þrettán ára dóttur sína á dögunum?*
3. *Hversu mikið er atvinnuleysið hér á landi?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 26

Að minnsta kosti tíu látnir eftir sprengingu í vatnsaflsvirkjun í Síberíu:

# Óttast um tugi manna

**RÚSSLAND, AP** Óttast er um tugi manna eftir að slys varð í stærstu vatnsaflsvirkjun Rússlands í gær. Staðfest var að tíu væru látnir, en allt að 65 að auki var saknað. Fjórtán slasaðir voru fluttir á sjúkrahús.

Sprenging varð í spennubreyti í virkjuninni Sayano-Shushinskaja í sunnanverðri Síberíu, með þeim afleiðingum að veggir og loft vélarklefa virkjunarinnar eyðilögðust þannig að vatn flæddi inn.

Engar skemmdir urðu á stíflu virkjunarinnar, sem er um það bil eins kílómetra löng, en hins vegar lak olía út í ána Jeniseí og barst niður með ánni. Tvær af tíu túrbínum virkjunarinnar eyðilögðust og sú þriðja er mikið skemmd.

„Við erum sennilega að tala um að það taki nokkur ár frekar en nokkra mánuði að koma þremur af tíu túrbínum í samt lag aftur,“ sagði Sergei Shoigu, almannavarnaráðherra rússnesku stjórnarinnar.

Rafmagn fór af um helmingi húsa í Abakan, höfuðborg Kakassíuhéraðs þar sem virkjunin er. Íbúar þar eru um 160 þúsund. Ekki var ljóst í gær hve margir íbúar í Síberíu urðu fyrir tjóni af völdum slyssins, en virkjunin útvegar tíu prósentum íbúa þar rafmagn.

Álver rússneska álrisans Rusal gátu þó haldið áfram starfsemi sinni með rafmagni sem fengið var annars staðar frá. **- gb**



**SKEMMDIR Á VIRKJUN** Vatn flæddi inn í vélarklefa eftir að sprenging varð í tækjabúnaði. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Breyting hjá Íbúðalánasjóði:

# Lágmarkslán lækka í 400.000

**VIÐSKIPTI Lágmarkslánsfjárhæð Íbúðalánasjóðs hefur verið lækkuð úr 570 þúsund krónum í 400 þúsund krónum.**

**Breytingin er hugsuð einkum til hagsbóta fyrir eigendur minnstu íbúða í fjölbýlishúsum og eigendur íbúðarhúsnæðis sem hafa átt í erfiðleikum með fjármögnun smærri framkvæmda.**

**Til endurbóta á húsnæði teljast til dæmis endurnýjun á rafeða vatnslögnum, þakviðgerðir, málningarvinna, endurnýjun eldhúsinnréttinga og fleira. Framkvæmdir við lóð, svo sem hellulagning eða smíði sólpalla, er einnig lánshæf. - bs**

Brasilísk löggæsluyfirvöld:

# Fara fram á framsal fanga

**LÖGREGLUMÁL** Brasilísk stjórnvöld hafa óskað eftir því að fá framseldan brasilískan ríkisborgara sem handtekinn var hér á landi nýlega. Hosmany Ramos er eftirlýstur í Brasilíu, en hann strauk úr fangelsi þar nýverið. Hann var fangelsaður fyrir morð, mannrán og fleiri alvarleg brot.



**HOSMANY RAMOS**

Ramos afplánar nú þrjátíu daga dóm hér á landi fyrir að framvísa vegabréfi bróður síns.

Að sögn Smára Sigurðssonar hjá alþjóðadeild Ríkislögreglustjóra mun dómsmálaráðuneytið mun fara yfir framsalsbeiðnina á næstunni. **- bj**

**NEYTENDUR:** FLUGNASPAÐI EÐA RÚÐUÚÐI?

## *Ýmsar veiðiaðferðir fyrir geitunga*





**DR. GUNNI**
neytendur@frettabladid.is

■ Sendið umboðsmanni neytenda ábendingar eða sparnaðarráð á neytendur@frettabladid.is

Nú eru geitungar mikið á ferli, flestum til ama og leiðinda. Gunnar Hólmsteinn Ársælsson sendi inn einfalda „veiðiaðferð“ á kvikindin, sem hann segist hafa þróað þegar hann bjó í Svíþjóð. *„Einfaldlega bara að sprauta rúðuúða sem inniheldur mikið af salmíaki á geitungana,“* skrifar Gunnar. *„Geisli (styðjum íslenskan iðnað!) steindrepur þá á innan við mínútu, bara bíða þangað til þeir setjast og láta vaða. Ajax er líka fínt. Svo þurrkar maður bara af; tvær flugur í einu höggi! Ekki hlaupa upp til handa og fóta, þá ráðast þeir á mann, ef þeim finnst sér vera ógnað.“*

Svo má líka bara kaupa flugnaspaða. Ég keypti plastspaða í Euroshopper á 229 kr. Hann er með innbyggðri flísatöng til að fjarlægja líkin. Lufsan keypti á sama tíma tvo plastspaða saman í kippu á 99 kr. í Ikea. Frá því að þrír flugnaspaðar komu inn á heimilið hefur ekki einn einasti geitungur látið sjá sig. Kannski er fælingarmáttur í spöðunum?



**ARCTIC SEA** Rússneska flutningaskipið sem týndist. NORDICPHOTOS/AFP

# Rússneska skipið komið í leitirnar

**Áhöfn skipsins var bjargað um borð í rússneskt herskip í fyrrakvöld. Hún var heil á húfi og ekki undir vopnavaldi sjóræningja þegar herskipið kom að.**

**RÚSSLAND, AP** Anatolí Serdjúkov, varnarmálaráðherra Rússlands, hefur samkvæmt rússneskum fjölmiðlum staðfest að flutningaskipið Arctic Sea er fundið við Grænhöfðaeyjar.

Fimmtán manna rússnesk áhöfn skipsins er heil á húfi og var komin um borð í rússneskt herskip í gær, en ekkert hafði sést til skipsins síðan það var á siglingu um Ermarsund 28. júlí.

Serdjúkov segir að þegar rússneska herskipið Ladní sigldi upp að Arctic Sea í fyrrakvöld hafi skipið ekki verið undir stjórn vopnaðra ræningja.

Alveg fram á síðustu stundu var hulin ráðgáta hvað komið hefði fyrir skipið, hvort sjóræningjar hefðu náð því á sitt vald eða hvort önnur skýring væri á hvarfinu.

Á laugardag skýrði finnska lögreglan frá því að lausnargjalds hefði verið krafist fyrir skipið, en ekki var ljóst hvort mark væri takandi á þeirri kröfu. Krafan barst hinum rússnesku eigendum skipsins, sem eru með skrifstofur í Finnlandi.

Skipið er skráð á Möltu en er í rússneskri eigu og var samkvæmt opinberum skrám á leið frá Finnlandi með timburfarm til Alsír, og átti að koma þangað í höfn 4. ágúst. Þegar vika var liðin fram yfir þann dag skipaði Dimitrí Medvedev Rússlandsforseti hernum að gera leit að skipinu vítt og breitt um Atlantshafið.



**RÁÐAMENN FUNDA** Dimitrí Medvedev Rússlandsforseti á fundi með Anatólí Serdjúkov varnarmálaráðherra í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Áður, hinn 30. júlí, hafði sænskt dagblað skýrt frá því, og vitnað í áhöfnina, að hópur grímuklæddra manna hefði 24. júlí ráðist um borð í skipið þegar það var á siglingu á Eystrasalti, keflað og barið áhöfnina og spurt út í fíkniefnasmygl. Tólf stundum síðar hefðu mennirnir farið frá borði og siglt burt á hraðskreiðum gúmmíbát.

Viku eftir þetta er talið að vopnaðir menn, sem hugsanlega hafi verið í felum um borð frá því innrásin var gerð á Eystrasalti, hafi ógnað áhöfninni þegar skipið var statt úti af ströndum Portúgals.

Skipið sást loks á siglingu úti af Grænhöfðaeyjum 14. ágúst og var síðan þá undir eftirliti bæði rússneska hersins og Atlantshafsbandalagsins. **gudsteinn@frettabladid.is**


## Aðalfundur Exista hf.
26. ágúst 2009

EXISTA

Aðalfundur Exista hf. verður haldinn miðvikudaginn 26. ágúst 2009
í höfuðstöðvum félagsins að Ármúla 3, 5. hæð, Reykjavík,
og hefst fundurinn kl. 10:00.

DAGSKRÁ:

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins árið 2008.
2. Ársreikningur félagsins fyrir árið 2008 ásamt skýrslu endurskoðenda lagður fram til staðfestingar. Ákvörðun um greiðslu arðs og jöfnun taps fyrir síðastliðið reikningsár.
3. Tillaga um lækkun hlutafjár félagsins um 13.924.767.632 krónur að nafnverði til jöfnunar á tapi á grundvelli 1. tl. 2. mgr. 51. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög.
4. Tillögur til breytinga á samþykktum félagsins:
   a. Breyting á 1. mgr. 4. gr. um að hlutafé félagsins sé 250.000.000 krónur að nafnverði.
5. Kosning stjórnar.
6. Kosning endurskoðunarfélags.
7. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna.
8. Tillaga stjórnar um að samþykkja starfskjarastefnu Exista hf.
9. Önnur mál.

Tillögur frá hluthöfum sem bera á upp á aðalfundi skulu vera komnar í hendur stjórnarinnar eigi síðar en sjö dögum fyrir aðalfund.

Framboð til stjórnar félagsins skal berast skriflega til stjórnar eigi síðar en fimm dögum fyrir aðalfund.

Fundargögn verða afhent á aðalfundardegi frá kl. 09:30 á fundarstað.

*Reykjavík, 18. ágúst 2009.*
*Stjórn Exista hf.*

Exista hf. | Ármúla 3 | 108 Reykjavík | Sími 550 8600 www.exista.is


RAFVÖRU MARKAÐURINN
MIKIÐ ÚRVAL ÚTILJÓSA!
LÁGVÖRUVERÐS-VERSLUN
VIÐ FELLSMÚLA - REYKJAVÍK
HÆÐ: 35 CM
8995
GARÐSETT 3 STK. 12V M/SPENNI
HÆÐ: 30 CM
8995
GARÐSETT 3 STK. 12V M/SPENNI
HÆÐ: 40 CM
8995
GARÐSETT 3 STK. 12V M/SPENNI
3895 VEGGLJÓS
3895 VEGGLJÓS
STÆRÐ: 23X10 CM
1995
INNFELLD LJÓS
TILBOÐ!
6495 VEGGLJÓS
6495 VEGGLJÓS
ÚTISTAUR HÆÐ 100 CM
8995
4 STÆRÐIR
FRÁ 8995
LED GARÐSETT 3 STK. M/SPENNI
3 STÆRÐIR
FRÁ 4995
INNFELLD LED LJÓS
4695
ÚTIKASTARI
7795
NIÐURGRAFIÐ LED LJÓS
FRÁ 3995
VEGG OG LOFTLJÓS BREIDD 23,5 CM
HÆÐ: 80 CM
6495
HÆÐ: 80 CM
5495
HÆÐ: 45 CM
5495
HÆÐ: 80 CM
HÆÐ: 80 CM
5495
6495
HÆÐ: 110 CM
5495
ÚTISTAUR - STÓR
4495
ÚTISTAUR - LÍTILL
HÆÐ: 45 CM
LITIR: STÁL KOPAR
4995 VEGGLJÓS
4595 VEGGLJÓS
3895 VEGGLJÓS
Birt með fyrirvara um prentvillur. Vörur geta verið uppseldar.
RAFVÖRU MARKAÐURINN
VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888
OPIÐ:
Mánud. til föstud. kl 9 - 18
Laugard. kl 10 - 16

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

# FÁÐU ÞÉR KORT


FRIDA


GERPLA


BRENNUVARGARNIR


FÍASÓL


UTAN GÁTTA


ÍSLANDSKLUKKAN


OLIVER!


HÆNUUNGARNIR

Fjögurra sýninga leikhúskort kostar aðeins **9.900** kr.

**Opið hús í Þjóðleikhúsinu 29. ágúst**

Leikhúsið leitar að strákum á aldrinum 8-13 ára til að fara með hlutverk í söngleiknum Oliver! Skráning í áheyrnaprufur fer fram á Opnu húsi í Þjóðleikhúsinu 29. ágúst kl. 13-16.




Komdu til okkar á Hverfisgötuna, hringdu í síma 551 1200, sendu okkur póst á midasala@leikhusid.is eða smelltu á leikhusid.is




**LÖGREGLA** Lögreglan hefur þær heimildir sem mælt er fyrir um í frumvarpi um kyrrsetningu eigna, að mati lögmanns. Myndin tengist fréttinni óbeint. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Óbreytt frumvarp bryti mannréttindi

**Ragnar Aðalsteinsson segir frumvarp um kyrrsetningu í óbreyttri mynd skerða mannréttindi. Lilja Mósesdóttir tekur athugasemdir Ragnars alvarlega. Brynjar Níelsson segir frumvarpið í raun óþarft. Lögreglan hafi þegar þessar heimildir.**

**STJÓRNSÝSLA** Ragnar Aðalsteinsson lögmaður, sem sérhæfir sig í mannréttindum, telur að ef frumvarpi um kyrrsetningu eigna verði ekki breytt kunni það að skerða mannréttindi skattborgaranna.

„Ég tel að endursemja verði frumvarpið og setja nánari skilgreiningar á því hvenær heimilt verði að beita kyrrsetningu. Að öðrum kosti kann þetta að skerða mannréttindi skattborgaranna bæði er varða reglur um að maður sé saklaus uns sekt er sönnuð og eignarréttarvernd stjórnarskrár,“ segir Ragnar, sem var gestur efnahags- og skattanefndar þegar frumvarpið var til umræðu í gær.

Mikið hefur verið rætt um heimild til frystingar eigna vegna rannsóknar á bankahruninu. Frumvarp liggur nú fyrir Alþingi þar sem skattrannsóknarstjóra ríkisins verður heimilt að kyrrsetja eigur aðila sem eru til rannsóknar hjá embættinu. Efnahags- og skattanefnd er með málið til umfjöllunar og ásamt Ragnari komu ASÍ, SA og Samtök fjármálafyrirtækja á fund nefndarinnar í gær.


RAGNAR AÐALSTEINSSON


BRYNJAR NÍELSSON

Brynjar Níelsson lögmaður telur að frumvarpið sé allt of víðtækt og í raun óþarfi. Í lögum um sakamál er mælt fyrir um að lögregla geti kyrrsett eigur ef hætta þykir á að eignum verði skotið undan. „Ef það er grunur um brot getur skattrannsóknarstjóri farið með málið til lögreglu og látið hana kyrrsetja eigurnar þó að rannsóknin sé áfram hjá skattinum,“ segir Brynjar.

Tryggvi Þór Herbertsson, fulltrúi í efnahags- og skattanefnd fyrir Sjálfstæðisflokkinn, er hræddur um að frumvarpið sé ekki nógu ígrundað og úrræðin skerði réttaröryggi og mannréttindi borgaranna. Í frumvarpinu séu yfirvöldum gefin mikil völd til að ganga að einstaklingum.

„Frumvarpið er opið leyfi fyrir stjórnvöld. Menn halda að heimildinni verði ekki misbeitt en við getum horft til Bretlands í þeim efnum. Þeir settu hryðjuverkalög sem átti bara að nota gegn hryðjuverkamönnum en svo var heimildinni beitt gegn Íslandi.“

Lilja Mósesdóttir, varaformaður efnahags- og skattanefndar, segir að nefndin taki athugasemdir Ragnars alvarlega. Enn eigi réttarfarsnefnd þó eftir að koma fyrir nefndina og eftir það verði tekin ákvörðun um hvort vinna eigi frumvarpið aftur.

„Ég held að þessi gagnrýni sé réttmæt og hana þarf að taka til greina því ákveðin hætta er á því að gengið verði á rétt grunaðra sem geta reynst saklausir,“ segir Lilja. Því þarf að vera á hreinu hvenær sá grunaði getur andmælt, að hve miklu leyti og hversu mikið af eignum er hægt að frysta og hversu lengi, að mati Lilju.

vidir@frettabladid.is


HOSTELLING INTERNATIONAL

# Þórsmörk

– frábær fyrir vinnustaðinn eða vinahópinn












*Í Húsadal í Þórsmörk er frábær aðstaða fyrir hópa af öllum stærðum. Á staðnum er rúmgóður funda- og matsalur og boðið er upp á fulla veitingaþjónustu. Fjölbreytt gisting er í boði fyrir allt að 120 manns. Þeir sem vilja upplifa sannkallaða fjallastemningu geta gist í skálum en þeir sem vilja vera meira útaf fyrir sig geta gist í smáhýsum eða tveggja manna herbergjum. Þórsmörk er ævintýraland náttúruunnenda með endalausum möguleikum á gönguferðum og annarri útiveru í aðeins 150 km fjarlægð frá Reykjavík.*

- Fjölbreyttir gistimöguleikar; m.a. tveggja manna herbergi og 4-5 manna smáhýsi
- Stór funda- og matsalur
- Nettenging
- Heit laug og gufubað
- Tilvalið fyrir vinahópa, fyrirtæki, skóla og starfsmannafélög

**Farfuglar** | Borgartún 6 | 105 Reykjavík | Sími 552 8300 | thorsmork@thorsmork.is | www.thorsmork.is

Blindrafélagið sjötíu ára:

## Borgin og Bónus verðlaunuð

**FÉLAGSMÁL Reykjavíkurborg og Bónus fá Samfélagslampa Blindrafélagsins í tilefni af sjötíu ára afmæli Blindrafélagsins á morgun. Þetta er í fyrsta skipti sem lampinn er veittur en hann fá fyrirtæki og stofnanir sem hafa stuðlað að auknu sjálfstæði blindra og sjónskertra.**

**Reykjavík fær lampann fyrir akstursþjónustu blindra í borginni og Bónus fyrir áralangt og traust samstarf við Blindravinnustofuna. Afmæli félagsins verður haldið á Hilton Reykjavík Nordica á morgun klukkan 15. Félagsmenn og velunnarar félagsins eru boðnir velkomnir.** - vsp

Fyrirtæki gefur þriðjung af söluverðmæti lax til styrktar góðu málefni:

## Styrkja ferðasjóð langveikra barna

**GÓÐGERÐAMÁL** Ópal Sjávarfang, í samstarfi við verslanir sem selja laxinn þeirra og Icelandair, standur um þessar mundir fyrir verkefninu „Gefðu með þér“ sem er tileinkað Vildarbörnum Icelandair – ferðasjóði langveikra barna.

Verslanirnar sem taka þátt bjóða til sölu 200 gramma hangireyktan lax frá Ópal. Af hverju laxaspjaldi, sem kostar 897 krónur, renna 300 krónur óskertar í sjóð Vildarbarna.

Sjóðurinn aðstoðar langveik börn og fjölskyldur þeirra við að stíga um stund út úr skugga óvissu og fjárhagsörðugleika, og brjóta upp hversdaginn, ferðast saman og búa til góðar minningar.

Árni Theodór fór í ferð til Orlando á vegum sjóðsins árið 2007: „Ferðin veitti okkur ómælda gleði. Með sameiginlegu átaki var tilgangi hennar náð, Árni Theodór var alsæll, og börnin öll reynslunni ríkari og fróðari. Það er ómetanlegt happ að hafa hlotnast þetta einstaka tækifæri,“ segir í frásögn sem fjölskylda hans skráði.

Fyrirtækin sem taka þátt í verkefninu eru: Auglýsingastofan Ennemm, Hagkaup, Kaskó, Krambúðin, Krónan, Melabúðin, Nettó, Nóatún, Rými, Samkaup, Svansprent, 10-11 og Vörumerking. - vsp




**HANGIREYKTUR LAX** Hvert laxaspjald kostar 897 krónur og af þeim fara 300 krónur óskertar til Vildarbarna.

Alþjóðlegt námskeið á Íslandi:

## Flot og steypa trekkja að gesti

**VÍSINDI** 65 erlendir sérfræðingar frá sextán löndum sækja tvö tveggja daga námskeið á sviði flotfræði og steinsteyputækni sem ICI Rheocenters, öndvegissetur Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands í steinsteypufræðum, heldur. Síðari dagur námskeiðanna er í dag.

Í tilkynningu frá Nýsköpunarmiðstöð segir að námskeiðið sé til vitnis um hversu framarlega Ísland sé á þessu sviði. Á námskeiðinu fá þátttakendur meðal annars leiðsögn við notkun á háþróuðum íslenskum mælitækjum sem notuð eru við rannsóknir og lagningu á steypu í yfir fjörutíu löndum víða um heim. - bs



**MJÓ SKIL** Mjó eiði skilja að Jökulsárlón og Atlantshafið, og um þau liggur Þjóðvegur 1. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Þjóðvegurinn við Jökulsárlón:

## Munu halda sjó næstu áratugi

**SAMGÖNGUR** Ekki er talin ástæða að svo stöddu til að ráðast í framkvæmdir til að verja þjóðveginn við Jökulsárlón. Garðar sem gerðir voru út með Jökulsá á Breiðamerkursandi hafa dugað ágætlega, að sögn sérfræðinga Vegagerðarinnar.

„Við höldum sjó í einhverja áratugi,“ segir Einar Hafliðason, forstöðumaður brúardeildar hjá Vegagerðinni.

Hann segir ekki tímabært að hafa áhyggjur af því að þjóðvegurinn fari í sundur við Jökulsárlón. Sérfræðingar óttuðust fyrir nokkrum árum að landbrot við lónið myndi á endanum rjúfa þjóðveginn. - bj



**UNDIRRITUN** Benedikt Jónsson, ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytisins, og Birkir Hólm Guðnason, framkvæmdastjóri Icelandair, undirrituðu samninginn í gær.

Íslendingar á EXPO 2010:

## Vinna að sókn íslenskra lista

**MENNING Fulltrúar utanríkisráðuneytisins og Icelandair undirrituðu samstarfssamning í gær í tengslum við þátttöku Íslands á heimssýningunni EXPO 2010 sem haldin verður í Shanghai í Kína á næsta ári. Skipuleggjendur EXPO munu afhenda Íslandi leiguskála til afnota 25. september næstkomandi.**

**Stuðningur Icelandair við verkefnið mun meðal annars nýtast í átaki sem utanríkisráðuneytið stendur fyrir í samstarfi við Hönnunarmiðstöð Íslands og Útflutningsskrifstofu íslenskrar tónlistar til að stuðla að markaðssókn íslenskra listamanna, hönnuða og hugvitsmanna í Asíu.** - vsp

NÁMAN

2 fyrir 1 í bíó fyrir Námufélaga

Náman leggur námsmönnum lið með því að bjóða hagstæðari kjör, betri yfirsýn yfir fjármálin, 2 fyrir 1 í bíó*, 150 fríar færslur á ári, Námu A-kort með Aukakrónusöfnun auk fjölda annarra fríðinda. Það er leikur að læra með Námunni.

Kynntu þér Námuna á landsbankinn.is, í síma 410 4000 eða í næsta útibúi

Landsbankinn



Ásta Fanney Sigurðardóttir, Námufélagi og myndlistarnemi

*Gildir í Laugarásbíói, Smárabíói, Regnboganum, Háskólabíói og Borgarbíói mán.-fim. sé greitt með Námukorti

NBI hf. (Landsbankinn), kt. 471008-2080

ENNEMM / SÍA / NM38561

# Alltaf eitthvað nýtt og spennandi

Nýr v
kom
í lo

Enn og aftur er Tölvuskólinn brautryðjandi í undirbúningi nemenda fyrir alþjóðlegar prófgráður. Í haust verður meðal annars boðið upp á nokkrar mismunandi leiðir á hinni vinsælu MCITP-braut.

- **MCITP (hefðbundið nám) hefst 2. og 3. september. Verð kr. 299.000.-**
- **MCITP + Exchange (hefðbundið nám) hefst 2. og 3. september. Verð kr. 398.000.-**
- **MCITP með MS Cert Kit (ný nálgun – lægra verð) hefst 8. september, verð kr. 249.000**
- **MCITP + Exchange með MS Cert Kit (ný nálgun – lægra verð) hefst 8. september, verð kr. 329.000**

### MCITP ný nálgun - lægra verð. MS Cert Kit

Tölvuskólinn iSoft-Þekking mun á haustönn 2009 bjóða upp á nýja leið til undirbúnings fyrir MCITP gráðuna í samstarfi við Microworld í Danmörku og MS Cert Kit veftólið. Microworld hefur í nokkur ár þróað nýja leið sem hentar mjög mörgum til að hámarka undirbúning sinn fyrir gráðuna. Mismunurinn í megin dráttum liggur í að meiri áhersla er lögð á aðra þætti undirbúnings en hina hefðbundnu kennslu. Aðgengi að rafrænu stuðningsefni frá Microsoft (E-learning) æfingapróf og 24/7 aðgengi að viðurkenndum Microsoft sérfræðingum er meðal þess sem bætist við ásamt eftirfylgni og stöðumati.

### Fjarkennsla – aldrei verið einfaldara

Tölvuskólinn iSoft – Þekking mun á haustönn 2009 hleypa af stokkunum fjarkennslu með nýju sniði þar sem áherslan er á að nemendur tengist beint inn á auglýst námskeið hjá skólanum. Ekki er um að ræða sérstök námskeið fyrir fjarkennslunemendur heldur er miðað við að þeir séu hluti af hefðbundnum bekk. Nemendur sem af einhverri ástæðu hafa ekki möguleika á að komast til okkar geta nú tengst okkur beint og fylgst með öllu sem fram fer í stofunni ásamt því að koma með spurningar beint til kennara meðan á kennslu stendur. Notast verður við nýjustu tækni frá Microsoft sem er einföld og aðgengileg.

### Bjóðum einnig upp á nám í:

- Kerfisstjórnun – grunnnám (A+, Network+, Windows 7)
- Microsoft SQL 2008 gagnagrunnum (nokkur námskeið)
- Forritun í .NET 3.5 umhverfinu
- Cisco netbúnaði til undirbúnings CCNA gráðunni
- Microsoft Office Sharepoint 2007 (nokkur námskeið)
- Microsoft Powershell
- Microsoft System Center Configuration Manager
- Microsoft Exchange server 2007
- Microsoft Windows 2008 server

**Allar nánari upplýsingar veittar í síma 511-3080 og á vefnum www.isoft.is**



Microsoft GOLD CERTIFIED Partner

Learning Solutions
Networking Infrastructure Solutions



vefur
inn
ftið

# VIÐSKIPTANÁM

## Skrifstofunám • 260 std.

Viðamikið og hagnýtt nám í takt við þarfir markaðarins. Nám fyrir fólk á öllum aldri sem þarf að styrkja stöðu sína á vinnumarkaði með eftirsóttri menntun og færni. Að loknu námi á þessari braut eiga þátttakendur að vera færir um að vinna sjálfstætt við öll almenn skrifstofustörf sem öflugir tölvunotendur, ritarar og við bókhald. Kennd er ein námsgrein í senn sem lýkur með prófi (alþjóðleg próf) eða verkefni.

**Tölvugreinar:**
Windows, ritvinnsla í Word, Excel, PowerPoint, Outlook tölvupóstur, skipulag og dagbók. Stafrænar myndir og myndvinnsla.

**Viðskiptagreinar:**
Verslunarreikningur, VSK, bókhaldsgrunnur og tölvubókhald, tollskýrslugerð.

**Persónuleg færni:**
Tjáning og framkoma, atvinnuumsóknir, atvinnuviðtöl og ferilskrár. Verslunarbréf , íslensk og ensk. Sölutækni og markaðsmál.

**Hefst 7. sept. Morgun og kvöldhópar**
**Lengd: 260 std. Verð kr. 199.000,-**

## Tölvu og bókhaldsnám • 200 std.

Sérlega gagnleg og hnitmiðuð námsbraut sem skilar strax árangri. Námsbrautin skiptist í tölvugreinar og viðskiptagreinar. Hægt er að taka þátt í fjarkennslu. Sjá nánari lýsingu á heimasíðu.

**Hefst 7. sept. morgun og kvöldhópar**
**Verð kr. 159.000,-**

## Stök námskeið

**Bókhald 1** Lengd 100 std. Verð kr. 109.000,-

**Bókhald 2** Lengd 90 std. Verð kr. 98.000,-

**Navision – fjárhagsbókhald (Microsoft Dynamics NAV)**
Lengd 42 std. Verð kr. 54.000,-

**Tollskýrslugerð** Lengd 21 std. Verð kr. 28.000,-

# VEFUR – GRAFÍK – MYNDVINNSLA

## Grafísk hönnun • 116 std.

**Grafísk hönnun**
Vinsælt og hagnýtt nám fyrir skapandi fólk. Kennt er á mest notuðu hönnunarforritin í dag: Photoshop, Illustrator og InDesign. (CS4)
**Lengd 116 std. Verð kr. 129.000,- Hefst 7. sept.**

**Vefsíðugerð**
Photoshop og Dreaweaver.
**Lengd 47 std. Verð kr. 54.000,- Hefst 7. sept**

## Almenn tölvunámskeið

**Grunnnám**
Námskeið ætlað byrjendum á öllum aldri
**Lengd 42 std. Verð kr. 39.000,- Hefst 8. sept. morgun og kvöldhópar**

**Almennt tölvunám**
Windows – Word – Excel - Internet – Outlook
**Lengd 60 std. Verð kr. 49.000,- Hefst 7. sept. morgun og kvöldhópar**

**ECDL tölvunám**
Windows – Word – Excel – PowerPoint – Internet og Outlook
**Lengd 84 std. Verð kr. 65.000,- Hefst 7. sept. morgun og kvöldhópar**

## Eldri borgarar 60+

**Eldri borgarar 60+ Byrjendur**
Lengd 30 std Verð kr. 25.000,- Hefst 2. sep

**Eldri borgarar 60+ Framhald**
Lengd 30 std Verð kr. 25.000,- Hefst 3. sep

**Stafrænar myndavélar og tölvan 60+**
Lengd 18 std Verð kr. 15.000,- Hefst 28. sep



TÖLVUSKÓLINN
isoft-þekking

Skeifan 11B • 108 Reykjavík • Sími 511-3080 • isoft@isoft.is • www.isoft.is

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Kostir og gallar smæðarinnar:

## Leggjum út af styrkleikanum

HALLA TÓMASDÓTTIR SKRIFAR

Grein Anne Sibert hagfræðiprófessors hefur vakið sterk viðbrögð í íslensku samfélagi. Anne Sibert og eiginmaður hennar, Willem Buiter, unnu skýrslu fyrir Landsbankann á vormánuðum 2008 og lýstu þar miklum efasemdum um framtíð íslensku bankanna. Skýrsluna kynntu þau stjórnendum Landsbankans, fræðimönnum, Seðlabankanum og stjórnvöldum, sem stungu henni undir stól. Margt bendir til þess að slíkt hið sama vilji ýmsir gera við þau sjónarmið sem prófessorinn reiðir fram í nýlegri grein sinni um vanda smárra þjóða.

Smæð þjóðar hefur vissulega marga kosti. Sveigjanleikinn er meiri og því mögulegt að ná samstöðu um breytingar mun hraðar en í stærri samfélögum. Því er einnig haldið fram að hagvöxtur sé meiri hjá smærri þjóðum. Sá mikli hagvöxtur sem hér var reyndist okkur þó dýrkeyptur. Atvinnustigið varð hærra en heilbrigt getur talist og orsakaði raunverulega hæfileikakrísu. Hraður vöxtur fjármálageirans jók enn á þá krísu fyrir hefðbundin fyrirtæki, stjórnsýslu og eftirlitsstofnanir sem gátu á engan hátt keppt við þau ofurkjör sem bankarnir buðu.

*Einstaklingar í ábyrgðarstöðum sem fara með almannafé þurfa einnig að líta í eigin barm og tryggja að ákvarðanir þeirra og vinnubrögð standist gagnrýni.*

En líklega er einn mesti vandi smæðarinnar hér fólginn í því að allir eru meira og minna tengdir. Bankastjórar, stjórnmálamenn og forystumenn eftirlitsstofnana og skilanefnda eru tengdir fjölskylduböndum, eru flokksbræður og systur, skólasystkini, viðskiptafélagar, nágrannar og vinir. Slíkar aðstæður bjóða vissulega uppá stuttar boðleiðir og mikinn sveigjanleika, en jafnframt geta þær leitt til meðvirkni, klíkuskapar og spillingar.

Svo mörg dæmi er að finna um slíkt bæði í aðdraganda og í kjölfar bankahrunsins hér á landi að nærtækast er að halda því fram að hér þyki það einfaldlega eðlilegt að nýta stöðu sína til að hygla sér og sínum. En það er ekkert eðlilegt við slík viðhorf og þau ber að uppræta. Ef ekki nú, hvenær þá? Það hlýtur að vera eitt brýnasta verkefni stjórnvalda sem nú fara með vaxandi völd að setja skýrar leikreglur um fagleg og siðleg vinnubrögð og tryggja jafnframt að farið verði að þeim leikreglum. Einstaklingar í ábyrgðarstöðum sem fara með almannafé þurfa einnig að líta í eigin barm og tryggja að ákvarðanir þeirra og vinnubrögð standist gagnrýni. Öðruvísi verður ekki barið í þá bresti sem þegar er að finna í samfélagssáttmálanum.

Við eigum að leggja út af helsta styrk smæðarinnar og sameinast um upptöku faglegri vinnubragða og heilbrigðara gildismats á öllum sviðum okkar samfélags. Við eigum að fagna erlendum sérfræðingum sem eru í aðstöðu til að sjá og segja hluti sem við erum ýmist of blind til að sjá sjálf, eða of tengd til að geta sagt. Látum ekki hroka koma í veg fyrir að við sjáum sannleikskornin þegar utanaðkomandi aðilar rýna okkar samfélag til gagns.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Gengur bara vel

Blaðamaðurinn Friðrik Þór Guðmundsson, Lilló, er einn þeirra sem hafa tjáð sig fyrir hönd Borgarahreyfingarinnar. Í nýjum pistli á heimasíðu sinni gerir hann úttekt á störfum þinghópsins og fær hann jákvæða umsókn, þó að ein „dramatísk atkvæðagreiðsla og og ein alvarleg úrsögn úr þinghópnum skyggi vissulega á“.



Nú er horft framhjá því hvað alvarleg úrsögn er – sem gefur til kynna að til sé léttúðug úrsögn. En sú bjartsýni að vera hæstánægður með þinghóp sem hefur minnkað sjálfan sig um fjórðung á þremur mánuðum er annað hvort til mikillar eftirbreytni, eða ber að forðast eins og heitan eldinn.

### Oftar út?

Ríkisstjórnin kynnti í gær eina fjölmargra aðgerða sem grípa á til í því skyni að spara ríkisútgjöld og lækkaði laun handhafa forsetavalds. Þeir hafa undanfarin fimm ár fengið tíu milljónir samanlagt fyrir störf sín, en sú upphæð mun lækka í tvær milljónir. Spurning hvort forsetinn nýti tækifærið og fari oftar út?

### Aðeins þarf eina reglu

Nokkur umræða hefur farið fram um öryggi þeirra er stunda sjósund, eftir að einn helsti kappinn í þeirri íþrótt, Benedikt Lafleur, hvarf mönnum sjónum í sjónum í Skagafirði um helgina. Benedikt, sem lengi hefur boðað fagnaðarerindi sjósunds og nokkrum sinnum reynt við Ermarsundið, segir menn ræða sín á milli um að setja reglur um hvernig beri að haga sér þegar synt er í sjónum.



Í raun þarf bara eina einfalda reglu um sjósund: að menn hætti að sýna karlmennsku sína með því að svamla í sjónum og fari að bera virðingu fyrir eyðandi afli hans. kolbeinn@frettabladid.is

# Mikilvægt fólk



JÓNÍNA MICHAELSDÓTTIR

Í DAG | Lögreglan

Þegar ég var að vaxa úr grasi, voru börn meira á eigin vegum en þau eru í dag. Maður skottaðist um hverfið allan daginn og foreldrar manns vissu ekki endilega hvar maður var hverju sinni eða með hverjum. Lífið var ævintýri. Hins vegar var betra að vera innan seilingar á matartímum.

Við bjuggum nokkur ár í rauðu húsi við Bergþórugötu. Það hús var rifið fyrir löngu, en krakkarnir í götunni, líf og leikir, fyrnast ekki. Austurbæjarbíó var á næstu grösum og á sunnudögum var gjarnan farið í þrjú bíó. Konungur kúrekanna, Roy Rogers, var aðalmaðurinn. Fyrir utan að lifa okkur inn í kvikmyndir þar sem hann var í aðalhlutverki, var skipst á myndum, rétt eins og krakkar gera í dag með myndir af knattspyrnumönnum, innlendum og erlendum. Þess utan var verslun á Klapparstígnum sem seldi hasarblöð með myndasögum um ævintýri Roy Rogers. Maður gaf sér góðan tíma í þeirri verslun.

Roy var góði gæinn. Brosmilda hetjan á fallega hestinum, sem söng skemmtileg kúrekalög, ýmist einn eða með vinum sínum. Nöfnin á hesti hans og hundi gáfu hins vegar til kynna að vondu karlarnir kæmust ekki upp með neinn ósóma: Hesturinn hét Trigger og hundurinn Bullet. Enginn sá við Roy. Maður gat treyst því að hann leysti málin, með bros á vör.

### Að vera lögga

Á þessum árum bjó ung frænka mín í kjallaraíbúð við Snorrabraut með manni sínum og ungum syni. Ég kom gjarnan við hjá þeim eftir bíóferðir og oft þess utan, því að þau voru bæði glaðsinna og gestrisin og litli drengurinn þeirra sérstaklega skemmtilegt barn. Maðurinn var lögreglumaður. Mér þótti það merkilegt í meira lagi, spurði oft hvað hann væri að gera í vinnunni. Fékk jafnan greinargóð svör, rétt eins og ég væri fullorðin manneskja og þegar mig langaði að setja á mig lögguhúfuna, var það sjálfsagt. Ég færði mig þá upp á skaftið, spurði hvort ég mætti prófa að vera í jakkanum af einkennisbúningnum og hann klæddi mig í hann með bros á vör. Ég var átta ára gömul og hvarf nánast inn í þennan embættisbúning. Ég rölti nokkra stund um í íbúðina og velti fyrir mér hvernig

*Lögreglan hefur uppskorið almenna virðingu vegna viðbragða við skrílslátum og ofbeldi síðustu missera. Þetta er ein mikilvægasta stétt landsins og augljóslega í allra þágu að hún sé vel mönnuð. Þjóðfélagið hefur gjörbreyst, bæði til góðs og ills.*

væri að vera lögga. Hvað menn í svona fatnaði væru að hugsa í vinnunni, til dæmis úti á götu þar sem allir væru að horfa á þá. Það kom yfir mig sérstök tilfinning, þarna inni í þessum búningi sem ég man enn í dag. Líkast til hef ég skynjað það, án þess að skilja það þá, að þegar menn eru í einkennisbúningi, hvort sem þeir eru lögreglumenn, hermenn eða þjónar, eru þeir í augum annarra persónur í hlutverki, en ekki einstaklingar. Þetta á á vissan hátt við um öll störf, en einkennisbúningur þurrkar út einstaklingseinkenni. Þú ert lögga, ekki Jón eða Gunna. Þó eigum við allt undir því hvernig manneskjur eru í einkennisklæðnaði lögreglumanna þegar kemur að öryggi okkar og velíðan á flestum sviðum samfélagsins.

### Gjörbreytt þjóðfélag

Eiginmaður frænku minnar var aldrei kallaður annað en Kalli lögga í fjölskyldu minni, og smám saman fannst mér Roy Rogers ekki standast samanburð við hann, þó að Kalla vantaði Trigger. Hann var traustur, fumlaus og skapléttur og ekkert virtist koma honum á óvart. Þess utan var hann laginn og úrræðagóður ef eitthvað bilaði. Allt góðir kostir við lögreglumann og manneskju. Ég hafði ekki hitt þennan vin bernsku minnar í áratugi þegar hann féll frá í júlímánuði. Við útför hans báru lögreglumenn kistuna hans út og Lögreglukórinn söng. Góðar minningar um einkennisbúning lögreglumanna og ábyrgðina sem fylgir honum lifnuðu í huganum á þessari stund.

Lögreglan hefur uppskorið almenna virðingu vegna viðbragða við skrílslátum og ofbeldi síðustu missera. Þetta er ein mikilvægasta stétt landsins og augljóslega í allra þágu að hún sé vel mönnuð. Þjóðfélagið hefur gjörbreyst, bæði til góðs og ills. Í verri kantinum er vaxandi ofbeldi, ruddalegt málfar, fólk sem svífst einskis og kemst upp með það. Þjófnaður virðist vera orðinn atvinnugrein, innbrot á heimili hætt að koma á óvart og dæmdir afbrotamenn ganga lausir af því að það vantar húsnæði fyrir þá. Þó að tæknin stytti mönnum leið í ýmsum málum miðað við fyrri tíma, er yfirstandandi ástand varla tíminn til að draga saman hjá þeim sem standa vörð um öryggi landsmanna. Það bitnar á endanum á okkur sjálfum.

# Rökvilla Þorsteins Pálssonar

UMRÆÐAN

Friðrik J. Arngrímsson skrifar um fiskveiðistjórnun



FRIÐRIK J. ARNGRÍMSSON

Þorsteinn Pálsson skrifaði grein í Fréttablaðið á laugardaginn þar sem hann komst sem fyrr að því að rétt væri að beita heilbrigðri skynsemi við stjórn fiskveiða.

Í lok greinarinnar dró hann upp tvo kosti sem hann telur að margt bendi til að þjóðin standi frammi fyrir og spyr á hvora sveifina íslenskir útvegsmenn leggist ef sú sé raunin.

Þessir kostir eru að mati Þorsteins Pálssonar „Að innleiða gamla úrelta fiskveiðistjórnun Evrópusambandsins og hafna aðild eða ganga í sambandið og verja rétt Íslands til veiða og hagkvæmrar stjórnunar á grundvelli takmarkaðra markaðsreglna eins og verið hefur.“

Með þessari uppstillingu sneiðir Þorsteinn Pálsson fram hjá hinu augljósa, sem er að inngangа í ESB kemur ekki í veg fyrir að íslensk stjórnvöld sniðgangi skynsemina og setji íslenskum sjávarútvegi vitlausar reglur. Það sem breytist hins vegar er það að til viðbótar því að íslensk stjórnvöld geti sett sjávarútveginum óskynsamlegar reglur þurfum að lúta þeim reglum sem ESB kýs að setja okkur.

Verkefni íslenskra útvegsmanna er því eftir sem áður að stuðla að því að á Íslandi verði rekinn sjálfbær og arðbær sjávarútvegur sem skilar íslenskri þjóð mestum arði af mikilvægustu auðlind okkar. Inngangа Íslands í ESB er ekki lóð á þá vogarskál.

*Höfundur er framkvæmdastjóri LÍÚ.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRI:** Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

**ÁRBÆJARLAUG** verður lokuð vegna árlegs viðhalds dagana 17. til 23. ágúst. Opnað verður aftur klukkan 6.30 mánudaginn 24. ágúst.






**Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Hugi Garðarsson** hugi@365.is 512 5447









Bogfimi er ein af þeim greinum sem Pétur hefur prófað í sumar, en þær eru þó nokkuð margar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Gaman að prófa margt

**Bogfimi, karate og klettaklifur eru meðal þess sem finna má afrekalista Péturs Ólafs Aðalgeirssonar í sumar. Að sögn finnst honum gaman að prófa eitthvað nýtt og á erfitt með að halda sig við eitt í einu.**

„Ég prófaði klettaklifur í fyrsta skipti í sumar. Það er allt öðruvísi en ég hafði hugsað mér," segir stærðfræðineminn Pétur Ólafur Aðalgeirsson. „Ég hélt ég mætti klifra hvert sem ég vildi en klettaklifrið er svo fjölbreytt vegna þess að maður fer eftir merktum brautum."

Pétur segir að móðurbróðir sinn hafi stungið upp á klettaklifrinu en vini Péturs datt fyrir nokkrum árum í hug að byrja að æfa bogfimi. „Ég stundaði bogfimina í tvö ár og sótti mót úti í Þýskalandi. Þegar ég fór í háskóla í Danmörku tók ég bogann með mér og fann æfingasvæði þar. Í sumar er ég samt bara búinn að fara tvisvar."

Pétur var atvinnulaus í sumar en hefur þó greinilega ekki setið auðum höndum. Hann hefur prófað fleiri íþróttir. „Þetta er búið að vera ótrúlega skemmtilegt sumar. Ég hef gengið upp á Esju, farið í hjólaferðir, æft karate og siglt."

Aðspurður segist Pétur bæði hafa farið á seglskútu og í sjóstangveiði á árabát með mótor. „Ég er búinn að fara tvisvar sinnum á skútuna og það er ótrúlega gaman. Það er svo skemmtilegt að læra hnútana og venda seglinu," útskýrir Pétur. „Svo fór ég í sjóstangveiði og ég fékk loksins undir lokin tvær sæmilega litlar ýsur," segir Pétur og bætir við að þær hafi bragðast ágætlega.

Pétur segist hafa verið sérstaklega virkur eina viku sumars. „Ég hafði verið á Þingvöllum í tvær vikur og lá þar í sólbaði þannig að um leið og ég kom heim fór ég beint út að hjóla. Daginn eftir skellti ég mér hjólandi út að Esju frá Vogahverfinu, hljóp sem tímavörður á undan keppendum í Esjuhlaupi og rölti niður," segir Pétur, sem fór aðra ferð upp á Esju í sömu vikunni. „Svo var ég að gera eitthvað á hverjum einasta degi." Pétur ákvað einnig að fara að æfa karate eftir langt hlé í sumar.

En af hverju er hann í svona mörgum greinum? „Mér finnst gaman að prófa sem flest. Þetta er mjög skrítið, ég er búinn að gera mjög mikið í sumar en lítið af hverju."

*martaf@frettabladid.is*









**FINNDU ELDMÓÐINN** er heiti vinnustofu þar sem Janet Attwood, höfundur bókarinnar „The Passion Test“, mun hjálpa fólki til að finna sinn innri eldmóð. Vinnustofan, sem fram fer 5. september á Hilton Reykjavík Nordica hótel, er jafnt opin fyrir karla og konur.



# Fjölbreyttur dans fyrir fólk með gamla drauma

**Margir hafa gengið með ballerínu eða jazzballettdansara í maganum í tugi ára án þess að hafa nokkru sinni látið verða af því. Vonin er ekki úti þótt börnin séu orðin þrjú og unglingsárin að baki.**

Einn af þeim skólum sem bjóða upp á ballettnámskeið fyrir „gamlar“ ballerínur sem vilja rifja upp gamla takta eða þau sem langar að kynnast klassískum listdansi á fullorðinsárum er Listdansskólinn í Hafnarfirði.

„Við vorum með átta vikna námskeið í fyrra og verðum einnig með það nú þar sem kennt er einu sinni í viku, klukkutíma og korter í senn, og þeir sem eru algerir byrjendur sleppa yfirleitt höndum,“ segir Guðbjörg Arnardóttir, sem kennir tímana. „Þetta voru mjög vinsælir tímar í fyrra og við erum ekki að gera mjög flókna hluti en við höfum haft bæði fólk sem hefur æft ballett fyrir löngu og svo byrjendur,“ segir Guðbjörg og bætir við að þær hafi verið á öllum aldri – „sú elsta um 56 ára.“

Ballettskóli Guðbjargar Björgvins býður líka upp á námskeið fyrir uppkomnar ballerínur. Guðbjörg sjálf kennir tvisvar í viku. „Þetta er líka hugsað fyrir fólk sem hefur aldrei látið drauminn rætast og við höfum þá skipt þessu niður í hópa – annars vegar þær sem hafa grunn úr æsku og svo þær sem eru algerir byrjendur. Við höfum kallað þetta „Þær sem vilja láta drauminn rætast“, segir Guðbjörg og það er greinilegt miðað við vinsældirna að margir ganga með dansarann í maganum.



Elsta ballerínan sem stundað hefur nám hjá Guðbjörgu Arnardóttur í Listdansskólanum í Hafnarfirði er 56 ára en námskeiðin hafa verið mjög vinsæl. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Í dansskóla Birnu Björns geta fullorðnir aðdáendur Michaels Jackson lært dansana hans.

Dansskóli Birnu Björnsdóttur hefur boðið upp á fjölda námskeiða fyrir börn og unglinga í freestyle-dansi og jazzballett og nú í vetur verður dansnámskeið í boði fyrir 25 ára og eldri, byrjendur og þá sem hafa stundað dans áður. Gamlir Michael Jackson-aðdáendur geta svo á námskeiðinu lært Jackson-takt þar sem farið verður sérstaklega yfir dansa poppkóngsins heitins.



Að auki má þess geta að allir dansskólar höfuðborgarsvæðisins, sem kenna samkvæmisdansa, bjóða upp á námskeið fyrir fullorðna og Kramhúsið mun nú sem endranær bjóða upp á alls kyns námskeið í dansi frá ýmsum heimshornum.

Fyrirbærið Háskóladansinn er einnig mjög sniðugur vettvangur fyrir fólk sem vill læra salsa eða gömlu góðu swing-„stríðsáradansana“ en þar borga viðkomandi ákveðið annargjald, um 5-7 þúsund krónur, eftir því hvort þeir eru háskólanemandi eða ekki, og mega sækja alla danstíma hjá Háskóladansinum. Má þar benda á heimasíðuna haskoladansinn.is þar sem sjá má hvað er í boði, en kennarar gefa vinnu sína til að halda kostnaði í lágmarki. Ekki er skilyrði að stunda nám í háskóla til að geta sótt tíma.

*juliam@frettabladid.is*



Bjartsýnar konur eru yfirleitt betur á sig komnar líkamlega.

# Bjartsýnar langlífari

**Bjartsýni eykur lífslíkur og dregur úr hættu á hjartasjúkdómum, samkvæmt nýlegri rannsókn.**

Konur sem eru bjartsýnar eru ólíklegri til að fá hjartasjúkdóma. Þetta kemur fram í rannsókn Háskólans í Pittsburgh í Bandaríkjunum sem birt var í tímaritinu Circulation og sagt var frá á fréttavef BBC. Svipaðar niðurstöður um karlmenn voru fengnar í hollenskri rannsókn fyrir nokkru.

Nærri hundrað þúsund konur voru rannsakaðar. Kom þá í ljós að svartsýnar konur áttu frekar á hættu að þróa háan blóðþrýsting og hátt kólesterólmagn í blóði. Bjartsýnar konur voru níu prósentum ólíklegri til að þróa hjartasjúkdóm og fjórtán prósentum ólíklegri til að deyja af nokkurri annarri ástæðu en rannsóknin tók yfir átta ár. Hins vegar voru kaldhæðnar konur, sem hugsuðu illa um aðra og báru almennt lítið traust til annarra, sextán prósentum líklegri til að deyja á sama tíma.

Ein af ástæðum þessara niðurstaðna telja menn vera þá að bjartsýnar konur eigi auðveldara með að takast á við erfiðar aðstæður. Vel gæti verið að þær hugsuðu betur um sjálfar sig þegar þær veiktust. Þá voru bjartsýnu konurnar yfirleitt betur á sig komnar líkamlega enda stunduðu þær frekar æfingar. *- sg*

Kalk er það steinefni sem mest er af í líkamanum. Það er ásamt fosfór nauðsynlegt fyrir vöxt og viðhald beina og tanna. Hægt er að fá kalk úr mjólkurvörum, dökkgrænu grænmeti, höfrum, laxi, þara, hnetum og fleiru.

**Ný og betri Bætiefnabiblía**


**Matargerð með ástúð og virðingu**

**Krúska er matstofa og verslun.**

Í Krúsku er lögð áhersla á holla og vandaða matargerð. Úrval af ferskum, framandi réttum og lífrænum vörum.

***Verið velkomin!***

**KRÚSKA**

**VIÐ ELDUM FYRIR ÞIG**

**KRÚSKA • Suðurlandsbraut 12 • 108 Reykjavík • Sími: 557-5880 • www.kruska.is**




Stelpur Konur
Staðurinn - Ræktin
mótun

EFLIR almannatengsl / HNOTSKÓGUR grafísk hönnun

**Mótun - Nýtt námskeið í boði!**

*Æfingakerfi hannað af Báru Magnúsdóttur*

**Innritun hafin á haustnámskeið!**
**Sími 581 3730**

Frjáls aðgangur að opna kerfinu og tækjasal

**9 vikna námskeið 2x í viku. Ath aðeins 15 í hóp.**
**Verð kr: 29.900. Kennari: Bára Magnúsdóttir.**

• Vaxtarmótun • Mýkt - liðleiki • Styrkur - reisn • Upphitun í tækjasal 20 mín
• MÓTUN, æfingakerfi 40 mín • Hentar öllum aldursflokkum

Miðvikudaga og föstudaga • Kl 16:20 • Kl 17:00
Þriðjudaga og fimmtudaga • kl 10:30

**Barnagæsla - Leikland JSB**

**Velkomin í okkar hóp!**

DANSRÆKT JSB
leggur línurnar

*Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • Bréfasími 581 3732*
*jsb@jsb.is • www.jsb.is*

**Auglýsingasími**

**512 50 50**



– Mest lesið

MaxMara

MARINA RINALDI
STÆRÐIR 42-54

**LAGERSALA 50%-70% AFSLÁTTUR**

MaxMara, HVERFISGÖTU 6 • 101 REYKJAVÍK • SÍMI 562 2862

## Húsaviðhald




**Fagþjónusta - Allt á einum stað**
**Getum bætt við okkur í flísalögn, múrverki, pípulögn, málningu, parketlögn, glerísetningum og fleira. Sérhæfum okkur í lekavandamálum. Einnig tökum við að okkur niðurrif úr húsum og múrbrot. Fljót og góð vinnubrögð. Tímavinna eða tilboð. Upplýsingar í síma 899 2420 Steingæði ehf.**

**Húsaviðhald**
**Tökum að okkur sprungu og múrviðgerðir, trésmíðavinnu, málningarvinnu utanhúss og innan, þakviðgerðir og fleira tengt almennu húsaviðhaldi. Gerum föst tilboð að kostnaðarlausu eða tímavinna. Bjóðum örugga þjónusta og lærða fagmenn. Uppl. í s. 869 3934.**

**Múrverktakar**
Múrvertakar geta bætt við sig öllu almennu múrverki eða múrviðgerðum. Einnig flísalagnir og hellulagnir. Margt kemur til greina. S. 865 2782.

**Pípulagnir**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 663 5315.

**Húsaviðgerðir**
Skiptum um rennur og bárujárn á þökum og múrviðgerðir og fl. Uppl. í s. 659 3598.

**Lekur þakið ?**
Tek að mér að leggja P.V.C dúk á þök og bílskúra, erum líka í þakviðgerðum. Uppl. í s. 659 3598.

## Stífluþjónusta




## Tölvur

**Tölvuviðgerðir - vírushreinsanir - Gagnabjörgun**
Geri við allar tegundir. 15 ára reynsla og microsoft vottun.Ríkharður - Miðnet ehf - S. 6152000

Tölvuviðgerðir, gagnabjörgun. Kem á staðinn. Gott verð. S. 699 6735 Baldvin

## Nudd

Frábært heilnudd, fantastic massage. S. 894 6823.

**NUDD**
Whole body massage. S. 841 8529.

Excellent whole body massage. Top service! 8476555

Tantric whole body massage in down town any time!!! 8698602

## Spádómar




**Spálínur Sjáandans**
**Opið virka daga Sjáandinn S. 908 2727 kl. 18-22 þri.-fim**
**Sibba 908 2507 kl. 22-24**
**Spádómar og ráðgjöf**




**661 3839 - Símaspá**
Opið alla daga frá kl 16:00.

**661 3839 - Símaspá**
Opið alla daga frá kl 16:00.

Spái í spil, einnig í gegnum síma. Ekkert mínutugjald. S. 891 8727, Stella.

## Rafvirkjun




## Trésmíði

**smidaland.is**
Nýsmíði, viðhald, gluggar, sólpallar, skálar, þakviðgerðir. Allt milli himins og jarðar. S. 772 0040.

## Viðgerðir

**Heimilistækjviðgerðir. Þvottavélar ofl.**
Tek að mér að gera við þvottavélar, heimilistæki ofl. Geri við í heimahúsum. Uppl. í s. 772 2049 Ath.

## Önnur þjónusta

**Pípulagningaþjónusta**
Viðhald, viðgerðir og breytingar fyrir einstaklinga og fyrirtæki. Gummi pípari s. 897 3159.

## KEYPT & SELT

## Til sölu

Digital myndavél Canon FS100 til sölu á 60 þús. Minniskubbur og þrífótur fylgja með. Uppl. s: 869-4305.

## Gefins

Óska eftir ísskáp og þvottavél gefins, má vera bilað. Uppl. í s. 896 8568.

## Óskast keypt

**Staðgreiðum gull, demanta og úr.**
**Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumalltgull.is Upplýsingar í síma 661 7000.**

**Kaupi gull !**
**Ég Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi af fólki. Og veiti ég góð ráð. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið.**
**Leitið til fagmanns. Upplýsingar á demantar.is**
**í s. 699 8000 eða komið í Pósthússtræti 13,**
**Verið velkomin**

Vantar rafmagnsknúinn hægindastól. Uppl. S. 896 9654 Sigríður.

Óska eftir að kaupa DVD diska, PS2 leiki og vinyl hljómplötur. Uppl. í s. 698 8629.

**Kaupi vildarpunkta Icelandair**
1.000 punktar jafngilda 500 kr. S. 615 4223 / vidir@vodafone.is

## Til bygginga

Krossviður, timbur, mótaborð, kambstál, gips og fl. uppl. í s: 840-7273 og ulfurinn.is

Óska eftir hringstiga. Ca. 3m á hæð og 90cm radíus á br. Uppl. í s. 899 6985.

## Þjónusta




## Verslun










Öryggis- og peningaskápar.

## Hljóðfæri




**Dúndurtilboð!**
Kassagítarar: 1/4 stærð kr 10.900.- pakkinn með poka, strengjasett og stilliflautu. 1/2 stærð kr. 7.900.- Full stærð kr 12.900.- 3/4 kr. 10.900.- 4/4 kr. 12.900.- Rafmagnsgítarpakkar frá kr. 34.900 Hljómborð frá kr. 8.900 Trommusett kr. 69.900 með öllu. Gítarinn Stórhöfða 27. S. 552 2125 www.gitarinn.is.

## Ýmislegt




Lampar með stækkunargleri í úrvali. Tómstundahúsið, Nethyl 2, sími 587-0600, www.tomstundahusid.is

## HEILSA

## Heilsuvörur

Mér finnst Herbalife vera best. Ótrúlegur árangur, Hjálpumst að. Sólrún Ósk s: 891 9883 www.heilsufrettir.is/solosk.

Árangur með Herbalife í 29 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

## Nudd

**NUDD - HEILSULIND TILBOÐ KR. 3.500.-**
Heilsunudd 45 mín. Kr. 3.500.-slökunarnudd,svæðanudd, Ayur Veda, hunangsnudd, heitsteina- og jurtanudd, sogskálanudd, allskyns snyrting og fleira. Ekkert sex nudd, NO erotic massage. Opið frá 12-18. Pantanir í S. 445 5000.

**Tantric Massage of Sacred touch**
For men, women and couples. Tel 698 8301 www.tantra-temple.com

Vandaðir ferðanuddbekkir frá 60.000 kr. Óléttuferðabekkir, lök, ofl. S: 891 6447

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Ýmislegt



Mikið úrval af Saucony hlaupaskóm fyrir Reykjavíkurmaraþonið Fást í Árbæjarþreki, á móti Árbæjarlaug. S. 567 6471.

## SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið



**ALLT EFNI TIL SKARTGRIPAGERÐAR!**
**Mikið úrval af perlnum, náttúrsteinum og festingum til skartgripagerðar. Einnig pokar og gjafatöskur. Gott verð. Höldum glerbræðslu - leirmótunar og skartgripanámskeið.**
**Glit, Krókhálsi 5, 110 rvk, s. 587 5411 www.glit.is**

## HEIMILIÐ

## Dýrahald

Ungt par í Rvk leitar að hvolpi gefins eða ódýrt. Góðu framtíðarheimili heitið fyrir réttan félaga. Nánari uppl: s-898 5835/sigrun@veldi.is

Gullfallegir hreinræktaðir Chihuahua hvolpar til sölu. Uppl. í s. 690 8091. 123.is/viking

## TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Fyrir veiðimenn




Gæsaveiði til leigu á suðurlandi. Uppl. s. 847 4535.

**Góðir maðkar**
Til sölu! Silungs og Laxa. Margra ára reynsla. S. 692 5133 & 841 7139.

Geirlandsá Eigum laus nokkur holl í eina bestu sjóbirtingsá landsins. Uppl. á svfk.is eða í síma 821 4036

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**Ný 4ra herb. íbúð í Hfj.**
**Örugg leiga. Þvottavél, þurrkari, ísskápur, uppþv.vél, gardínur og öll ljós fylgja með**
**www.heimahagar.is**
**Upplýsingar í síma 7727553**

**www.leiguherbergi.is**

**Gistiheimili / Langtímaleiga**

**/ Guesthouse long term rent.**
**Herb. til leigu. Eldh. baðh. internet, 10 sjónvarpsst., þvottah. Verð frá 35 þús. Dalshraun HFJ og frá 45 þús. Funahöfða RVK. Long term rent. Kitchen, bathroom, 10SAT TV, laundry room. Price from 35.000 ISK. Dalshraun HFJ & 45.000 ISK. Funahöfða RVK.**
**Uppl/info í S. 824 4535.**
**www.leiguherbergi.is**

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Menntaskólanema vantar samleigjanda . Íbúð nálægt HÍ. Þvottavél og þurrkari. Internet. Björgvin sími 8451446 /5563434

Björt og sérlega falleg 60 fm íbúð með sérinngang á fyrstu hæð í þríbýli á friðsælum stað innarlega í húsagötu í Selás. Með íbúðinni fylgir garður og sólpallur sem snýr í vesturátt. Íbúðin leigist út með heimilistækjum og húsgögnum á 105.000kr á mánuði. Valdimar 663-5843

## Húsnæði óskast

Er í HÍ og óska eftir 2-3ja herb. íbúð í Vesturbænum. Reyklaus, reglusöm og skilvís. Sími 662 1572.

Reglusöm kona óskar eftir að taka á leigu studeóíbúð eða 2 herb íbúð. Uppl í s 663 1694.

## Sumarbústaðir

Syðri Reykir Bláskógabyggð Tilboð óskast í 2015fm eignarland og 34fm hús sem er skemmt eftir vatnstjón.Heitt og kalt vatn,rafm við lóðarmörk uppl í s:896 2116.

Sveitabýli í Borgarfirði innréttað sem sumarbústaður, til leigu vikuna 21-28 ágúst. uppl.894-9052

## Geymsluhúsnæði

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán.Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Góð verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað.S: 564-6500

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 2074.

## Gisting

Vikugisting í glæsilegum hótelíbúðum í Hafnarfirði. Allur húsbúnaður, nettenging, sjónvarp, eldunar- og þvottaaðstaða, 2- 6 í íbúð, verð: 45-90 þús. á viku. Uppl. í síma 899 7004.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

Jói Fel

**Garðabær**
**Óskum eftir að ráða duglega manneskju til starfa í afgreiðslu hjá Jóa Fel Garðabæ, vinnutími frá 6:30 - 13:00**
**Upplýsingar gefur Sigríður í s. 692 1540**

kerfi

**Óskum eftir tæknimanni**
**Við óskum eftir tæknimanni :**

**-Tæknimaður / Viðgerðir. Starfsmaður þarf að geta séð um viðhald á kaffi og vatnsvélum og hafa kunnáttu eða reynslu af því.**

**Helstu kröfur í þessi störf:**
**- Aldur 18-55. - Snyrtimennska og heiðarleiki.**
**- Frumkvæði og jákvæðni.**
**- Reyklaust fyrirtæki.**
**Vinsamlegast sendið inn umsókn með mynd á netfangið bjarni@kerfiehf.is. Umsóknir berist fyrir 14.ágúst.**

ADAKRIS

**Smiði vantar**
Adakris óskar eftir vönum smiðum í innanhús frágang. Uppl. S. 844 5165 Einar

**Starf á veitingasviði ISS**

Við leitum að starfsmanni á veitingasvið ISS.
Starfið felst í vinnu í eldhúsi þar sem matur kemur frá miðlægu eldhúsi. Framreiðsla, frágangur og fl.
Vinnustaður er á svæði 108.
Vinnuhlutfall er 75%. Vinnutími er frá klukkan kl. 08:00 - 14:00.

Umsækjandi þarf að framvísa sakavottorði við ráðningu og vera íslenskumælandi.

Upplýsingar veitir Ólöf í síma 5 800 600.
Einnig á www.iss.is

ISS

**Hamar ehf óskar eftir starfsmönnum,**
**Hamar ehf er fyrirtæki á sviði málmiðnaðar, vegna mikilla umsvifa óskum við eftir að ráð til starfa vélvirkja, plötusmiði, rennismiði og rafsuðumenn.**
**Upplýsingar veitir Kári Pálsson í síma 6603600 kari@hamar.is eða Sigurður K. Lárusson í síma 6603613 siggil@hamar.is**

**Hamar ehf óskar eftir undirverkökum,**
**Hamar ehf er fyrirtæki á sviði málmiðnaðar, vegna mikilla umsvifa óskum við eftir að ráð Rafsuðumenn til starfa tímabundið.**
**Upplýsingar veitir Kári Pálsson í síma 6603600 kari@hamar.is eða Sigurður K. Lárusson í síma 6603613 siggil@hamar.is**

**Geysir - Bistró bar Aðalstræti 2**
**Erum að leita af kokki til starfa með okkur í vaktavinnu, þarf að vinna vel undir álagi.**
**Upplýsingar veitir Biggi í s. 899 7699**

AMERICAN STYLE

**American Style í Kópav**
Ef dugnaður, stundvísi og metnaður á við um þig þá getum við hugsanlega boðið þér 87% starfshlutfall í vaktavinnu. Unnið er í dag- kvöld- og helgarvinnu. Sæktu um á umsokn.foodco.is

CASTELLO - pizzeria óskar eftir ráða starfsfólk á dagvaktir og í hlutastarfi. Einungis traust og heiðarlegt starfsfolk kemur til greina Uppl. í sima :6923051 eða á castello@simnet.is

Matreiðslumaður/kona óskast á veitingastað á Vestfjörðum. Framtíðarstarf og góð laun. S. 862 2221.

**Starfskraftur óskast**
**Til afgreiðslustarfa í bakarí í Breiðholti. Vinnutími 12:00-18:00 virka daga. Ekki yngri enn 25 ára. Helst reyklaus.**
**Upplýsinga í síma 820 7370 eftir kl. 15:00**

**Símadömur óskast**
Finnst þér gaman að tala við karlmenn í síma? Rauða Torgið leitar samstarfs við djarfar og skemmtilegar símadömur, 25-45 ára. Nánar á vef okkar, raudatorgid.is (atvinna).

Vanir verkamenn í jarðvinnu óskast. Uppl. S. 821 1237 Halli.

Ef þig langar að vinna hjá traustu fyrirtæki ert með haldbæra reynslu og ert starfsmaður sem hægt er að treysta á kíktu þá á okkur. Erum að leita að aðstoðarveitingastjórum. Kíktu á http://umsokn.foodco.is. Kannski er rétta starfið þar fyrir þig?

Óskum eftir vönum pizzabökurum á nýjan Saffran veitingastað Kópavogi. Fullt starf. Upplýsigar gefur Teitur í síma 6944230 eða teiturjoh@simnet.is

Yfirvélstjóra vantar til afleysingja á 160 tonna bát, vélastærð 682kv. Á sama stað vantar fólk til almennra fiskvinnslustarfa. Uppl. í S: 483 3548/892 0367

## Atvinna óskast

Vanur beitningarmaður óskar eftir beitningu á höfuðborgarsvæðinu, getur beitt 5 bjóð á dag. Uppl. í s. 562 5013 eða 866 8112.

**Sjálfstæður smiður getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 770 0970.**

## Viðskiptatækifæri

We need help! Do you need 30-200 IKR? health.and.wealth.iceland@gmail.com

TÆKIFÆRI - EKKI MISSA AF ÞESSU! Vefmiðillinn www.helgin.is er til sölu. Miðill sem hefur verið starfræktur í 2 ár hjá núverandi rekstraraðilum og hefur skapað sér góða vitund á þeim tíma. Segja má að vefurinn sé eini sinnar tegundar og býður upp á mikil tækifæri fyrir rétta aðila. Nánari upplýsingar á helgin@helgin.is

# TILKYNNINGAR

## Fundir

Aðalfundur Líffræðifélags Íslands 2009 verður haldinn í Öskju, náttúrufræðihúsi H.Í. þann 27. ágúst og hefst kl. 20. Á dagskrá eru venjuleg aðalfundarstörf og eru félagar hvattir til að mæta.

## Einkamál

**Símaþjónusta Spjalldömur**

**S. 908 6666 & 908 2000. Opið þegar þér hentar**

## Atvinna

HUMARHÚSIÐ RESTAURANT

**Óskum eftir framúrskarandi matreiðslumanni til starfa.**

Upplýsingar á staðnum Humarhúsið Antmannstíg 1 eða í s. 561 3302

## Tilkynningar

Samkaup

**Hluthafafundur í Samkaupum hf.**

**Stjórn Samkaupa hf. boðar hér með til hluthafafundar í félaginu.**

Fundurinn verður haldinn þriðjudaginn 25. ágúst 2009 kl 13:00 í sal Verslunarmannafélags Suðurnesja að Vatnsnesvegi 14, 230 Reykjanesbæ.

Á dagskrá fundarins er kosning tveggja aðalmanna í stjórn félagsins.

Stjórn Samkaupa hf.

MOSFELLSBÆR

**Skólaskrifstofa Mosfellsbæjar**
**Skólasetning grunnskóla Mosfellsbæjar 2009**

Lágafellsskóli

**Nemendur mæti í hátíðarsalsal skólans þriðjudaginn 25. ágúst sem hér segir:**

2. bekkur kl. 9:00
3. bekkur kl. 9:30
4. bekkur kl. 10:00
5. bekkur kl. 10:30
6. og 7. bekkur kl. 11:00
8. og 9. bekkur kl. 12:00
10. bekkur kl. 13:00

Nemendur 1. bekkjar eru boðaðir skriflega til viðtals við kennara en viðtölin fara fram daganna 25. og 26. ágúst.

Kennsla hefst hjá 1. bekk fimmtudaginn 27. ágúst og miðvikudaginn 26. ágúst hjá 2. - 10. bekk samkvæmt stundaskrá og sama dag tekur frístundasel til starfa.

VARMÁRSKÓLI MOSFELLSBÆ

**Nemendur mæti í skólann þriðjudaginn 25. ágúst sem hér segir:**

1. bekkur kl. 9:00 í hátíðarsal yngri deildar
2. bekkur kl. 9:30 í hátíðarsal yngri deildar
3. - 4. bekkur kl. 10:00 í hátíðarsal yngri deildar
5. - 6. bekkur kl. 10:30 í hátíðarsal yngri deildar
8. - 9. bekkur kl.11:00 á sal eldri deildar
7. bekkur kl. 12:00 á sal eldri deildar
10. bekkur kl. 13:00 á sal eldri deildar

Kennsla hefst samkvæmt stundaskrá hjá 1. - 10. bekk miðvikudaginn 26. ágúst og sama dag tekur frístundasel til starfa. Nýjum nemendum er boðið á kynningarfund föstudaginn 21.ágúst kl. 13:00.

**Minnum á að umsóknir vegna frístundasels, mötuneyta og ávaxtabita verða að berast í gegnum íbúagátt Mosfellsbæjar fyrir 20. ágúst nk.**

**Skrifstofur skólanna eru opnar frá 08:00 - 16:00**

**Skólaskrifstofa Mosfellsbæjar**

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær
Sími 525 6700 • mos@mos.is • www.mos.is

VIRÐING • JÁKVÆÐNI • FRAMSÆKNI • UMHYGGJA

## Samkomur

KFUM KFUK

# Konur 18 - 99 ára



## Velkomnar í kvennaflokk í Vindáshlíð 28. - 30. ágúst



Ef ég væri rík
*Glæsileiki á krepputímum*



**Dr. Margrét Eggertsdóttir**
*Hallgrímur og börn*



**Steinunn Jóhannesdóttir**
rithöfundur.
*Konan hans Hallgríms*



**Sr. Sigurður Sigurðarson**
vígslubiskup messar.
50 ára vígsluafmæli Hallgrímskirkju í Vindáshlíð

**Verð aðeins 9.900 krónur með gistingu, dagskrá og fullu fæði.**
**Nánari upplýsingar á www.kfum.is - Bókanir í síma 588 8899**

**ROBERT REDFORD ER 73 ÁRA.**

*„Vel má vera að heilsufæði sé gott fyrir samviskuna, en Oreo-kex bragðast bara svo miklu betur.“*

***Robert Redford er bandarískur leikari og óskarsverðlaunahafi. Hann hlaut frægð fyrir myndir á borð við Butch Cassidy and the Sundance Kid, The Sting, The Great Gatsby og All the President's Men.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 18. ÁGÚST 1227

## *Genghis Khan andast*



Á þessum degi árið 1227 andaðist Genghis Khan en hann er talinn einn mesti landvinningamaður sögunnar. Khan varð leiðtogi Mongóla á þrettándu öld eftir að hafa sameinað alla mongólsku ættflokkana. Hann var herskár leiðtogi og bjó til veldi sem breiddi úr sér víða um heim.

Faðir Genghis (eða Temüjins eins og hann hét áður en hann varð keisari) var einn leiðtogi þessara ættflokka. Hann var drepinn af óvinaættflokki og eftir það bjó fjölskylda Genghis við mjög kröpp kjör. En Genghis var baráttumaður með mikla persónutöfra og tókst fljótlega að safna miklu herliði og koma ættbálki sínum til áhrifa á ný. Genghis Khan var óvæginn hermaður en mjög sigursæll og lagði aðra ættbálka Mongóla undir sig á skömmum tíma og varð leiðtogi þeirra árið 1206.

Hann lét sér þennan áfanga ekki nægja heldur hélt af stað til frekari landvinninga. Hann var snillingur þegar kom að hernaði og átti auðvelt með að laga sig að breyttum aðstæðum. Genghis Kahn hafði það að markmiði að hertaka Kína og árið 1215 náði hann Peking á sitt vald. Kahn sneri sér þá að því að sigra Khwarezm-veldið en í því stríði urðu Mongólarnir frægir fyrir grimmd sína.

Mongólar fóru milli borga og annað hvort myrtu íbúana eða neyddu þá til þess að ganga til liðs við sig.Genghis Kahn dró loks lið sitt til baka árið 1223 og barðist ekki aftur fyrr en í lokabardaga sínum við His Hsia á árunum 1226 til 1227.

## MERKISATBURÐIR

**1786** Reykjavík fær kaupstaðarréttindi ásamt Grundarfirði, Ísafirði, Akureyri, Seyðisfirði og Vestmannaeyjum. Þetta ár voru Íslendingar 38 þúsund, en Reykvíkingar töldust 167.

**1954** Minnismerki um Skúla Magnússon landfógeta er afhjúpað í gamla kirkjugarðinum við Aðalstræti í Reykjavík.

**1961** Grasagarðurinn í Laugardal er formlega opnaður.

**1986** Haldið er upp á 200 ára kaupstaðarafmæli Reykjavíkur. Talið er að 70-80 þúsund manns hafi verið í miðbænum þegar mest var.

**1988** Endurbótum lýkur á Viðeyjarstofu og Viðeyjarkirkju.



*Útför ástkærs föður okkar, sonar og bróður,*

**Óskars Ingólfssonar**

verður gerð frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 20. ágúst kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Zen á Íslandi – Nátthaga (Kennitala: 491199-2539, Reikningsnúmer: 111-26-491199.)

**Fyrir hönd ættingja og vina,**
**Mikhael Aaron Óskarsson**
**Aron Ingi Óskarsson**
**Anna Dóra Ágústsdóttir**
**Ingólfur Halldórsson**
**Jóna Ingólfsdóttir**
**Ólöf María Ingólfsdóttir.**



*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Oddgeir Guðjónsson**

bóndi og hreppstjóri, frá Tungu í Fljótshlíð, Dalsbakka 14, Hvolsvelli,

andaðist föstudaginn 14. ágúst sl.

**Guðlaug Oddgeirsdóttir** **Sigurður Sigurðsson**
**Ólafur Sv. Oddgeirsson** **Fiona MacTavish**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Ástkær móðir mín, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Ingibjörg Georgsdóttir**

Bakkagerði 4,

lést á Landspítalanum við Hringbraut laugardaginn 15. ágúst. Jarðarförin auglýst síðar.

**Árni Magnússon** **Sigfríður Þórisdóttir**
**Björg Árnadóttir** **Markús H. Guðmundsson**
**Magnús Árnason** **Rannveig Sigfúsdóttir**
**Arnar Gauti, Guðmundur Fannar, Árni Snær, Björg Margrét.**



*Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Baldur Ólafsson**

Leynisbraut 17, Akranesi,

lést á Sjúkrahúsi Akraness 12. ágúst. Jarðarförin fer fram frá Akraneskirkju föstudaginn 21. ágúst klukkan 14.00. Þeim sem vildu minnast hans er bent á Sjúkrahús Akraness.

**Ragnheiður Ólafsdóttir**
**Ólína Ása Baldursdóttir** **Sveinn Þorsteinsson**
**Gyða Baldursdóttir** **Ásmundur Ásmundsson**
**Ólafur Gísli Baldursson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



**YFIRVERKSTJÓRI** Auður Jónsdóttir og aðrir leiðbeinendur aðstoða börnin í Skólagörðum Reykajvíkur við að taka upp grænmetið sem þau hafa ræktað í allt sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**AUÐUR JÓNSDÓTTIR:** SKER UPP Í SKÓLAGÖRÐUM REYKJAVÍKUR

# Koma heim færandi hendi

Uppskeruhátíð í Skólagörðum Reykjavíkur hófst í gær og stendur fram á morgundaginn. Þá munu mörg hundruð börn á aldrinum átta til tólf ára, sem ræktað hafa sitt eigið grænmeti í sumar, koma heim færandi hendi. Auður Jónsdóttir er yfirverkstjóri Skólagarða Reykjavíkur og verður börnunum innan handar við að koma grænmetinu upp úr jörðunni.

„Á uppskeruhátíðinni koma börnin og foreldrar ef þeir geta. Við gerum okkur glaðan dag og smökkum á góðgætinu,“ segir Auður glaðlega. Hún aðstoðaði í gær börn í skólagörðunum við Gorvík og Kotmýri í Grafarvogi við að skera upp grænmeti á borð við rófur, hvítkál, blómkál, hnúðkál og kartöflur. Auk þess verða á borðum á heimilum barnanna nokkrar salattegundir, radísur, spínat og næpur. Í dag verður uppskeruhátíð í Laugardal og Skerjafirði, en á morgun verður grænmeti tekið úr görðunum í Fossvogi, Jaðarseli og Árbæ.

„Sjö skólagarðar eru starfræktir í Reykjavík í ár. Þeir hafa verið átta en einn þeirra er nú meira fyrir almenning og hefur Garðyrkjufélag Íslands haft umsjón með honum,“ útskýrir Auður. Yfir sex hundruð börn ræktuðu grænmeti í skólagörðunum í sumar en auk þess eru að sögn Auðar nokkrir leikskólar með garða. „Svo eru nokkrir skólar sem setja niður grænmeti áður en skóla lýkur á vorin og taka upp þegar skólastarfið hefst að hausti og nýta það í matreiðslu,“ segir Auður hress í bragði. Hún segir aðsóknina að skólagörðunum alltaf hafa verið góða en í vor hafi orðið alger sprenging og því miður hafi ekki allir komist að sem vildu.

En hvernig var uppskeran í ár? „Þetta lítur bara mjög vel út. Sumarið er búið að vera gott og hlýtt, þó að talsvert hafi þurft að vökva. Helst er það kálflugan sem gerir mestan usla en við höfum sloppið þokkalega enda hafa börnin breitt akrídúka yfir grænmetið,“ segir Auður, sem sjálf á margar uppáhaldstegundir af grænmeti. „Ég rækta lífrænt grænmeti í garðinum heima en nýuppteknar gulrætur finnst mér þó bera af auk kartöflusmælkis,“ segir hún og fær vatn í munninn við tilhugsunina.

Nú hefur grænmeti kannski ekki alltaf verið efst á óskalista barna yfir uppáhaldsmat. Við spyrjum Auði hvort skólagarðarnir breyti því viðhorfi barna. „Mér virðist að þótt börnin í langi ekki í grænmeti úr ísskápnum þyki þeim spennandi að taka upp grænmeti úr moldinni og gæða sér á,“ segir Auður. Hún bætir við að foreldrar séu margir hverjir einnig duglegir að koma með börnunum sínum í garðana enda átti þeir sig á því að börnin færi þarna björg í bú.

„Það er meiri háttar að börnin byrji ung að rækta sitt eigið grænmeti og þau búa vonandi að því alla tíð,“ segir Auður og snýr sér aftur að því að tína gulrætur upp úr jörðinni.

**solveig@frettabladid.is**

## AFMÆLI



**CHRISTIAN SLATER** leikari er fertugur.



**EDWARD NORTON** leikari er fertugur.



**ROMAN POLANSKI** leikstjóri er 76 ára.



**PATRIK SWAYZE** leikari er 55 ára.

# Fróðleikur um pöddur

Náttúrufræðistofnun hefur hrundið af stað nýjung á vef sínum www.ni.is. Þar verða birtir fróðleikspistlar um pöddur af ýmsu dagi, tegundir sem lifa í íslenskri náttúru og görðum landsmanna, híbýlum og gripahúsum, útlendar tegundir sem flækjast til landsins með vindum, svo og tegundir sem slæðast með varningi. Pistlunum er komið fyrir í ofangreindum efnisflokkum til að einfalda aðganginn. Auk þess verður síðar komið fyrir ábendingarhnappi á upphafssíðu sem vísar á nýjustu viðbætur til að létta undir með þeim sem fylgjast með reglulega.



Sagt er frá útbreiðslu tegundanna utan lands sem innan, lífsháttum þeirra og ýmsum öðrum fróðleik sem kann að vekja áhuga. Textana semur Erling Ólafsson, skordýrafræðingur á Náttúrufræðistofnun, og eru þeir byggðir á innlendum sem erlendum heimildum og upplýsingum sem varðveittar eru í gagnagrunni stofnunarinnar. Erling vinnur markvisst að því að ljósmynda pöddurnar og koma sér upp myndabanka með pöddumyndum. Val tegunda til kynningar ræðst að miklu leyti af myndum sem fyrir liggja.

Nú þegar eru komnir inn pistlar með upplýsingum um áttatíu tegundir af ýmsu tagi, svo sem skordýr, áttfætlur, snigla og ánamaðka.



**SKORDÝRAFRÆÐINGUR** Erling Ólafsson skrifar pistla á ni.is.

---



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Gunnlaug Hannesdóttir**

áður að heimili á Langholtsvegi 92,

lést á hjúkrunarheimilinu Skjóli laugardaginn 15. ágúst. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni föstudaginn 21. ágúst kl. 13.00.

**Anna Kristrún Jónsdóttir** **Baldur Óskarsson**
**Hannes Jónsson** **Helga Ólafsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Elskulegur sonur minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi, bróðir og mágur,*

**Erlar Jón Kristjánsson**

Árnatúni 4, Stykkishólmi,

lést 15. ágúst.

**Auður Júlíusdóttir**
**Auður Bergþóra Erlarsdóttir** **Albert Steingrímsson**
**Katrín Eva Erlarsdóttir** **Vignir Örn Oddgeirsson**
**Jónína K. Kristjánsdóttir** **Bernt H. Sigurðsson**
**Kristján J. Kristjánsson** **Svandís Einarsdóttir**
**Þóra M. Halldórsdóttir**
**Og barnabörn.**

---



*Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma, dóttir og systir,*

**Sólveig Andrésdóttir**

lést á heimili sínu þann 8. ágúst síðastliðinn. Jarðarför verður haldin í Háteigskirkju miðvikudaginn 19. ágúst kl. 15.00.

**Vigfús Birgisson**
**Birgitta Vigfúsdóttir**
**Hjörvar Freyr Hjörvarsson**
**Ísar Hjörvarsson**
**Enok Hjörvarsson**
**Daníel Freyr Hjörvarsson**
**Andrés Pétur Jónsson**
**Jensína Guðmundsdóttir**
**systkini.**

---



*Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Gróa Bjarnadóttir**

Skipalóni 8, Hafnarfirði (áður Hringbraut 50, Hafnarfirði),

sem lést sunnudaginn 9. ágúst, verður jarðsungin frá Hafnarfjarðarkirkju miðvikudaginn 19. ágúst kl. 13.00. Þeim sem vildu minnast hennar er bent á minningarsjóð KFUM og K.

**Sigurður Guðjónsson**
**Bjarni Sigurðsson** **Rut Sigurðardóttir**
**Guðjón Sigurðarson** **Herborg Friðriksdóttir**
**Elín Sigurðardóttir** **Steingrímur Björnsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar og tengdafaðir,*

**Grétar Már Sigurðsson**

sendiherra, Furuhjalla 18, Kópavogi,

verður jarðsunginn frá Hallgrímskirkju í dag, þriðjudaginn 18. ágúst kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Ljósið – endurhæfingar- og stuðningsmiðstöð fyrir krabbameinsgreinda og aðstandendur þeirra.

**Dóra Guðrún Þorvarðardóttir**
**Margrét María Grétarsdóttir** **Sigurður Guðmundsson**
**Hildur Gyða Grétarsdóttir** **Davíð Ingvi Snorrason**
**Kristín Birna Grétarsdóttir.**

---



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Vilborg Ingibjörg Andrésdóttir**

frá Snotrunesi, Borgarfirði eystri, áður til heimilis að Foldahrauni 40b, Vestmannaeyjum,

andaðist að Hraunbúðum Vestmannaeyjum fimmtudaginn 13. ágúst sl. Jarðarförin fer fram frá Landakirkju í Vestmannaeyjum laugardaginn 29. ágúst kl. 13.00.

**Andrés Sigurvinsson**
**Ólafur Sigurvinsson** **Þóra Guðmundsdóttir**
**Ásgeir Sigurvinsson** **Ásta Guðmundsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Sigríður Th. Ármann**

lést föstudaginn 14. ágúst sl.

**Sigbjörn Björnsson** **Ragna J. Sigurðardóttir**
**Ásta Björnsdóttir** **Guðni B. Guðnason**
**Pálína Björnsdóttir**
**Sigurður Gísli Sigbjörnsson**
**Sigríður Th. Sigbjörnsdóttir.**

---



*Ástkær móðir mín, systir og móðursystir,*

**Margrét Einarsdóttir**

frá Ekkjufellsseli,

lést á Líknardeild Landspítalans í Kópavogi fimmtudaginn 13. ágúst. Útför fer fram frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 20. ágúst og hefst athöfnin klukkan 11.00.

**Jóna Guðný Magnúsdóttir**
**Sigurbjörg Einarsdóttir**
**Baldur Einarsson** **Svala Eggertsdóttir**
**Bryndís Einarsdóttir**
**Arnbjörn Eyþórsson** **Jóhanna Gunnarsdóttir**
**Einar Ólafsson** **María Fr. Hermannsdóttir.**

---



*Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Geir Kristjánsson**

Brúnalandi 32, Reykjavík,

lést á Landspítalanum við Hringbraut föstudaginn 14. ágúst. Útförin verður auglýst síðar.

**Anna Gísladóttir**
**Kristján Geirsson** **Droplaug Guðnadóttir**
**Margrét Geirsdóttir** **Haukur K. Bragason**
**og afabörn.**

---



*Systir okkar og mágkona,*

**Birna M. Eggertsdóttir**

kennari,

lést fimmtudaginn 13. ágúst.

**Ásta Lóa Eggertsdóttir**
**Ingigerður Eggertsdóttir**
**Unnur Eggertsdóttir** **Hermann Arnviðarson**
**Gunnhildur Hrefna Eggertsdóttir** **Óskar Þorsteinsson**
**Kolbrún Eggertsdóttir** **Arnaldur F. Axfjörð**
**Pétur Eggert Eggertsson** **Sigurborg Steingrímsdóttir**

---



*Þökkum auðsýnda samúð við andlát og útför eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, bróður og afa,*

**Jónasar Guðlaugssonar**

fv. rafveitustjóra, frá Guðnastöðum, Austur-Landeyjum, Reykjavíkurvegi 52b, Hafnarfirði.

**Dóróthea Stefánsdóttir**
**Stefán Jónasson** **Sigurlaug Guðmundsdóttir**
**Guðlaugur Jónasson** **Erla Bragadóttir**
**Guðmundur Jónasson** **Ágústa Ólafsdóttir**
**Ragnar Guðlaugsson**
**Ingibjörg Jóna Guðnadóttir**
**og barnabörn.**

---



*Ástkær eiginkona mín, dóttir, móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Björg Svavarsdóttir**

Vogabraut 2, Höfn,

lést á Landspítalanum við Hringbraut, laugardaginn 15. ágúst síðastliðinn. Útför Bjargar fer fram frá Hafnarkirkju, laugardaginn 22. ágúst kl. 14. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vildu minnast Bjargar er bent á vina- og líknarfélagið Bergmál. Reikningur 117 - 26 - 1616 kt. 490294-2019 Símar 5875566 / 5542670 / 8453313

**Haukur Helgi Þorvaldsson**
**Guðrún Hálfdanardóttir**
**Birnir Smári** **Jana Nielsen**
**Þorvaldur Borgar** **Fanney Sjöfn**
**Kristján Rúnar**
**ömmubörn.**

---



*Okkar innilegustu þakkir til allra þeirra sem sýndu vináttu, samúð og hlýhug við andlát og útför*

**Steinars Þórólfssonar**

frá Hraunkoti, til heimilis að Skarðshlíð 38f, Akureyri.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólkinu á Sjúkrahúsi Akureyrar. Guð blessi ykkur.

**Halldóra Vilhelmsdóttir**
**Sigurður Vilhelm Steinarsson** **Ágústa Kristín Bjarnadóttir**
**Þóra Björg Steinarsdóttir** **Davíð Kristinsson**
**Jón Gunnar Steinarsson** **Kristín Skjaldardóttir**
**Kristján Geir Steinarsson** **Eydís Linda Kristinsdóttir**
**Sigrún María Steinarsdóttir** **Elmar Arnarson**
**Hermann Ingi Steinarsson**
**og barnabörn.**

# Lægra verð í Lyfju

+ Gildir út ágúst 2009 www.lyfja.is




**15% verðlækkun+**
LAMISIL ONCE




**15% verðlækkun+**
VECTAVIR frunsuáburður

LYFJA – Lifið heil

ÍSLENSKA SIA.IS LYF 46904 08/09




NOKKUR ORÐ
Sara McMahon

# Hjólasaga frá eyjunni í norðri

Þegar ég var ung ákvað ég að fara í nám til Kaupmannahafnar þar sem það var bæði fjárhagslega hagstætt og af því mig langaði ekki í nám á Íslandi. Þegar þetta var hafði ég búið og starfað í tvö ár í Týról og fannst ég þurfa að breyta svolítið um umhverfi. Ég ákvað því að skipta Ölpunum út fyrir smá skandinavíska borgarmenningu.

Stuttu eftir komuna til Kaupmannahafnar lét ég senda til mín bleika fjallahjólið sem ég hafði keypt eftir fermingu svo ég gæti farið hjólandi allra minna ferða eins og aðrir Hafnarbúar. Þessu bleika fjallahjóli var svo af einhverjum óskiljanlegum ástæðum rænt eina nóttina og eftir það festi ég kaup á fallegu „ömmuhjóli“ sem var með körfu að framan og bögglabera að aftan. Hjólið hlaut nafnið Kókó og var mér jafn nauðsynlegur reiðskjóti og hesturinn var íslenska bóndanum hér áður fyrr.

Þegar skólavistinni lauk flutti ég heim og var Kókó að sjálfsögðu tekin með, því ekki gat ég sagt skilið við annan eins grip og þennan. Þegar kom að sjálfum heimflutningunum flaug ég heim á undan en Kókó fór sjóleiðina með restinni af búslóðinni. Hún komst í höfn nokkuð heil, með nokkrar rispur og handbremsurnar voru óvirkar þar sem vírinn hafði slitnað, en það kom ekki að sök því fótbremsurnar virkuðu jafn vel og áður. Næsta dag ákvað ég að skella mér í léttan hjólreiðatúr. Ég hjólaði brosandi af stað en gafst þó næstum strax upp því mér þótti allt of erfitt að koma mér upp allar brekkurnar með vindinn beint í fangið á gírlausu hjólinu.

Ég neyddist því til að leggja Kókó gírlausu og nú er hún aðeins notuð yfir sumartímann og þá bara í styttri ferðir þar sem lítið er um brekkur.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





**BOB DYLAN** Dylan var á vappi fyrir utan einbýlishús í New Jersey þegar lögreglan kom á vettvang.

# Dylan handtekinn

Lögreglan í New Jersey þurfti að hafa afskipti af tónlistarmanninum Bob Dylan þegar sást til hans spranga um í garði seint um kvöld fyrir utan einbýlishús í bænum Long Branch. Eigendur hússins hringdu í lögregluna og tilkynntu um grunsamlegar mannaferðir í garðinum. „Ég spurði hann hvað hann héti og hann sagði: „Bob Dylan“,“ sagði lögreglukonan sem var kölluð á vettvang. „Ég hef séð gamlar myndir af Bob Dylan og þessi maður leit alls ekki út eins og Bob Dylan.“ Eftir að Dylan hafði útskýrt fyrir henni að hann væri á tónleikaferð um Bandaríkin skutlaði hún honum aftur í tónleikarútuna, þar sem hún fékk staðfest að hann væri í raun og veru Bob Dylan. Ekki er vitað hvers vegna kappinn var á vappi fyrir utan húsið en hugsanlegt er að hann hafi verið að leita að húsinu sem Bruce Springsteen bjó í þegar hann samdi lagið Born to Run.

# Saman á Akureyri

Söngkonan Kristjana Stefánsdóttir og trommarinn Hannes Friðbjarnarson úr hljómsveitinni Buff halda tvenna tónleika á Akureyri í vikunni. Samstarf þeirra hófst vegna sameiginlegs áhuga á bandarískri Suðurríkjatónlist og verður efnisskrá tónleikanna af þeirri ætt. Mikil áhersla verður lögð á raddaðan söng og þess vegna munu fimm aðrir söngvarar koma fram á tónleikunum, þar á meðal Pétur Örn Guðmundsson úr Buff, Andrea Gylfadóttir og Guðrún Gunnarsdóttir. Á efnisskránni verða lög eftir Alison Krauss, Dixie Chicks, Fleetwood Mac og Crosby, Stills & Nash. Tónleikarnir verða haldnir á fimmtudags- og föstudagskvöld á Græna hattinum og hefjast þeir bæði kvöldin klukkan 22. Miðaverð er 1.500 krónur.



**ÖFLUGUR HÓPUR** Kristjana og Hannes ásamt hæfileikafólkinu sem spilar með þeim á tónleikunum.



**SÁRÞJÁÐ** Lily Allen var svo illa haldin af bakverkjum að hún þurfti sprautu með verkjalyfjum áður en hún steig á svið.

# Brast í grát uppi á sviði

**Lily Allen brast í grát uppi á sviði fyrir framan finnska áhorfendur á sunnudagskvöld. Samkvæmt heimildum breska blaðsins The Sun var söngkonan með mikla bakverki og þurfti að fá sprautu með verkjalyfjum áður en hún steig á svið á tónlistarhátíðinni Flow Festival í Helsinki.**

**„Ég er frekar tilfinninganæm í kvöld, svo ef ég græt er það ekki út af ykkur, heldur mér,“ sagði Lily á sviðinu. Fyrr um kvöldið hafði hún greint frá bakverkjunum á Twitter-bloggsíðu sinni. „Ég datt illa í gær og rústaði á mér bakið. Ég var að enda við að fá sprautu í rassinn, hvernig á ég að komast í gegnum giggið í kvöld?“ skrifaði Lily.**


Stökktu til Costa del Sol
25. ágúst
frá kr. 69.990
- með eða án fæðis




Allra síðustu sætin!

Heimsferðir bjóða frábært tilboð á allra síðustu sætunum til Costa del Sol þann 25. ágúst í 11 nætur. Í boði er stökktu tilboð, með eða án fæðis, þar sem þú bókar sæti (og fæðisvalkost) og 4 dögum fyrir brottför færðu að vita hvar þú gistir. Gríptu þetta frábæra tækifæri og njóttu þín í sumarfríinu á vinsælasta sumarleyfisstað Íslendinga á ótrúlegum kjörum.





Verð kr. 69.990

Netverð á mann, m.v. 2-4 í herbergi / stúdíó / íbúð í 11 nætur. Sértilboð 25. ágúst. Aukalega fyrir hálft fæði í 11 nætur kr. 35.000 fyrir fullorðna og kr. 18.000 fyrir börn.

Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið

SKOTVEIÐIKVÖLD
INTERSPORT



Í kvöld
ÞRIÐJUDAGINN 18. ÁGÚST
FRÁ 19:30 TIL 21:30
verðum við með opið hús fyrir alla skot- og stangveiðimenn í verslun okkar í HÚSGAGNAHÖLLINNI.

20-50% AFSLÁTTUR

Léttar veitingar í boði.
Allir velkomnir.

INTERSPORT VEIÐIDEILD
Húsgagnahöllinni, sími: 585 7239

NÝTT Í BÍÓ!




500 kr. allar myndir allar sýningar alla þriðjudaga allt sumar

Gildir ekki í lúxussal, Borgarbíó né á 3D myndir

SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| G.I. JOE | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| G.I. JOE LÚXUS | kl. 8 - 10.30 | 12 |
| CROSSING OVER | kl. 8 - 10.30 | 16 |
| KARLAR SEM HATA KONUR | kl. 5 - 8 - 10.10 | 16 |
| KARLAR SEM HATA KONUR LÚX | kl. 5 | 16 |
| ÍSÖLD 3 3D ÍSLENSKT TAL | kl. 3.30 D (850) | L |
| ÍSÖLD 3 ÍSLENSKT TAL | kl. 3.30 - 5.45 | L |
| ICEAGE 3 ENSKT TAL - ÍSL. TEXTI | kl. 3.30 - 5.45 - 8 | L |

5%

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| STELPURNAR OKKAR | kl. 6 - 8 - 10 | L |
| G.I. JOE | kl. 6.30 - 9 | 12 |
| FUNNY GAMES | kl. 8 - 10.20 | 18 |
| KARLAR SEM HATA KONUR | kl. 6 - 9 | 16 |
| ÍSÖLD 3 ÍSLENSKT TAL | kl. 5.50 | L |

5%

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| G.I. JOE | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 12 |
| KARLAR SEM HATA KONUR | kl. 6 - 9 | 16 |

5%

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 500 kr. ÓDÝRT Í BÍÓ!

| | | |
|---|---|---|
| MY SISTERS KEEPER | kl. 5.30 - 8 - 10.20 | 12 |
| CROSSING OVER | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| KARLAR SEM HATA KONUR | kl. 5.30 - 8.30 | 16 |
| THE HURT LOCKER | kl. 8 - 10.45 | 16 |
| ICE AGE 3 ENSKT TAL M/ÍSL. TEXTA | kl. 5.50 | L |

5%

NÝTT Í BÍÓ LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus







LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| G.I.JOE: THE RISE OF COBRA | kl. 4, 5.45, 8 og 10.20(P) | 12 |
| PUBLIC ENEMIES | kl. 7 og 10 | 16 |
| FIGHTING | kl. 10.10 | 14 |
| MY SISTER'S KEEPER | kl. 8 | 12 |
| ÍSÖLD 3 - Íslenskt tal | kl. 4 og 6 | L |
| ÍSÖLD 3 - 3D - Íslenskt tal | kl. 4 | L |

ÞRIÐJUDAGSBÍÓ Í SAMBÍÓUNUM Í DAG KR. 500

GILDIR EKKI Í VIP, Á ÍSLENSKAR MYNDIR OG Á MYNDIR Í 3D




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| G.I. JOE | kl. 3 - 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| PUBLIC ENEMIES | kl. 5 - 8D - 10:50D | 16 |
| PUBLIC ENEMIES | kl. 2 - 8 - 10:50 | VIP |
| G-FORCE - 3D M/ ísl. Tali | kl. 2(3D) - 4(3D) - 6(3D) | L |
| G-FORCE - 3D M/ ísl. Tali | kl. 3 | L |
| THE PROPOSAL | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8 - 10:30 | L |
| HARRY POTTER | kl. 2 - 5 - 8 - 10:10 | 10 |
| HARRY POTTER | kl. 5 | VIP |
| BRUNO | kl. 11 | 14 |
| THE HANGOVER | kl. 8 | 12 |

KYNNTU ÞÉR SÝNINGARTÍMA Á SELFOSSI OG Í KEFLAVÍK Á WWW.SAMBIO.IS

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| PUBLIC ENEMIES | kl. 8:20 - 11 | 16 |
| G-FORCE - 3D M/ ísl. Tali | kl. 2(3D) - 4(3D) - 6(3D) | L |
| G-FORCE - 3D M/ Ensk. Tali | kl. 6 | L |
| THE PROPOSAL | kl. 1:30D - 3:40D - 8:20D - 10:40D | L |
| HARRY POTTER | kl. 2 - 5 - 8 | 10 |
| BRUNO | kl. 11 | 14 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| PUBLIC ENEMIES | kl. 8 - 10:50 | 12 |
| G-FORCE M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |
| HARRY POTTER | kl. 5 | 10 |
| THE PROPOSAL | kl. 8 | L |
| FIGHTING | kl. 10 | 12 |


# Skátar leggja upp laupana


**SKÁTAR** Hljómsveitin Skátar er hætt störfum eftir sex ára spilamennsku.

Kveðjutónleikar hljómsveitarinnar Skáta verða haldnir á Sódómu Reykjavík næstkomandi föstudag. Eftir sex ára starf hefur sveitin ákveðið að hætta störfum. Ein af ástæðunum er sú að bassaleikarinn Björn Kolbeinsson er að flytjast búferlum til Genfar í Sviss þar sem hann ætlar að starfa hjá EFTA næstu þrjú árin. Skátar gáfu á ferli sínum út tvær stórar plötur, eina EP-plötu og eina smáskífu sem nefnist Goth báðum megin. Einnig spilaði sveitin víða, þar á meðal í Manchester og Wales. Á tónleikunum á föstudag koma einnig fram hljómsveitirnar Me, The Slumbering Napoleon, Reykjavík! og Sudden Weather Change. Stuðið hefst klukkan 21 og kostar 1.000 krónur inn.

# Klikkað fólk úr Kópavoginum

**Tökum á kvikmynd Gríms Hákonarsonar, Sumarlandinu, lauk um helgina. Ljósmyndari Fréttablaðsins leit við síðasta daginn.**


**Í HÁLOFTUNUM** Ari fer létt með að mynda hvað sem er, hvaðan sem er. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

„Þetta hefur gengið framar vonum, það er bara eins og álfarnir hafi verið með okkur í liði. Það hefur enginn brotist inn til okkar eða neitt," segir Grímur Hákonarson um Sumarlandið en tökum lauk aðfaranótt laugardags. Myndin fjallar um fjölskyldu sem reynir að lifa af spíritisma og leikur Ólafía Hrönn Jónsdóttir vinsælan miðil. Kjartan Guðjónsson leikur manninn hennar en í öðrum hlutverkum eru Snorri Engilbertsson, Hallfríður Tryggvadóttir, nítján ára Verzlingur, og Nökkvi Helgason, tíu ára. Myndin er framleidd af Sögn og Blueeyes en Ari Kristinsson er tökumaður.

„Þetta verður fyrsta Kópavogsmyndin, hún gerist öll þar og er tekin upp að mestu leyti á Kársnesinu í gömlu húsi. Það var sumarbústaður Thors-fjölskyldunnar og fyrsta húsið á þessu svæði en er umkringt iðnaðarhúsnæði í dag. Ég er úr Kópavogi og helvíti margir sem hafa verið að vinna í myndinni héðan, Balti og Ari. Það er mjög mikið af klikkuðu liði úr Kópavoginum."

Hann segir það skemmtilega frétt úr tökum að Draugasafnið á Stokkseyri ætli að nota brúður sem notaðar voru í myndinni. „Þannig að það verða því hugsanlega nokkrir karakterar eftir þarna á Stokkseyri."


**BÍÐUR ÁTEKTA** Snorri Engilbertsson bíður rólegur eftir að tökur hefjist.


**SKRAUTLEG SVIÐSMYND** Heimili þeirra hjóna í Sumarlandinu er flúrað og fallegt að hætti miðla.

Hann segir miðla almennt jákvæða gagnvart myndinni. „Svo hefur Magnús Skarphéðinsson hjá Sálarrannsóknarfélaginu verið að aðstoða okkur og við höfum fengið að fara með leikara á miðilsfundi. Fyrirmyndin að leikmyndinni er húsnæði Sálarrannsóknarfélags Reykjavíkur." Áætluð útgáfa myndarinnar er í janúar.

**kbs@frettabladid.is**

# Hallgrímskirkja brennur










**TÓNLIST**

**Dansað við lík**

Tentacles of Doom

★★★

Hrátt og einfalt pönk með laganöfnum eins og Strætó er hóra og Aníta Briem.

**TÓNLIST**

**Dead Zeppelin**

The Deathmetal Supersquad

★★★★

Melódískt jaðarrokk í anda Husker Du, Dinosaur Jr. og Sonic Youth.

**TÓNLIST**

**Andspyrna**

Dys

★★★

Bankanum þínum er sama um þig og fleiri rammpólitískir smellir.

Paradísarborgarplötur er ný íslensk plötuútgáfa sem hefur „gerðu'ða sjálfur"-hugsjónina að leiðarljósi. Á meðal þeirra sem gefa út hjá PBP eru Gavin Portland, Grimmd og My Summer as a Salvation Soldier og svo þær þrjár sveitir sem eru hér til umfjöllunar. Nánari upplýsingar má nálgast á pbppunk.blogspot.com.

Tentacles of Doom er fjögurra manna sveit sem spilar einfalt og hrátt pönk. Hana skipa tvær stelpur og tveir strákar, Alexandra syngur, Siggi spilar á gítar, Júlíana er á bassa og Fannar á trommur. Tónlistin er mjög einföld, hljómurinn er hrár og bjagaður og textarnir draga upp frekar dökka mynd af Reykjavík nútímans. Þeir eru bæði pólitískir og persónulegir og gefa tónlistinni vigt: „Strætó er hóra/og Hallgrímskirkja brennur í helvíti/Stundum ertu svo lifandi/Og húð mín sviðnar undan snertingu þinni."

The Deathmetal Supersquad er ein af hljómsveitum Þóris Georgs, sem einnig er þekktur sem My Summer as a Salvation Soldier. Þetta er tríó skipað Arnari bassaleikara og Fannari trommuleikara auk Þóris sem syngur og spilar á gítar. Dead Zeppelin er fimm laga EP með melódísku jaðarrokki undir áhrifum frá sveitum eins og Hüsker Dü, Dinosaur Jr. og Sonic Youth.

Flottar lagasmíðar og kraftmikill flutningur einkenna plötuna ásamt skemmtilegum textum á ensku.

Dys er hljómsveit anarkistans og hjúkrunarfræðingsins Sigga pönk. Hún hefur verið starfandi í nokkur ár og spilar hart harðkjarnapönk með pólitískum textum. Siggi lét gera boli með slagorðinu „Bankanum þínum er sama um þig" í miðju góðærinu. Það fór fyrir brjóstið á ýmsum, en sagan sýnir að Siggi hafði rétt fyrir sér. Fyrsta lagið á Andspyrnu heitir einmitt Bankanum þínum er sama um þig. Í bakgrunninum í því má heyra Pál Magnússon lesa fréttir af ofurlaunum og kaupréttarsamningum. Flott lag sem ætti auðvitað að fara í spilun á öllum útvarpsstöðvum.

Krafturinn og keyrslan einkennir tónlist Dys. Hún er svolítið einhæf, en textarnir sem fjalla meðal annars um heimilisofbeldi, femínisma, lýðræði og anarkisma bæta það upp. Andspyrna er sex laga, en sem viðbót fylgir fyrri Dys-platan Ísland brennur í nýrri hljóðjöfnun Jóhanns Eiríkssonar. Þéttur pakki.

**Trausti Júlíusson**

# Fyrsti dúett Ragga og Megasar

Raggi Bjarna kemur fram með Megasi í fyrsta sinn á 75 ára afmælistónleikum sínum í Laugardalshöll 26. september. Saman ætla þeir að syngja Megasarlagið Meyfreyjublús sem Raggi Bjarna gerði vinsælt fyrir nokkru.

„Það hefur komið til tals, en aldrei verið tími, að ég myndi syngja inn á Megasarplötur,“ segir Raggi, spurður hvort hann hafi sungið áður með Megasi. „Þetta verður virkilega skemmtilegt. Sumargleðin verður þarna öll og síðan ætlum við að rifja upp KK Sextettinn. Við erum þrír orðnir eftir: ég, Ólafur Gaukur og Guðmundur Steingrímsson. Síðan verður Guðrún Gunnars þarna með okkur,“ segir hann.

Á meðal annarra söngvara sem stíga á svið með Ragga verða Björgvin Halldórsson, Diddú, Laddi, Páll Óskar og Stefán Hilmarsson. Einnig syngur Raggi dúett í fyrsta sinn bæði með Mugison og Ragnheiði Gröndal. Með Mugison syngur hann Nirvana-lagið Smells Like Teen Spirit, sem hann söng einnig með Milljónamæringunum, og með Ragnheiði syngur hann Kenndu mér að kyssa rétt. „Ég verð að fá einhverja unga til að kenna mér það,“ segir Raggi og hlær. Jafnframt ætlar Mugison að syngja dúett með Megasi á tónleikunum og því ljóst að gestirnir munu fá töluvert fyrir sinn snúð. „Þetta verður meiri háttar dæmi,“ segir Raggi og hlakkar mikið til.

Miðasala á tónleikana hefst á fimmtudaginn á Midi.is og eru aðeins 2.500 miðar í boði. Má fastlega búast við því að þeir rjúki út eins og heitar lummur, enda Raggi einn ástsælasti söngvari þjóðarinnar. - fb



**RAGGI BJARNA** Afmælistónleikar Ragga Bjarna verða í Laugardalshöll 26. september.

# Woodpigeon spilar

Kanadíski tónlistarmaðurinn Woodpigeon kemur fram á tónleikum á Batteríinu á fimmtudagskvöld. Woodpigeon, sem er hugarfóstur söngvarans og lagahöfundarins Mark Hamilton, hefur stundum verið nefndur í sömu andrá og Fleet Foxes, Sufjan Stevens og Grizzly Bear. Hann er af mörgum talin nýjasta vonarstjarna kanadísku tónlistarbylgjunnar. Woodpigeon hefur spilað á fjölda tónlistarhátíða í Evrópu í sumar og alls staðar vakið mikla lukku. Önnur plata hans, Treasury Library Canada, hefur vakið mikla athygli víða um heim og fengið glimrandi dóma hjá tónlistargagnrýnendum.

Á tónleikunum í Reykjavík verður Mark einn á sviðinu en stundum spilar hann með hljómsveit. Retro Stefson og Skakkamanage munu sjá um upphitun. Miðaverð á tónleikana er 1.000 krónur í forsölu á Midi.is.



**WOODPIGEON** Woodpigeon er hugarfóstur Kanadabúans Mark Hamilton.



**DISTRICT 9** Geimverumyndin fór beint í efsta sætið vestanhafs og sló í leiðinni GI Joe úr toppsætinu.

# Geimverur í efsta sætinu

**Geimverumyndin District 9 fór beint í efsta sætið vestanhafs yfir vinsælustu myndir helgarinnar. Þetta góða gengi kom á óvart enda leikstýrði óþekktur leikstjóri myndinni og leikaraliðið er ekki skipað neinum stjörnum. Þess ber þó að geta að Peter Jackson, sem leikstýrði Lord of the Rings-þríleiknum, framleiddi myndina og átti þátt í markaðssetningu hennar. District 9 sló hasarmyndina GI Joe úr efsta sætinu. Í þriðja sæti á listanum er The Time Traveler´s Wife með Eric Bana í aðalhlutverki.**

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Þriðjudagur 18. ágúst 2009**

### ➜ Leiklist

**18.00** Saga Reykjavíkur rakin í leiksýningu á ensku. Let's Talk Local – Reykjavík, sýnt á **Restaurant Reykjavík.**

**20.00** Einsöngleikurinn **Hvað er bakvið ystu sjónarrönd?** sýndur á Brú í Elliðakotslandi. Frítt inn. Nánari upplýsingar á artfart.is.

**20.00** Lokasýning **Það dansar enginn við sjálfan sig** í Hugmyndahúsi háskólanna, áður Saltfélagið úti á Granda. Miðaverð 1.500 krónur. Miðapantanir á britetheater hjá gmail.com

**20.30** Ferðaleikhúsið, **Light Nights** sýnir Visions from the Past í Iðnó.

### ➜ Jazzhátíð



**14.00** Opin vinnustofa á Kjarvalsstöðum. Frá 16 heldur **Hilmar Jensson** svo opinn masterclass þar sem tónlist hans verður rædd.

**21.00** Andrés Þór Tríó og Andleg skelfing á **Café Rósenberg.**

### ➜ Tónlist

**20.30 Einar Clausen** tenór og Lenka Mátéová píanóleikari flytja þjóðlög, sönglög og aríur úr ýmsum áttum á sumartónleikum **Listasafns Sigurjóns Ólafssonar.**

**21.00 Lame Dudes** hita upp fyrir væntanlega plötu með Batterísblús á skemmtistaðnum **Batteríinu.** Aðgangseyrir 1000 krónur.

### ➜ Myndlist

**11.00 Ásdís Friðriksdóttir** heldur sína fyrstu einkasýningu á Kaffitári í Njarðvík.

**11.00** Inga María Brynjarsdóttir heldur sýningu á dýralífsteikningum sínum á **Mokka.**

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.**




## > Allt um leiki gærkvöldsins á Vísi

Fréttablaðið minnir á að umfjöllun um alla leiki Pepsi-deildar karla má finna á íþróttavef Vísis. Fréttablaðið mun sem fyrr sinna leikjum deildarinnar af fremstu getu en á Vísi má finna umfjöllun, viðtöl, tölfræði og einkunnir leikmanna og dómara úr hverjum leik, skömmu eftir að þeim lýkur hverju sinni. Boltavakt Vísis og Fréttablaðsins er einnig á Vísi en þar er öllum leikjum deildarinnar lýst með beinni texta- og atburðalýsingu.



**sport**
sport@frettabladid.is

**PEPSI-DEILD KARLA:** KEFLAVÍK SÓTTI LIÐ STJÖRNUNNAR HEIM Á PLASTIÐ Í GARÐABÆNUM

# *Leikmenn fundu ekki markaskóna á plastinu*



Stjarnan og Keflavík gerðu markalaust jafntefli á Stjörnuvelli í gærkvöld í fjörugum leik þar sem enginn skortur var á færum.

Leikurinn fór fremur rólega af stað og voru Keflvíkingar öllu betri í fyrri hálfeik. Fátt var um færi þar til varnir liðanna, og þá sérstaklega heimamanna, opnuðust er tíu mínútur voru til hálfleiks. Þrátt fyrir fín færi náðu liðin ekki að skora.

Jafnræði var með liðunum í síðari hálfleik og gerðu bæði sitt besta til að skapa sér færi. Stjarnan var sterkari framan af hálfleik en Keflavík endaði leikinn með látum og geta leikmenn liðsins nagað sig í handarbökin að hafa ekki skorað undir lok leiksins.

Eftir tvö slæm töp í röð var Kristján Guðmundsson sæmilega ánægður með stig á Stjörnuvelli þótt hann hefði viljað sjá liðið nýta færin betur.

„Við erum ánægðir með stig en við áttum skilið þrjú. Mér skilst að það sé ekkert sanngjarnt í knattspyrnu þannig að við tökum stig. Við höldum markinu hreinu og erum fyrsta liðið til að gera það á Stjörnuvellinum. Það er mjög flott," sagði Kristján. „Það var fín lína í liðinu og góð barátta og við sköpuðum hálffæri og dauðafæri sem hefði verið hægt að nýta. Menn eiga að fórna sér betur í fyrirgjafir sem koma nálægt markinu. Menn eiga að renna sér í þetta og fara með boltanum inn í markið."

„Það var ekki hægt annað en að sýna framför eftir tvo síðustu leiki. Það var meiri kraftur og örlítið meira þor í liðinu í leiknum. Við þurftum á því að halda að lyfta upp okkar leik," sagði Kristján að lokum.

„Ég held að í heildina hafi þetta verið sanngjörn niðurstaða. Mér fannst þeir sterkir í fyrri hálfleik og við betri lungann úr seinni hálfleik. Bæði lið fengu fullt af færum sem þau nýttu ekki," sagði Bjarni Jóhannsson, þjálfari Stjörnunnar, í leikslok.

„Þeir voru sterkari í lokin en við áttum alltaf færi. Niðurstaðan er stig og við fögnum hverju stigi í hús sem kemur. Eitt stig eftir magurt gengi er stig ásættanlegt," sagði Bjarni að lokum. - gmi

## PEPSI-DEILD KARLA

**KR-Fylkir 2-4**
0-1 Mark Rutgers, sjm. (48.), 0-2 Albert Ingason (53.), 1-2 Guðmundur Benediktsson (56.), 2-2 Björgólfur Takefusa, víti (75.), 2-3 Ingimundur Óskarsson (79.), 2-4 Ingimundur Óskarsson (90.)

**Stjarnan-Keflavík 0-0**

**Þróttur-Valur 0-1**
0-1 Helgi Sigurðsson (51.)

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **FH** | **17** | **14** | **1** | **2** | **49-17** | **43** |
| Fylkir | 17 | 10 | 2 | 5 | 30-19 | 32 |
| **KR** | **16** | **9** | **3** | **4** | **36-24** | **30** |
| Keflavík | 17 | 6 | 7 | 4 | 25-29 | 25 |
| **Stjarnan** | **17** | **7** | **3** | **7** | **35-27** | **24** |
| Valur | 17 | 7 | 2 | 8 | 20-29 | 23 |
| **Fram** | **16** | **6** | **4** | **6** | **26-21** | **22** |
| Breiðablik | 17 | 6 | 4 | 7 | 27-30 | 22 |
| **Grindavík** | **15** | **5** | **3** | **7** | **24-29** | **18** |
| ÍBV | 15 | 5 | 2 | 8 | 18-26 | 17 |
| **Fjölnir** | **17** | **3** | **3** | **11** | **20-42** | **12** |
| Þróttur | 17 | 3 | 2 | 12 | 20-43 | 11 |


Félag skipstjórnarmanna

# Golfmót

**Félags skipstjórnarmanna** verður haldið fimmtudaginn 20. ágúst og hefst kl. 13.00 Mótið fer fram á Setbergsvelli í Hafnarfirði. Allir núverandi og fyrrverandi skipstjórnarmenn velkomnir ásamt fjölskyldumeðlimum/gestum.

Leiknar verða 18 holur. Keppt um titilinn Golfkapteinn ársins. Nánari upplýsingar og skráning í síma 5201280 eða á netfangið ab@skipstjorn.is Léttar veitingar að afloknu móti. Mótsgjald kr. 2000. Hittumst hress og eigum góða stund saman.

M.b. kv. Golfdeild FS


# Sýning í síðari hálfleik

**Eftir markalausan fyrri háfleik var boðið upp á sex marka seinni hálfleik í Vesturbænum. Fylkismenn börðust grimmilega og uppskáru sigur og annað sætið.**

**FÓTBOLTI** „Það er langskemmtilegast að vinna á KR-vellinum," sagði Valur Fannar Gíslason, fyrirliði Fylkis, eftir glæsilegan 4-2 útisigur Árbæinga gegn KR í gær. „Þeir hafa verið á miklu skriði en við náðum að þagga niður í þeim."

Fylkismenn voru líkir sjálfum sér og framganga þeirra var vaskleg með eindæmum. Þeir létu finna fyrir sér og fór það oft í taugarnar á heimamönnum. Í seinni hálfleik gáfu KR-ingar eftir og það nýttu Fylkismenn sér. Mark Rutgers skoraði klaufalegt sjálfsmark og skömmu síðar setti Albert Ingason heimamenn í enn verri mál. En KR-ingar komu til baka og náðu að jafna. Guðmundur Benediktsson skoraði beint úr aukaspyrnu og Björgólfur Takefusa skoraði svo úr vítaspyrnu. Fylkismenn voru hungraðri í sigurinn og Ingimundur Níels Óskarsson tryggði þeim sigurinn með tveimur mörkum.

„Helstu vonbrigðin eru þau að við spiluðum ekki eins og menn," sagði Guðmundur Benediktsson eftir leik. „Við fáum á okkur fjögur mörk á heimavelli og það ekki í fyrsta sinn í sumar. Það finnst mér til skammar. Við eigum að vinna alla okkar heimaleiki. Við sýndum karakter með því að koma til baka en svo duttum við aftur í sama farið. Fylkir átti svo sannarlega skilið að vinna þennan leik."

Fylkir komst upp fyrir KR í annað sæti deildarinnar með þessum sigri.

„Við höfum beðið eftir þessu í allt sumar og loksins kom að því," sagði Valur Fannar Fylkismaður. „KR-ingar voru orðnir nokkuð flatir í vörninni og það nýttum við okkur. Það er hvergi sætara að vinna en á KR-vellinum."

elvargeir@365.is



**SKRAUTLEGT** Ólafur Þór Gunnarsson hrifsar hér boltann af maga Guðmundar Benediktssonar. Dæmt var á Guðmund en tilburðir markvarðarins voru skemmtilegir.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**KR 2-4 Fylkir**

KR-völlur, áhorf.: 1.906 — Þóroddur Hjaltalín (7)

*0-1 Mark Rutgers, sjm. (48.)*
*0-2 Albert Brynjar Ingason (53.)*
*1-2 Guðmundur Benediktsson (56.)*
*2-2 Björgólfur Takefusa, víti (75.)*
*2-3 Ingimundur N. Óskarsson (79.)*
*2-4 Ingimundur N. Óskarsson (90.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 12–11 (5–5) |
| Varin skot | Andre 1 – Ólafur 1 |
| Horn | 7–4 |
| Aukaspyrnur fengnar | 13–12 |
| Rangstöður | 1–1 |

| **KR** 4–4–2 | | **FYLKIR** 4–5–1 | |
|---|---|---|---|
| Andre Hansen | 5 | Ólafur Gunnarsson | 7 |
| Skúli Friðgeirsson | 6 | Andrés Jóhannesson | 7 |
| Mark Rutgers | 3 | Einar Pétursson | 8 |
| Grétar Sigurðarson | 5 | (81., Halldór Hilmis. | -) |
| Jordao Diogo | 4 | Kristján Valdimarsson | 6 |
| Gunnar Örn Jónsson | 6 | Kjartan Breiðdal | 7 |
| (76., Gunnar Kristj. | -) | ***Ingimund. Óskars.** | **8** |
| Baldur Sigurðsson | 3 | Ásgeir B. Ásgeirsson | 7 |
| Bjarni Guðjónsson | 5 | Valur F. Gíslason | 6 |
| Atli Jóhannsson | 4 | Ólafur Stígsson | 8 |
| (59., Óskar Hauks. | 4) | Theodór Óskarsson | 4 |
| Guðm. Benediktsson | 8 | (66., Pape Faye | 6) |
| Björgólfur Takefusa | 7 | Albert Ingason | 6 |
| | | (71., Jóhann Þórhalls. | -) |

**Maður leiksins*





FARTÖLVU DAGAR ELKO
SENDU SMS ELKO MAC
Á NÚMERIÐ 1900 OG SVARAÐU SPURNINGU!
Þú gætir unnið MacBook tölvu!
Aukavinningar eru: GSM Sími · DVD myndir · Bíómiðar
Tölvuleikir · Pepsi · Geisladiskar og margt fleira.
ELKO
facebook leikur! Vertu aðdáandi og þú gætir unnið 10.000 kr.
10. HVER VINNUR!
SMS LEIKUR
Vinningar afhentir í ELKO Lindum.99 kr/skeytið.
Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. Leik lýkur 28.08.09


Sigurður Ingimundarson tilkynnti í gær þrettán manna landsliðshóp sinn:

# Höfum að miklu að keppa

**KÖRFUBOLTI** Landsliðsþjálfarinn Sigurður Ingimundarson tilkynnti þrettán manna landsliðshóp sinn fyrir seinni umferð b-deildar Evrópukeppninnar sem leikin verður á dögunum 19.-29. ágúst.

Ísland mætir Dönum í fyrsta leik sínum í seinni umferðinni á morgun en Holland, Austurríki og Svartfjallaland eru einnig í riðlinum.

„Við vitum að með sigri gegn Dönum getur hagur okkar vænkast talsvert í riðlinum og við höfum að miklu að keppa," segir Sigurður.

Sigurður er án Hlyns Bæringssonar, Sigurðar Þorvaldssonar og Jakobs Arnar Sigurðarsonar sem gáfu ekki kost á sér að þessu sinni.



**VONGÓÐUR** Landsliðsþjálfarinn Sigurður Ingimundarson er bjartsýnn fyrir seinni umferð Evrópukeppninnar.
FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

„Við höfum verið að taka mikið af ungum leikmönnum inn í landsliðið á síðustu árum og núna er tími fyrir þá að láta til sín taka. Þetta verður líka til þess að auka breiddina," segir Sigurður. - óþ

**LANDSLIÐSHÓPURINN**

| | |
|---|---|
| **Bakverðir** | |
| Magnús Þór Gunnarsson | Njarðvík |
| Pavel Ermolinskij | La Palma |
| Þorleifur Ólafsson | Grindavík |
| Sveinbjörn Claessen | ÍR |
| Jón A. Stefánsson | Benetton Treviso |
| Hörður Axel Vilhjálmsson | Keflavík |
| Logi Gunnarsson | Njarðvík |
| **Framherjar** | |
| Páll Axel Vilbergsson | Grindavík |
| Helgi Már Magnússon | Solna Vikings |
| Jóhann Árni Ólafsson | Njarðvík |
| **Miðherjar** | |
| Fannar Ólafsson | KR |
| Ómar Sævarsson | Grindavík |
| Sigurður G. Þorsteinsson | Keflavík |

# ALLTAF BETRA VERÐ




## ASUS FARTÖLVA

**Asus EEE 1005HA**

1.6GHz Intel Atom N270 örgjörvi • 1GB DDR2 minni • 160GB SATA diskur • 10.1" WSVGA LCD skjár • WiFi 802.11 b/g/n netkort • Vefmyndavél • 3 x USB 2, VGA tengi o.fl. • Skiptanleg rafhlaða -allt að 8,5 klst. ending • Windows XP Home

**59.990**




## acer FARTÖLVA

**Acer Extensa 5230E-901G16Mn**

2.2Ghz Intel Celeron M 900 Centrino örgjörvi • 1GB DDR2 667MHz minni • 160GB SATA harðdiskur • 8xDVD±RW Dual Layer og CD-RW skrifari • 15.4" FHD WXGA breiðskjár • Intel Graphics Media Accelerator X4500 skjákort • Þráðlaust 802.11bgn netkort • Windows Vista Home Basic

**79.990**




## TOSHIBA FARTÖLVA

**Toshiba L300-25L**

2.2Ghz Intel Celeron M 900 Centrino örgjörvi • 1GB DDR2 800MHz minni • 120GB SATA harðdiskur • 8xDVD±RW Dual Layer og CD-RW skrifari • 15.4" WXGA breiðskjár • Intel Graphics Media Accelerator X4500 skjákort • Þráðlaust 54Mbps 802.11b/g netkort • 3xUSB 2.0, VGA, ExpressCard Slot ofl. • Windows Vista Home Basic

**89.990**




## acer emachines

**Acer eMachine E725-423G25MI**

2.0GHz Intel Core Duo T4200 Centrino Duo örgjörvi • 3GB DDR2 667MHz minni • 250GB SATA diskur • 15.6" WXGA LED CrystalBrite breiðskjár • Intel Graphics Media Accelerator 4500M skjákort • Þráðlaust netkort • Vefmyndavél • DVD±RW, CD-RWskrifari • 2xUSB2, kortalesari, VGA, SPDIF o.fl. • Windows Vista Home Premium

FARTÖLVA

**99.990**




20mm 1,3kg

## msi FARTÖLVA

**MSI Slim X320**

Intel Atom Z530 örgjörvi • 2GB vinnsluminni • 320GB diskur • 13" LCD breiðskjár • Bluetooth og N-draft þráðlaust netkort • Vefmyndavél • Vista Home Premium

**109.990**




## ASUS FARTÖLVA

**Asus F5GL-AP334C**

2GHz Intel Core Duo T4200 800Mhz örgjörvi • 4GB DDR2 minni • 500GB SATA harðdiskur • 8xDVD±RW Dual Layer skrifari • 15.6" WXGA LED breiðskjár með Glare • Nvidia 8200M G skjákort • 1.3MP vefmyndavél • Þráðlaust 54 Mbps 802.11bgn netkort • Windows Vista Home Premium

**149.990**




HDMI

## acer FARTÖLVA

**Acer Aspire 5536G-644G50MN**

2.1Ghz AMD Athlon X2 Mobile QL-64 örgjörvi • 4GB DDR2 667MHz minni • 500GB SATA harðdiskur • 8xDVD±RW Dual Layer og CD-RW skrifari • 15.6" WXGA LED CineCrystal breiðskjár • 512MB ATI Mobility Radeon HD 4570 PCI-Express skjákort • Þráðlaust 802.11bgn netkort með loftneti í skjá • Talnaborð • Windows Vista Home Premium

**149.990**

# TÖLVULISTINN

TL.IS
www.tolvulistinn.is

REYKJAVÍK • AKUREYRI • EGILSSTAÐIR • KEFLAVÍK • SELFOSS • HAFNARFJÖRÐUR

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| NÓATÚNI 17<br>S: 414 1700 | STRANDGÖTU 9<br>S: 414 1730 | MIÐVANGI 2-4<br>S: 414 1735 | HAFNARGÖTU 90<br>S: 414 1740 | AUSTURVEGI 34<br>S: 414 1745 | REYKJAVÍKURVEGI 66<br>S: 414 1750 |

> **Jason Lee**

„Þegar maður er búinn að ná ákveðið langt í Hollywood neyðist maður til að reyna að halda sér í sviðsljósinu. Þá snýst þetta meira um það að vera frægur en að vera leikari.“

***Jason Lee fer með aðalhlutverkið í þáttunum My Name is Earl á Stöð 2 kl. 21.10.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ MAGNÚS TEITSSON FÓR UPP FYRIR FIMMTÍU RÁSA MARKIÐ Á FJÖLVARPINU

# *Þokkalega blautt fyrir vestan, maður!*

Þær eru margar, sjónvarpsrásirnar á Fjölvarpinu, en ekki að sama skapi margar sem maður gefur séns dags daglega. Undirritaður er sjálfsagt ekki einn um það að sniðganga meginþorra evrópsku sjónvarpsstöðvanna sem eru í boði, ekki síst þær norrænu. Í gær varð hins vegar breyting þar á. Í rólegheitastússi með tæplega ársgamalli dóttur, sem hingað til hefur helst sýnt áhuga á tennismótum og dýralífsþáttum, staðnæmdist ég nefnilega á sænsku stöðinni SVT, þar sem verið var að sýna norskan þátt, merkilegt nokk, með sænskum texta.



MYND/KRISTIN HELGELAND HAUGE/NRK

Sá nefnist Norsk attraksjon og er ekki óskyldur hinum rammíslensku þáttum Út og suður, sem kyntröllið Gísli Einarsson hefur stýrt styrkri hendi. Norska þættinum stýrir hress kona að nafni Linda Eide, sem gæti verið hin týnda tvíburasystir gæðaleikarans Anthony Perkins. Linda fer víða um Noreg endilangan með gult skilti merkt heiti þáttarins, sem gæti útlagst „Áhugaverður staður“, og lætur vanmetna staði og fólk njóta sannmælis. Í Finnmörk rifjaði hún til dæmis upp skrifleg mótmæli eins íbúanna eftir seinni heimsstyrjöld, sem sveið að þurfa að borga fyrir gamalt timburdrasl til að endurreisa hús sitt sem nasistar höfðu lagt í rúst, og sýndi áhorfendum hreysið sem úr varð. Í Svelvik í Vestfold reiknaði Linda svo út fjölda ferða sem ferjustjóri nokkur hafði farið á ferlinum (þær reyndust tæplega þrjátíu þúsund) og splæsti svo á hann tertu. Mannlegt og fallegt.

Innslögin virðast meira og minna í slíkum vinjettustíl. Í Voss í Hörðalandi býr óheyrilegur fjöldi verðlaunahafa á vetrarólympíuleikum, og þar komst Linda að raun um að þeir ganga allir um dags daglega með medalíurnar, líka þegar þeir fara að kaupa í matinn. Lykillinn að velgengni Vossara var einnig afhjúpaður, en það eru sviðahausarnir sem við þekkjum svo vel. Linda fékk auðvitað að borða besta bitann, augað. Rúsínan í pylsuendanum var samt heimsókn til bæjarins Brekke í Sogni, sem er blautasti staður Noregs með um 280 rigningardaga á ári. Meira að segja fólk sem hefur búið í Bergen hefur aldrei upplifað annað eins. Svakalegt það.

## ÞRIÐJUDAGUR



▶ **19.40 The O.C.** STÖÐ 2 EXTRA



▶ **18.30 Panathinaikos - Atletico Madrid** STÖÐ 2 SPORT



▶ **20.30 Style Her Famous** SKJÁREINN



▶ **22.10 My Name Is Earl** STÖÐ 2



▶ **22.25 Uppljóstrarar** SJÓNVARPIÐ

## SJÓNVARPIÐ

**16.35 Leiðarljós**

**17.20 Táknmálsfréttir**

**17.30 Barnaefni:** Matta fóstra og ímynduðu vinir hennar, Herramenn

**18.10 Íslenski boltinn** (e)

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veðurfréttir**

**19.35 Kastljós**

**20.15 Skólaklíkur** (14:22) (Greek) Bandarísk þáttaröð um systkinin Rusty og Casey Cartwright og fjörugt félagslíf þeirra í háskóla.

**21.00 Með myndavél að vopni** (Med elg i linsen og rev bak øret) Norsk mynd um fólk sem hefur það að áhugamáli að taka náttúrulífskvikmyndir. Fylgst er með þremur mönnum sem fara í feluklæði í frístundum sínum og arka út í skóg með myndavél og þrífót til að sitja fyrir refum, elgjum og öðrum dýrum sem þar er að finna.

**22.00 Tíufréttir**

**22.15 Veðurfréttir**

▶**22.25 Uppljóstrarar** (3:6) (The Whistleblowers) Bresk spennuþáttaröð um lögfræðinga sem hjálpa fólki að fletta ofan af spillingu og glæpum.

**23.15 HM í frjálsum íþróttum** Samantekt frá keppni dagsins á HM í frjálsum íþróttum sem fram fer í Berlín.

**00.10 Mótókross** (e) Þáttur um Íslandsmótið í mótókrossi sem er torfærukappakstur á vélhjólum.

**00.40 Kastljós** (e)

**01.20 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 Great Expectations**

**10.00 I Love You to Death**

**14.00 Johnny Dangerously**

**16.00 Great Expectations**

**18.00 The Adventures of Brer Rabbit**

**20.00 Something New**

**22.00 Fracture**

**00.00 Shottas**

**02.00 Blind Flight**

**04.00 Fracture**

**06.00 Sérafhin: un homme et son Péc**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnaefni** Go Diego Go!, Maularinn, Tommi og Jenni

**08.15 Oprah**

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 Doctors** (21:25)

**10.00 Doctors** (22:25)

**10.35 In Treatment** (7:43)

**11.05 Hell's Kitchen**

**11.50 Wildfire** (4:13)

**12.35 Nágrannar**

**13.00 Hollyoaks** (257:260)

**13.25 Diary of a Mad Black Woman** Rómantísk gamanmynd um konu sem lendir í því eftir langt og hamingjusamt samband að maðurinn fer frá henni. Þegar hann lendir í lífshættu verður hún að gera upp við sig hvort hún geti fyrirgefið honum.

**15.20 Sjáðu**

**15.55 Barnaefni** Tutenstein, Go Diego Go!, Ben 10

**17.08 Bold and the Beautiful**

**17.33 Nágrannar**

**17.58 Friends** (15:24)

**18.23 Veður**

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.11 Veður**

**19.20 The Simpsons**

**19.45 Two and a Half Men** (3:24)

**20.10 Two and a Half Men** (1:24)

**20.30 ‚Til Death** (12:15)

**20.55 Bones** (24:26)

**21.40 Little Britain** (3:6)

▶**22.10 My Name Is Earl** (21:22) Jason Lee er í hlutverk i gæðablóðsins Earl, sem rembist áfram við að bæta fyrir misgjörðir sínar með æði misjöfnum árangri.

**22.30 The Sopranos** (29:39)

**23.30 The Closer** (15:15) Brenda Leigh Johnson leiðir sérstaka morðrannsóknadeild innan hinnar harðsvíruðu lögreglu í Los Angeles. Á milli þess að leysa flókin sakamál þarf hún stöðugt að glíma við íhaldssemi og ofríki karlanna í lögreglunni.

**00.15 Out of Reach**

**01.40 Diary of a Mad Black Woman**

**03.35 Can't Buy Me Love**

**05.05 Little Britain** (3:6)

**05.35 Fréttir og Ísland í dag**

## STÖÐ 2 SPORT *besta sætið*

**07.00 Meistaradeild Evrópu: Celtic - Arsenal**

**16.20 Meistaradeild Evrópu: Celtic - Arsenal** Útsending frá leik í 3. umferð Meistaradeildar Evrópu.

**18.00 Gillette World Sport 2009** Fjölbreyttur íþróttaþáttur þar sem farið er yfir víðan völl. Farið er yfir það helsta sem er að gerast í íþróttunum út í heimi og skyggnst á bak við tjöldin.

▶**18.30 Meistaradeild Evrópu. Panathinaikos - Atl. Madrid** Bein útsending frá leik Panathinaikos og Atl. Madrid í forkeppni Meistaradeildar Evrópu.

**20.40 PGA Tour 2009 - Hápunktar** Sýnt frá hápunktunum á PGA mótaröðinni í golfi.

**21.35 Poker After Dark** Margir af snjöllustu pókerspilurum heims mæta til leiks í Texas Hold ´Em. Doyle Brunson, Chris Moneymaker, Daniel Negreanu, Gus Hansen, Chris „Jesus“ Ferguson, Johnny Chan og fleiri magnaðir spilarar sýna áhorfendum hvernig atvinnumenn spila póker.

**22.20 Meistaradeild Evrópu: Panathinaikos - Atl. Madrid** Útsending frá leik í 3. umferð Meistaradeildar Evrópu.

## STÖÐ 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**14.20 Enska úrvalsdeildin: Portsmouth - Fulham** Útsending frá leik Portsmouth og Fulham í ensku úrvalsdeildinni.

**16.00 Enska úrvalsdeildin: Chelsea - Hull** Útsending frá leik Chelsea og Hull í ensku úrvalsdeildinni.

**17.45 Uppgjör helgarinnar** Rennt yfir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni og allt það helsta úr leikjunum skoðað gaumgæfilega.

**18.40 Enska úrvalsdeildin. Sunderland - Chelsea** Bein útsending frá leik Sunderland og Chelsea í ensku úrvalsdeildinni. Sport 3. Wigan - Wolves

**20.45 Enska úrvalsdeildin: Wigan - Wolves** Útsending frá leik Fulham og Blackburn í ensku úrvalsdeildinni.

**22.25 Coca Cola mörkin 2009/2010** Sýnt frá öllum leikjunum í Coca-Cola deildinni. Öll flottustu mörkin og tilþrifin á einum stað.

**22.55 Enska úrvalsdeildin: Sunderland - Chelsea** Útsending frá leik Sunderland og Chelsea í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**

**08.00 Rachael Ray** (e)

**08.45 Pepsi MAX tónlist**

**17.30 Monitor** (2:8) (e)

**18.00 Rachael Ray**

**18.45 America's Funniest Home Videos** (14:48) (e) Bráðskemmtilegur fjölskylduþáttur þar sem sýnd eru fyndin myndbrot sem venjulegar fjölskyldur hafa fest á filmu.

**19.10 Family Guy** (11:18) (e)

**19.35 Everybody Hates Chris** (12:22) (e)

**20.00 According to Jim** (5:18)

▶**20.30 Style Her Famous** (16:20) Stjörnustílistinn Jay Manuel heimsækir venjulegar konur sem dreymir um að líta út eins og stjörnurnar í Hollywood. Að þessu sinni hjálpar hann drungalegri stúlku að líta út eins og Natalie Portman.

**21.00 Design Star** (4:9) Bandarísk raunveruleikasería þar sem efnilegir hönnuðir fá tækifæri til að sýna snilli sína. Þeir sjö hönnuðir sem eftir eru þurfa að innrétta herbergi og sækja innblástur til mismunandi landa. Þetta reynist mörgum þeirra mjög erfitt og dómararnir fá erfitt verkefni í lokin.

**21.50 The Dead Zone** (10:13)

**22.40 Penn & Teller: Bullshit** (42:59) Skemmtilegur þáttur þar sem háðfuglarnir Penn & Teller leita sannleikans. Takmark þeirra er að afhjúpa svikahrappa og lygalaupa með öllum tiltækum ráðum.

**23.10 How to Look Good Naked** (7:8) (e)

**00.00 CSI** (19:24) (e)

**00.50 Home James** (7:10) (e)

**01.20 Dr. Steve-O** (6:7) (e)

**01.50 Pepsi MAX tónlist**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Umsjón: Ingvi Hrafn Jónsson.

**21.00 Græðlingur** Umsjón: Guðríður Helgadóttir.

**21.30 Reykjavík – Egilsstaðir – Reykjavík, fyrri hluti** Umsjón: Árni Árnason og Snorri Bjarnvin Jónsson

**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




## Í KVÖLD

**STÖÐ 2 KL. 20.20**

### 'Til Death



Brad Garrett (Robert úr Everybody Loves Raymond) er hér á ferðinni í hressilegri gamanþáttaröð sem gerði góða hluti á Stöð 2 þegar hún var fyrst sýnd á síðasta ári. Garrett leikur sem fyrr fúlan á móti, óþolandi nágranna sem gengur endanlega af göflunum þegar ungt og nýgift par flytur í næsta hús. En svo tekst með þeim hjónum ágætis vinskapur þar sem oft og iðulega verður deginum ljósara hversu ólíkum augum miðaldra hjón og ung hjón sjá hjónabandið, samskipti kynjanna og tilgang lífsins.

## VIÐ MÆLUM MEÐ

**Með myndavél að vopni**

**Sjónvarpið kl. 21.00**

Norsk mynd um fólk sem hefur það að áhugamáli að taka náttúrulífs-kvikmyndir.

Fylgst er með þremur mönnum sem fara í feluklæði í frístundum sínum og arka út í skóg með myndavél og þrífót til að sitja fyrir refum, elgjum og öðrum dýrum sem þar er að finna.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.38** Morgunfrúin
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.03** Morgunfrúin - heldur áfram
**07.30** Fréttayfirlit
**08.11** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Óvissuferð - allir velkomnir
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Drottning hundadaganna
**15.03** Útvarpssagan: Nafnabókin
**15.25** Þriðjudagsdjass
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Spegillinn
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Sumarraddir
**21.20** Jazzhátíð á Rás 1
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Kvöldsagan: Syndin er lævís og lipur
**23.00** Gatan mín
**23.35** Kvöldtónar
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.45 Hollyoaks** (256:260)

**17.15 Hollyoaks** (257:260)

**17.40 The O.C. 2** (8:24) Stöð 2 Extra og Stöð 2 endursýna þessa vinsælu þáttaröð frá upphafi. Orange-sýsla í Kaliforníu virðist vera friðsæl paradís þar sem lífið leikur við bæjarbúa.

**18.25 Seinfeld** (17:22) Jerry Seinfeld er uppistandari sem nýtur mikillar kvenhylli en á í stökustu vandræðum með eðlileg samskipti við annað fólk.

**18.45 Hollyoaks** (256:260) Hágæða bresk unglingasápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester.

**19.15 Hollyoaks** (257:260)

▶ **19.40 The O.C. 2** (8:24)

**20.25 Seinfeld** (17:22)

**21.00 Fréttir Stöðvar 2**

**21.20 Ísland í dag**

**21.40 Love You to Death** (6:13) Drepfyndnir þættir þar sem sögð er dagsönn saga af hreint lygilegum sakamálum sem öll eiga það sameiginlegt að tengjast hjónum og ástríðuglæpum.

**22.05 So You Think You Can Dance** (18:23) Stærsta danskeppni í heimi snýr aftur fimmta sumarið í röð. Keppnin í ár verður með svipuðu sniði og þær fyrri. Allt byrjar þetta á prufunum sem fram fóru í fjórum borgum. Aldrei fyrr hafa jafn margir hæfileikaríkir dansarar skráð sig. Þessari miklu þátttöku fylgir óhjákvæmilega að þátttakendur hafa aldrei verið skrautlegri.

**23.30 So You Think You Can Dance** (19:23)

**00.15 Sjáðu**

**00.45 Fréttir Stöðvar 2**

**01.45 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**10.00** Only Fools and Horses **10.30** Absolutely Fabulous **11.00** Only Fools and Horses **11.30** Absolutely Fabulous **12.00** My Hero **12.30** My Hero **13.00** Only Fools and Horses **13.30** Only Fools and Horses **14.00** The Weakest Link **14.45** My Hero **15.15** My Hero **15.45** Only Fools and Horses **16.15** Only Fools and Horses **16.45** EastEnders **17.15** The Weakest Link **18.00** My Hero **18.30** Extras **19.00** Coupling **19.30** Blackadder II **20.00** Waking the Dead **20.50** Coupling **21.20** Blackadder II **21.50** EastEnders **22.20** The Weakest Link **23.05** Waking the Dead **23.55** Coupling

## DR 1

**10.10** Da Norge lå syd for ækvator **10.35** Aftenshowet **11.00** Aftenshowet 2. del **11.30** Forandring på vej **12.00** Det lille hus på prærien **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Boogie Mix **14.00** Fremtidens detektiver **14.30** Naruto **14.55** Den lyserode panter **15.00** Ninja Turtles **15.20** Oggy og kakerlakkerne **15.30** Lille Nord **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** Ha' det godt **18.00** Hammerslag **18.30** Hvor er vi landet? **19.00** TV Avisen **19.25** SportNyt **19.30** Ulf Larsen **21.00** Truslen fra dybet **21.40** Dodens detektiver **22.05** Seinfeld

## NRK 1

**10.00** Dansefot jukeboks **11.00** Om et hjerte **12.00** Jobben er din! **13.00** Bandet **13.20** Biskopen og Snåsamannen **13.50** VM friidrett **15.50** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Bienes by **16.30** Småplukk **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** VM friidrett **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Velg! 09 **20.30** Extra-trekning **20.40** Brakkvann **21.00** Kveldsnytt **21.15** Dragning mot dod **22.05** Darwins verden **22.55** Uventet besok **23.25** Jazz jukeboks

## SVT 1

**10.00** Rapport **10.05** Visuell intelligens **11.05** Svalbard runt **11.40** På farliga vägar **13.05** Döden klär honom **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Pistvakt **15.25** Sjukan **15.55** Anslagstavlan **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** AnneMat **16.45** Den bollen glömmer man inte **17.00** Cirkusliv **17.30** Rapport **17.50** Regionala nyheter **18.00** Coldplay då och nu **18.50** Post, nej tack! **19.00** Foyle's war **20.35** Upp till kamp **22.05** 1800-talet ut-och-in **22.45** Sändningar från SVT24


TÓNVINNSLUSKÓLINN

ProTools-skólinn á Íslandi



Upptöku- og útsetninganámskeið haust 2009

● Tónvinnslunámskeiðið hefst í september

● Farið verður í ProTools 101 og ProTools 110

● Prufuupptökugerð (demo) í Midi-umhverfi ProTools og forritin Reason og Melodine kynnt

● Upptökur á frumsömdu lagi í hljóðveri með hljóðfæraleikurum

● Masterclass í hljóðblöndun í ProTools (EQ, Compressors, Reverp delay, Chorus, o.fl.)

Hægt er að sækja um þátttöku á slóðinni www.tonvinnsluskoli.is eða í síma 5349090

TÓNVINNSLUSKÓLINN

Sponsored Digidesign School

digidesign

PRO TOOLS

## LÖGIN VIÐ VINNUNA



*„Síðustu vikur hef ég eiginlega bara hlustað á Rás 1, gömlu góðu gufuna. Annars er Supertime með Berndsen á „repeat“ og svo valdir taktar eftir Fonetik Símbol.“*

Klængur Gunnarsson ljósmyndari og myndlistarnemi.

# Númi kokkur hættir með Segurmo

Kokkurinn knái Númi Thomasson hefur ákveðið að taka sér frí frá eldamennsku um óákveðinn tíma og mun því hætta rekstri veitingastaðarins Segurmo, sem er í húsnæði Boston á Laugavegi, í lok mánaðarins. Stutt er síðan staðurinn var valinn besti veitingastaðurinn í Reykjavík af blaðinu Grapevine og því koma fréttirnar nokkuð á óvart. „Ég stofnaði fyrirtækið 9. september í fyrra og er búinn að vera hér nánast á hverjum degi síðan þá. Mig langar bara að taka mér smá frí og kannski lesa bók, hitta vini mína og slappa aðeins af,“ segir Númi, sem lærði til kokks á Hótel Kempinski í Berlín á sínum tíma. Hann starfaði einnig sem kokkur fyrir söngkonuna Björk meðan á tónleikaferðalagi hennar stóð.



**SMEKKKONA** Númi var einkakokkur Bjarkar á tónleikaferðalagi hennar um heiminn.

„Þetta getur verið mjög erfitt starf og tekið mikið á taugarnar. En það fer auðvitað svolítið eftir veitingastaðnum hversu erfitt þetta er, það að reka sinn eigin stað er til dæmis mjög erfitt en á sama tíma mjög gefandi.“ Aðspurður segist Númi ekki vita hvað tekur við eftir Segurmo. „Ég er ekki búinn að hugsa það langt því ég er enn á fullu í vinnunni og á eftir að pakka öllu niður og ganga frá lausum endum. Ég gæti vel hugsað mér að sinna tónlistinni betur. Þó að Segurmo verði lokað núna er ekki útilokað að hann poppi upp aftur einhvern tímann seinna.“

Veitingasala verður áfram á Boston, þar sem Segurmo var til húsa, en undir öðru nafni.

- sm



**ÆTLAR Í FRÍ** Númi hefur rekið veitingastaðinn Segurmo á Laugavegi í næstum ár. Nú ætlar hann í frí. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**LÁRÉTT**
**2.** komst auga á, **6.** í röð, **8.** kvikmyndahús, **9.** í viðbót, **11.** tvö þúsund, **12.** uppskafningsháttur, **14.** planta, **16.** pot, **17.** útsjónarsöm, **18.** fálm, **20.** frú, **21.** þjappaði.

**LÓÐRÉTT**
**1.** asi, **3.** í röð, **4.** fax, **5.** næði, **7.** snið, **10.** bar að garði, **13.** hólf, **15.** sjá eftir, **16.** einatt, **19.** eldsneyti.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** sást, **6.** lm, **8.** bíó, **9.** auk, **11.** mm, **12.** snobb, **14.** smári, **16.** ot, **17.** séð, **18.** fum, **20.** fr, **21.** tróð.

**LÓÐRÉTT: 1.** flas, **3.** áb, **4.** símbréf, **5.** tóm, **7.** munstur, **10.** kom, **13.** bás, **15.** iðra, **16.** oft, **19.** mó.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8.

1. Usain Bolt.
2. Danmörku.
3. Átta prósent.

Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Árlegt golfmót íþróttafélagsins Hauka var haldið hátíðlegt á föstudaginn. Fjölmargir stuðningsmenn íþróttafélagsins lögðu leið sína út á Hvaleyrarholtið í Hafnarfirði og öttu kappi um hinn svokallaða rauða jakka. Meðal þátttakenda í golfmótinu var hins vegar tónlistarmaður sem fáir hafa hingað til tengt við íþróttir, sjálfur **Sverrir Stormsker**. Hann átti ekki sinn besta dag á vellinum en Sverrir lék hringinn á rúmlega sextíu höggum yfir pari vallarins.



Landsliðskempurnar og hárfrumkvöðlarnir **Björgvin Páll Gústavsson** og Logi Geirsson geta vel við unað ef marka má sölutölur hárgelsins The Silver sem þeir félagar birta á heimasíðu sinni, thesilver.com. Þar kemur fram að yfir 8.500 dósir hafi selst og þeir taka skýrt fram að það sé vel yfir væntingum þeirra. Jafnframt er gefið í skyn að nýjar afurðir kunni að líta dagsins ljós áður en langt um líður þótt engu sé lofað í þeim efnum.



Gestir í verslun Hagkaupa í Skeifunni á laugardagskvöld urðu vitni að því þegar til illdeilna kom milli hóps ungra manna og öryggisvarða verslunarinnar. Ekki fylgdi sögunni hver var ástæða uppþotsins en mennirnir brugðust illa við þegar öryggisverðirnir vísuðu þeim út úr versluninni. Í miðjum hópnum var **Aron Pálmi Ágústsson** og virtist hann afar ósáttur við að vera vísað á dyr. Hópurinn var greinilega að skemmta sér og þótti þessi ákvörðun þeim ekki samboðin.



- fgg, hdm



**ÍTARLEGT KENNSLUMYNDBAND** Karl Berndsen leggur nú lokahönd á kennslumyndband í förðun sem kemur út á Íslandi í lok október og er í viðræðum við dreifingaraðila í Evrópu um að koma því á markað þar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

KARL BERNDSEN: GEFUR ÚT KENNSLUMYNDBAND Í FÖRÐUN

# Kalli Berndsen í útrás

„Ég er með þrettán módel frá fimmtán ára upp í sjötugt,“ segir Karl Berndsen, hárgreiðslu- og förðunarmeistari og eigandi Beauty Barsins. Hann leggur nú lokahönd á kennslumyndband í förðun sem Beauty Barinn gefur út í lok október og er í viðræðum við dreifingaraðila í Evrópu.

„Þetta er mjög ítarlegt kennslumyndband. Ég farða hvert módel á tvo mismunandi vegu svo það er margs konar förðun tekin fyrir. Ég tek einnig fyrir einstök atriði eins og ælæner og sýni mismunandi gerðir og ásetningu, fer í muninn á milli púðurs og meiks og hvernig þú hugsar um sjálfa þig svo eitthvað sé nefnt. Þetta er í raun bara eins og „professional“ námskeið fyrir venjulegar konur,“ útskýrir Karl. „Myndbandið er einnig hugsað fyrir Evrópumarkað því það er ekkert svona til. Það eina sem hefur verið gert er framleitt og kostað af tilteknum snyrtivörumerkjum, en þetta myndband er alveg óviðkomandi einhverju ákveðnu merki.“

Karl mun ekki eiga í erfiðleikum með að talsetja myndbandið yfir á ensku þar sem hann bjó og starfaði um árabil í Bretlandi og vann með stórstjörnum á borð við ofurfyrirsætuna Naomi Campbell, tískuhönnuðinn Stellu McCartney og John Galliano og stúlknabandið Sugababes. Ekki skemmir fyrir að hafa góð sambönd þegar Karl herjar á Evrópumarkað.

Í lok september mun Karl snúa aftur á skjáinn í þættinum Nýtt útlit þar sem hann veitir góð ráð varðandi klæðaburð, hár og förðun. Þættirnir, sem hófu göngu sína síðasta haust á Skjá einum, hafa notið gríðarlegra vinsælda og í kjölfarið buðust Karli tilboð frá fleiri sjónvarpsstöðvum. „Það er ekki hægt að neita því að Stöð 2 sýndi áhuga. Það er alltaf gaman þegar verið er að bjóða í mann, en ég vildi vera trúr stöðinni sem gaf mér tækifæri í upphafi og mun halda áfram þar,“ segir Karl.

alma@frettabladid.is

Auglýsingasími
512 50 50


– Mest lesið

# Mika glæsilegur en hlédrægur

Í kringum tólf þúsund manns hlýddu á tónleika Jóhönnu Guðrúnar, hins heimfræga Mika og þekktra sænskra tónlistarmanna í Malmö í Svíþjóð síðastliðinn laugardag. „Þetta gekk rosalega vel. Þetta fór fram eins og flestir tónleikar sem ég hef verið að syngja á undanfarið,“ segir Jóhanna, sem söng Eurovision-lagið Is it True? og Walking on Water af plötu sinni Butterflies and Elvis. Tónleikarnir voru haldnir undir beru lofti og skipulagðir af stærstu útvarpsstöð Svíþjóðar, RIXFM.

Þrátt fyrir að vera aðdáandi Mika, sem sló í gegn með laginu Grace Kelly, gafst Jóhönnu ekki tækifæri til að blanda geði við hann að neinu ráði. „Um leið og hann mætti voru allir ljósmyndararnir reknir út og hann var ekkert að spjalla eða svoleiðis. En það var fyndið að sjá hann labba þarna um. Hann var mjög almennilegur og var líka glæsilegur á sviðinu,“ segir Jóhanna Guðrún. „Ég hafði það samt í mér að biðja um mynd með honum og fékk það,“ segir hún og viðurkennir að Mika sé frægasti tónlistarmaðurinn sem hún hafi sungið með á tónleikum.

Eins og kom fram í Fréttablaðinu fyrir skömmu kemur platan Butterflies and Elvis út víða vegar um Evrópu á næstu mánuðum á vegum útgáfufyrirtækisins Warner. Jóhanna mun hafa í nógu að snúast við að fylgja henni eftir og hefst sú törn í október og lýkur ekki fyrr en eftir jól. Hún hlakkar mikið til tónleikaferðarinnar, sérstaklega að fara til Þýskalands. „Það er mjög stór markaður þar og það væri geggjað að komast áleiðis þar,“ segir hún. Jóhanna er þegar orðin mjög vinsæl í Svíþjóð og situr platan hennar í áttunda sæti á breiðskífulistanum þar í landi.

- fb



**JÓHANNA OG MIKA** Jóhanna Guðrún í Malmö ásamt hinum heimsfræga tónlistarmanni Mika.


Útsala
10-50%
afsláttur
Parket
Plastparket
Harðparket
Flísar
Hurðir
Hreinlætistæki
HARÐVIÐARVAL
Krókhálsi 4 | 110 Reykjavík | Sími: 567 1010 | www.parket.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000




**Stærst, vönduð og ódýrari!**
Bómiði fylgir með skólavörukaupum fyrir 5.000 kr. eða meira!
A4 Skrifstofa og skóli
Smáratorgi
Glerárgötu 34
www.a4.is


**BAKÞANKAR**
Páls Baldvins Baldvinssonar



## Í jaðri þjónustusvæðis

Við tókum strax eftir honum. Stelpurnar voru fyrri til og brátt var öll hersingin farin að fylgjast með manninum, sá ákafasti dró upp sjónauka til að kíkja á hann. Atferlisrannsóknir var þessi gægjuþörf kölluð enda maðurinn snöggt undir miðjum aldri sérkennilegur í háttum þar sem hann stjáklaði fram og til baka eftir nokkuð langri göngulínu og vék sér stundum út af línunni snöggt eins og hann væri að missa af einhverju þarna á sandinum.

**ÞAÐ** var vinur minn með sjónaukann sem leysti gátuna. Þá var maðurinn búinn að stappa í tvígang, fórna höndum einu sinni og var þess á milli alltaf lotlegri og lotlegri þegar hann gáði andartak niður fyrir sig: jú hann var að reyna að hringja í símann sinn, ná sambandi og halda því. Og um leið skiptist hópurinn í þá sem höfðu ríka samúð með manngreyinu og hinum sem sýndu kalda fordæmingu á að maðurinn skyldi ekki geta verið án síma á óræfum dagspart þegar ljómi almættisins sindraði allt í kringum hann í grænum vikrinum og sólin skein dátt milli rigningarskúranna.

**ÁKAFAMENN** um mannlegan kontakt í loftinu skildu vanda hans strax. Varla vorum við komin á svæðið og búið að rýma bílana af öllu til nætursetu en símafólkið tékkaði á signalinu og sá að það var nær ekkert, hvernig sem var leitað. Þessi piltur var enn að reyna og hafði ráfað út í auðnina til að sinna kalli um samband við umheiminn. Og gekk illa. Þessvegna var rápað, stappað, starað á jörð og leitað árangurslítið að heita blettinum sem hélt svo illa sambandinu.

**OG Á SVIPSTUNDU** varð ljóst að menn eiga að skilja símana sína eftir þegar lagt er á fjöll eða sitja heima. Þegar til þess kemur í sparnaðaraðgerðum að símakostnaður verður skorinn niður á heimilum og þessu símhringingarugli verður hætt, óþarfinn klipptur af, verð ég manna glaðastur. Sú uppfinning að gefa mönnum kost á látlausu sambandi hvar sem er, hefur aðeins gert eitt: símafyrirtækin geta plokkað af þér enn meiri pening en áður og enn meiri tími fer í kjaftæði þeirra sem af því þjást. Upp er risin í landinu ekki ein kynslóð heldur margar sem sóa fjármunum í erindisleysu. Símafyrirtækin munu gera allt sem í þeirra valdi er til að sannfæra almenning um að masið sé lífsnauðsynlegt.

### GÓÐAN DAG!

Í dag er þriðjudagurinn 18. ágúst 2009, 230. dagur ársins.

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 5.28 | 13.32 | 21.32 |
| Akureyri | 5.03 | 13.17 | 21.27 |

Heimild: Almanak Háskólans


# SPORTBÚÐIN

ódýra veiðibúðin í leiðinni úr bænum



Ron Thompson alklæðnaður í veiðina.
Góðar neoprenvöðlur og vatnsheldur jakki með útöndun.
Fullt verð 40.990. Sumartilboð aðeins 28.980.



Við höfum ekki séð betra verð á spúnum.
aðeins 299 kr. stykkið.



Okuma Airframe fluguhjól.
Sterk og létt "large arbour" fluguhjól með góðri diskabremsu. Fáanleg í tveim stærðum.
Fullt verð 7.995. Sumartilboð aðeins 4.895.



Ron Thomson flotlínur
á ótrúlegu verði.
Aðeins 4.995.



Letingjar, beitubox, flotholt, sökkur, önglar, tökuvarar og allt sem þú þarft í veiðina á góðu verði



Ron Thompson vatnsheldur veiðijakki með fjölda vasa.
Líttu á verðið. Aðeins 12.980



Flugustangir á frábæru verði.
Aðeins frá 5.995.



Þunnar Nylo-Stretch vöðlur með áföstum stígvélum.
Frábært verð. Aðeins 14.995.



Okuma og DAM veiðihjól.
50% afsláttur af völdum hjólum.
Gott úrval og frábært verð.



Hnífasettin komin aftur
Áfram sama góða verðið 4.995

SPORTBÚÐIN
Í leiðinni úr bænum



Góð vesti á góðu verði
Aðeins 4.995 kr.

Krókháls 5 - 110 Reykjavík - 517 8050 - sportbudin.is